



FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

6. nóvember 2006 – 297. tölublað – 6. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 550 5000

MÁNUDAGUR

Enginn sýður betur



Hlynur Guðjónsson er nýbakaður Íslandsmeistari í málmsuðu.

FÓLK 38

Miklu meira en París

Viðamikil frönsk menningarhátíð verður haldin hér á landi, sú fyrsta sinnar tegundar.

MENNING 26




Svona er Alcan í raun

Ísal-Alcan hlýtur að vera óheppnasta fyrirtæki á Íslandi að lenda í því svona sí og æ að ráða mikið af ónothæfu starfsfólki og uppgötva síðan ekki fyrir en eftir jafnvel 30 ár að starfskrafturinn var í raun ónothæfur, segir Jóhannes Gunnarsson.

UMRÆÐAN 21


Ólafur spilaði á ný



Handboltamaðurinn Ólafur Stefánsson lék á laugardag sinn fyrsta leik í nokkrar vikur eftir að hafa verið frá vegna erfiðra axlar-meisla. Hann kennir sér vart meins eftir leikinn.

ÍPRÓTTIR 32

VEÐRIÐ Í DAG



KÓLNANDI - Í dag verður hæg suðlæg átt. Smáskúrir á víð og dreif syðra, en snjó- eða slydduél norðan til. Bjart með köflum fyrir austan. Hiti 0-6 stig, mildast syðst.

VEÐUR 4

Stefna Frjálslyndra í mál- um innflytjenda vekur ugg

Varaformaður Frjálslynda flokksins segir mikinn vanda hafa skapast í málefnum útlendinga hér á landi. Ábyrgðarlaus hræðsluáróður, segir Einar Skúlason. Nýtt ef flokkar ætla í þessa átt, segir Ólafur Þ. Harðarson.

INNFLYTJENDAMÁL Magnús Þór Hafsteinsson, varaformaður Frjálslynda flokksins, segir það hafa verið alvarleg mistök hjá íslenskum stjórnvöldum að fallast á frjálst flæði vinnuafns frá ríkjum Evrópusambandsins í Austur-Evrópu, fyrir á árinu.

„Frjálslyndi flokkurinn setti fram það sjónarmið að íslenskt samfélag væri ekki tilbúið til þess að taka móti öllum þeim fjölda af útlendingum, sem hingað kæmi þegar gefið var grænt ljós á frjálst flæði vinnuafns, 1. maí á þessu ári. Það hefur komið á daginn, að þessu flæði hafa fylgt margvísleg vandamál sem við erum ekki tilbúin að takast á við.“

Drátt fyrir að atvinnuleysi hér á landi hafi verið í lágmarki undanfarnin misseri, og útlendingar sem hingað koma að stærstum hluta með fasta vinnu, segir Magnús Þór vandamál hafa skapast. „Það hefði miklu frekar átt að nýta betur þann mannauð sem fyrir er í landinu. Það er töluvert af fólki sem á erfitt með að fá vinnu hér á landi, til dæmis fólk yfir fimm-

“ Magnús Þór byggir málflutning sinn á hræðsluáróðri sem ekki er til þess fallinn að beina umræðu um innflytjendamál í réttan farveg.

EINAR SKÚLASON
FRAMKVÆMDASTJÓRI ALÞJÓÐAHÚSS

tugu og fólk sem býr við örorku. Auk þess hefði takmörkun á flæðinu haft þensluminnkandi áhrif, og ekki veitir af því. Við Íslendingar þurfum að ræða það hvernig þjóðfélag við viljum skapa og hvort þróunin í málefnum innflytjenda sé æskileg.“

Einar Skúlason, framkvæmdastjóri Alþjóðahúss, segir málflutning Magnús Þórs vera hræðsluáróður. „Magnús Þór byggir málflutning sinn á hræðsluáróðri sem ekki er til þess fallinn að beina umræðu um innflytjendamál í réttan farveg. Kjarni málsins er sá, að

þegar atvinnuástand er gott, eins og það er og hefur verið, þá koma útlendingar hingað til lands að vinna. Ef atvinnuástandið versnar þá koma útlendingar síður. Íslenskt samfélag er orðið háð vinnuframlagi útlendinga, það er staðreynd sem mér finnst eðlilegt að fá meira vægi í umræðunni. Tal Magnúsar Þórs, um að hröð fjölgun útlendinga hér á landi sé að skapa umtalsverðan vanda, er ábyrgðarlaus hræðsluáróður.“

Ólafur Þ. Harðarson, prófessor í stjórnmálafræði, segir það vera stefnubreytingu ef Frjálslyndi flokkurinn ætli sér að feta inn á þá braut sem Magnús Þór boðar í innflytjendamálum. „Hingað til hafa ekki verið stjórnmálaflokkar hér á landi sem styðja við harðar aðgerðir gegn innflytjendum. Í nágrannalöndum okkar eru flokkar sem setja fyrirvara við innflutning útlendinga, og þeim gengur sumum þokkalega. Hugsanlega er því hægt að efla fylgi lítilla flokka með stefnubreytingu í þessa átt.“

- mh



TOGARINN IKKEMUT DREGINN Togari og stálbátur slitnuðu frá festum sínum við Hafnarfjarðarhöfn í óveðrinu í gær. Skipin strönduðu á klöpp en björgunarsveitarmönnum tókst að draga þau aftur að bryggju nokkru seinna. Miklar annir voru hjá öllum björgunarsveitum landsins í gær, en tjón af völdum veðursins var töluvert. Meðal annars lá allt innanlands- og milli-landaflog niðri fram eftir degi vegna hvassviðris.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Vindhviður náðu allt að fimmtíu metrum á sekúndu í ofsaveðri í gær:

Flugvöllum lokað í hvassviðri

VEÐUR Aftarkaveður olli miklu tjóni um allt land í gær. Millilanda- og innanlandsflug lá niðri fram eftir degi og má búast við seinkunum á millilandaflugi í dag. Þrjú skip slitu landfestar, tvö í Hafnarfirði og eitt á Skagaströnd. Rúður brotnuðu í bílum í grjótfoki á Möðrudalsöræfum. Ekki er vitað til þess að nein teljandi slys hafi orðið á fólki.

Samkvæmt upplýsingum frá

Veðurstofu náðu vindhviðurnar allt að fjörutíu metrum á sekúndu við Snæfellsnes og á Grundarfirði og slöguðu upp í þrjátíu metra á sekúndu víðs vegar um landið. Hringveginum var lokað um nokkra stund við Blönduós vegna ofsaveðurs.

„Þessi lægð er búin að vera í spánum í allmarga daga og það er strax á miðvikudag sem maður fór að sjá að það yrðu einhver

tíðindi um helgina,“ segir Sigurður Þ. Ragnarsson, veðurfræðingur á NFS. „Sem betur fer hefur veðrinu slotað en þetta er atburður sem maður setur í bækurnar.“

Að sögn Ólafar Snæhólm Baldursdóttur, upplýsingafulltrúa Slysavarnafélagsins Landsbjargar, höfðu björgunarsveitarmenn sinnt hátt í tvö hundruð útköllum um hádegisbil í gær.

- sjs

Tilhugalíf dýra: Svanur felldi hug til plastbáts

ÞÝSKALAND Svartur svanur í Þýskalandi hefur felldi hug til hjólabáts úr plasti sem er í laginu eins og svanur. Elskendurnir hafa nú verið færðir í dýragarð og munu eyða vetrinum þar saman. Peter Overschmidt, eigandi bátsins, ákvað að hýsa bátinn ekki innandyra í vetur eins og hann gerir venjulega og fær svanurinn því að vera í návistum við hinn fótknúna elskhuga næstu mánuðina.


Líffræðingur í Münster í Þýskalandi segir svaninn, sem gengur undir nafninu Svarti Pétur, hafa sýnt öll merki þess að vera í tilhugalífinu þegar hann hringsóladi kringum bátinn. Svarti Pétur starði endalaust á bátinn og gaf frá sér ástarhljóð.

- hs

Veldu **hollustu og dekur** í dagsins önn

meistarinn.is

www.meistarinn.is





Sigurður, flýgur fiskikarið í Sandgerði?

„Já, í tvennum skilningi. Annars vegar vegna óveðursins og hins vegar vegna aukins fiskiafla eftir að kvótinn hvarf.“

Fiskikör flugu um loftin blá í Sandgerði í aftakaveðrinu í gær. Sigurður Valur Ásbjarnarson er bæjarstjóri í Sandgerði.

Komst út af sjálfsdáðum:

Eldur kom upp í fjölbýlishúsi

LÖGREGLUMÁL Eldur kom upp í íbúð fjölbýlishúss á Akureyri í gærmorgun. Íbúi hafði gleymt potti á eldavel og vaknað við væl reykskynjara. Hann komst út af sjálfsdáðum. Lögregla og slökkvilið ræstu íbúðina sem var þá orðin full af reyk. Eitthver tjón hlaut af vegna reyksins en betur fór en á horfðist.

Björgunarsveitir aðstoðuðu bæði lögreglu og almenning í tugum atvika sem tengdust hvassviðrinu sem gekk um mestallt land.

- sps



SIGURVISS Daniel Ortega ásamt eiginkonunni Rosario Murillo á kjörstað í Managua í gær.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Forsetakosningar í Níkaragva: Ortega í forystu

NÍKARAGVA, AP Kjósendur í Miðameríkúríkinu Níkaragva biðu í gær í löngum biðröðum eftir að fá að kjósa í forsetakosningum, sem Daniel Ortega, gamla sandínistaleiðtoganum sem stjórnaði landinu megnið af níunda áratugnum, var spáð góðu gengi í.

Aðeins var talinn leika vafi á hvort Ortega fengi strax í fyrri umferð kosninganna nægilegt fylgiskot til þess að ekki þyrfti að koma til úrslitaumferðar þar sem kosið yrði milli hans og þess frambjóðanda sem næstflest atkvæði hlýtur. Í síðustu skoðanakönnunum fyrir kosningar var Eduardo Montealegre, Harvardmenntaúr aðmaður, eini maðurinn sem komst nálægt Ortega í fylgi. Úrslitin eiga að verða ljós í dag.

- aa

Kjaraviðræður Félags grunnskólakennara og Launanevndar sveitarfélaga:

Samningaviðræður í hnút

KJARAMÁL Fulltrúar Félags grunnskólakennara og Launanevndar sveitarfélaga hafa hist á fimm árangurslausum fundum til að ræða breyttar forsendur kjarasamnings kennara vegna greinar 16.1 í kjarasamningnum.

Í grein 16.1 er gert ráð fyrir að viðræður verði teknar upp fyrir 1. september 2006 breyttist almenn efnahags- eða kjarapróun í þjóðfélaginu.

Ólafur Loftsson, formaður Félags grunnskólakennara, segir að við gerð síðasta kjarasamnings hafi verið gert ráð fyrir 3-4 prósentu verðbólgu en að hún hafi nú farið yfir þau mörk sem reiknað

var með. „Þá fara aðilar FG fram á svipaða kjaraleiðréttingu og aðrir hópar í þjóðfélaginu hafa fengið.“

Ólafur vildi ekki ræða efnislega hvað Launanevnd sveitarfélaga hefði boðið eða hvaða leiðréttingu FG hefði farið fram á.

Um síðustu mánaðamót ritaði stjórn kennarafélags Reykjavíkur Vilhjálmur Þ. Vilhjálmssyni borgarstjóra bréf þar sem hún lýsti sig tilbúna til viðræðna vegna greinar 16.1 í kjarasamningnum.

Vilhjálmur hefur móttekið bréfið. Hann vísaði því til Launanevndarinnar.

- hs



ÓLAFUR LOFTSSON Aðilar FG fara fram á svipaða kjaraleiðréttingu og aðrir hópar í þjóðfélaginu hafa fengið.

Saddam Hussein dæmdur til dauða

Dauðadómi sem í gær var kveðinn upp yfir Saddam Hussein misjafnlega tekið. Fögnumur í röðum íraska sjá-múslima sem stjórn Saddams ofsótti, en talsmenn súnnía spáðu blóðbaði sem yrði á ábyrgð núverandi ríkisstjórnar.

ÍRAK, AP Saddam Hussein, fyrrverandi Íraksforseti, var í gær dæmdur til dauða fyrir glæpi gegn mannkyni. Dómurinn leiddi til lykta fyrsta réttarhaldið af mörgum yfir einræðisherranum fyrrverandi, en það var fyrir ábyrgð hans á drápum á 148 manns í bænum Dujail árið 1982. Til drápanna var efnt í hefndarskyni fyrir tilraun til að ráða Saddam af dögum, sem rakið var til manna í Dujail sem voru virkir í andspyrnuhreyfingu gegn stjórn Saddams á sínum tíma.

Er dómurinn var kveðinn upp hrópaði Saddam „Guð er mikill“. Dauðadómar voru einnig kveðnir upp yfir hálfbróður hans og öðrum manni sem var háttsettur í Íraksstjórn á sínum tíma. „Lengi lifi (íraska) þjóðin og dauði yfir óvinum hennar. Lengi lifi hin dýrlega þjóð, og dauða yfir óvinum hennar!“ hrópaði Saddam.

Nouri al-Maliki, forsætisráðherra Íraksstjórnar, sem er sjá-múslimi, lýsti dómnum sem dómi sögunnar yfir heilu sögulegu tímabili. „Þetta er dómur yfir heilu myrku tímabili sem á sér ekki hliðstæðu í sögu Íraks,“ sagði hann. Réttarhaldið stóð yfir í níu mánuði og lauk fyrir meira en þremur mánuðum, en í millitíðinni er hafið annað réttarhald yfir Saddam og fleiri sakborningum, og snýst um fjöldamorð á Kúrdum með efnavopnum á níunda áratugnum.

Sumir lýstu áhyggjum af því að dauðadómarinn kynni að verka sem olía á eld átaka stríðandi fylkinga trúar- og þjóðernishópa í



MISJÖFN VIÐBRÖÐ Íbúar borgarinnar Samarra norður af Bagdad mótmæla dauðadómunum yfir honum í gær. Öttast er að dómurinn verði olía á eld átaka ólíkra fylkinga í landinu.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Írak. Strax í gær brutust út átök í hverfi súnnía í norðurhluta Bagdad. Annars staðar í höfuðborginni skutu menn upp í loftið til að fagna dómnum.

„Þessi ríkisstjórn verður ábyrg fyrir afleiðingunum, dauða þeirra hundruða, þúsunda eða jafnvel hundruða þúsunda manna, hverra blóði verður úthellt,“ sagði Salih al-Mutlaq, stjórnmalaleiðtogi súnní-múslima, í samtali við sjónvarpsfréttastöðina al-Arabiya.

Á götum Dujail, þar sem um 84.000 manns búa, flestir sjjar, brutust út mikil fagnaðarlæti. Myndir af einræðisherranum fyrrverandi voru brenndar og

„mikið skotið upp í loftið.“

Dauðadómarinn fara sjálfkrafa í áfrýjunarferli. Níu manna sérskipaður áfrýjunardómstóll hefur ótakmarkaðan tíma til að fara yfir dómnum.

Verði dómarnir staðfestir verður að framfylgja þeim innan 30 daga frá þeim úrskurði.

Talsmaður Evrópusambandsins hvatti til þess í gær að dauðadómunum yrði ekki framfylgt en talsmaður Hvíta hússins sagði Bandaríkstjórn þess fullvissa að Bandaríkjaher muni, í félagi við írösk yfirvöld, geta ráðið niðurlögum átaka sem fylgja kunni í kjölfar dómans. audunn@frettabladid.is

- mh

Framsókn í Suðurkjördæmi: Prófkjör verður haldið í janúar

PRÓFKJÖR Prófkjör framsóknarmanna í Suðurkjördæmi fer fram 20. janúar 2007. Þetta var ákveðið á kjördæmaþingi framsóknarmanna í Suðurkjördæmi sem haldið var nú um helgina.

Kosið verður um sex efstu sæti framboðslistans og er sú kosning bindandi.

Guðni Ágústsson landbúnaðarráðherra sækist eftir fyrsta sæti listans. Þá sækjast Hjálmar Árnason, formaður þingflokks Framsóknarflokksins, Bjarni Harðarson, Eygló Þóra Harðardóttir og Björn B. Blöndal eftir framboði í annað sætið.

- hs



SÉB YFIR STÍFLUSTÆÐIÐ OKTÓBER Myndin er tekin um miðjan október.

FRÉTTABLAÐIÐ/EMIL

Vatnssöfnun í Hálslón:

Nánast enginn leki við stífluna

KÁRAHNJÚKAR Lekinn í gegnum Kárahnjúkastíflu er margfalt minni heldur en reiknað var með í upphaflegum áætlunum, segir Sigurður Arnalds, talsmaður Landsvirkjunar vegna Kárahnjúkavirkjunar.

„Lekinn er sáralítill og mælist innan við 10 lítrar á sekúndu. Við bjuggumst alveg eins við því að lekinn gæti orðið margfalt meiri en þetta og mælst í hundruðum lítra. Þetta sýnir að frágangurinn á stíflunni er fyrsta flokks.“

- mh

Prófkjör í Suðurkjördæmi:

Talning fer fram í dag

PRÓFKJÖR Talning atkvæða í prófkjöri Samfylkingarinnar í Suðurkjördæmi, sem fara átti fram í gær, var frestað til klukkan tvö í dag þar sem kjörgögn bærust ekki frá Vestmannaeyjum til lands vegna veðurs. Alls kusu um 1.100 manns í Vestmannaeyjum.

Yfirkjörstjórn Samfylkingarinnar í Suðurkjördæmi ákvað á fundi sínum um sjö leytið í gærkvöld að fresta talningunni þar sem telja þarf öll atkvæðin á sama stað, samkvæmt reglum flokksins.

Alls kusu 5.146 í prófkjörinu sem að sögn Kristins M. Bárðarsonar, formanns kjördæmisráðs Samfylkingarinnar, var meira en „bjartsýnustu menn þorðu að vona“.

- mh

BÍLL DAGSINS

NISSA ALMERA LUXURY

Nýskr. 11.00 - Beinskiptur - Ekinn 97 þús. km. - Allt að 100% lán.



Ingvar Helgason

NOTAÐIR BÍLAR

Opíð: Alla virka daga kl. 9:00-18:00 og laugardaga kl. 12:00-16:00. Sími: 525 8020.

Deilt er um verðmætamat á Landsvirkjun meðal fulltrúa í borgarstjórn:

Aldrei heyrt um 90 milljarða

LANDSVIRKJUN Sigurður Snævarr borgarhagfræðingur segir hvorki borgaryfirvöld í Reykjavík né viðskiptaráðgjöf Par X IBM kannast við verðmætamat á Landsvirkjun upp á 91,2 milljarða króna. Dagur B. Eggertsson, oddviti Samfylkingarinnar í borgarstjórn, segir borgarstjórn hafa samþykkt að selja Landsvirkjun á allt að fimmtán milljarða lægra verði en verðmat hefði gefið tilefni til.

Sigurður segir þetta rangt hjá Degi og ekki í takt við það mat sem stuðst hefði verið við þegar borgaryfirvöld áttu í samningum við íslenska ríkið um verð á Landsvirkjun. „Ef Landsvirkjun hefur verið metin á rúmlega 90 milljarða króna í tíð R-listans, þá spyr maður sig hvers vegna ákveðið var að selja ekki hlutinn. Steinunn Valdís Óskarsdóttir, fyrrverandi borgarstjóri, segir Landsvirkjun hafa verið metna á 56 milljarða, þegar slitnaði upp úr viðræðunum, og ástæðan fyrir því að hún vitnar til þeirrar tölu er sú að það er rétt tala,“ segir Sigurður.

Sigurður segir ýmis verð hafa verið reiknuð út á grundvelli breytilegra forsenda, þegar unnið var að verðmati á Landsvirkjun, en ekki sé hægt að bera



SIGURÐUR SNÆVARR Kannast ekki við verðmat upp á 90 milljarða.



DAGUR B. EGGERTSSON Segir Landsvirkjun hafa verið seld á undirverði.

saman óskyld verðmöt þegar horft sé til heildarverðmats á fyrirtækinu. „Eg get mér þess til, þó ég kannast ekki við þetta verðmat sem vitnað hefur verið til, að stuðst sé við mat sem ekki byggir á réttum forsendum og sé því ekki samanburðarhæft við verðið sem hluturinn seldist á.“

- mh



Tala meira. Borga minna.

0,00 kr./mín.
Hringt í SKO GSM síma.

14,90 kr./mín.
Hringt í aðra GSM og heimasíma.

SMS 4,90 kr.
í alla GSM síma á Íslandi.

www.sko.is

SKO býður jafngóða GSM þjónustu og hin símafyrirtækin, innanlands og erlendis. Eini munurinn er lægra verð! Það kostar EKKERT að færa GSM símanúmerið til SKO. Þú skráir þig í þjónustuna á www.sko.is.

SKO
ÓDÝRA SÍMAFÉLAGIÐ

GJALDMIÐLAR	KAUP SALA
Bandaríkjadalur	67,56 67,88
Sterlingspund	129,00 129,62
Evra	86,25 86,73
Dönsk króna	11,568 11,636
Norsk króna	10,464 10,526
Sænsk króna	9,389 9,445
Japanskt jen	0,5766 0,5800
SDR	100,28 100,88

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR
119.2079
HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Ríkisendurskoðun mælti með gerð þjónustusamninga í stjórnsýsluúttekt á þjónustu við aldraða:

Heilbrigðisráðuneytið hunsar tilmæli

HEILBRIGÐISMÁL Ríkisendurskoðun gerði stjórnsýsluúttekt á þjónustu við aldraða árið 2005 þar sem meðal annars var mælt til þess að ríkið gerði þjónustusamninga við dvalar- og hjúkrunarheimili. Ekkert hefur verið aðhafst í þeim málum enn. Siv Friðleifsdóttir, heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra, segir slíka þjónustusamninga ekki á döfinni.

„Ég get ekki svarað fyrir það hvers vegna þetta hefur ekki verið gert,“ segir Sigurður Þórðarson ríkisendurskoðandi. „Við höfum farið í þessi mál sem varðar þjónustu við aldraða. Í stjórnsýsluúttekt okkar síðan í fyrra kemur fram að við teljum stjórnvöld þurfa að setja fram kröfur um lágmarksþjónustu öldrunarheimila sem rekin eru fyrir opinber framlög.“

Hann segir að slíkt veitti heimilunum aukið



HRAFNISTA Heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra segir ekki á döfinni að gera þjónustusamninga við dvalar- og hjúkrunarheimili. Ríkisendurskoðun gerði stjórnsýsluúttekt á þjónustu við aldraða árið 2005. Sigurður Þórðarson er ríkisendurskoðandi.



aðhald og stuðlaði að auknu jafnrétti fyrir þá sem þar dvelja, auk þess sem eðlilegt megi telja að ríkið viti hvaða þjónustu það greiðir fyrir.

Eins og fram kom í Fréttablaðinu í gær segir Siv Friðleifsdóttir ekki á döfinni að gera

þjónustusamninga við dvalar- og hjúkrunarheimili. Bæði hafi landlæknir eftirlit með því að þjónustan sem greitt er fyrir sé veitt og einnig sé í gildi gæðakerfi sem greitt er eftir.

- sfs

Rok í Reykjavík:

Tré rifnaði upp með rótum

ÓVEÐUR Eitt elsta tré Reykjavíkurborgar við Sóleyjargötu rifnaði upp með rótum í óveðrinu í gær og féll á tvo bíla. Bifreiðarnar voru mannláusar þegar tréð féll en skemmdir urðu nokkrar. Lögregla og björgunarlið fóru á staðinn og fjarlægðu tréð. Að undanskildum biflunum olli tréð ekki öðru tjóni.

Þó nokkuð var um önnur útköll í Reykjavík vegna smáfoks. Helst var um að ræða lausamuni úti við sem ekki höfðu verið festir nægilega vel. Að sögn talsmanns lögreglunnar í Reykjavík voru útköll vegna veðurs hátt í fjórutíu um hádegisbil í gær.

Flug lá niðri og skip slitnuðu úr festum í aftakaveðri

Innanlands- og millilandaflug lá niðri fram eftir degi í gær vegna óveðurs. Skipsfestar slitnuðu, bílrúður brotnuðu í grjótfoki og hjólhýsi fuku. Björgunarsveitarmenn sinntu um tvö hundruð útköllum.

VEÐUR Aftakaveður olli miklu tjóni um allt land í gær. Millilanda- og innanlandsflug lá niðri fram eftir degi og má búast við seinkunum á millilandaflugi í dag. Þrjú skip slitu landfestar, tvö í Hafnarfirði og eitt á Skagaströnd. Rúður brotnuðu í bílum í grjótfoki á Möðrudalsöræfum. Ekki er vitað til þess að nein teljandi slys hafi orðið á fólki.



TRAMPOLÍN Í TRÉ Meðal þess sem fuk um víðan völl í gær voru trampólín. Lögregla og björgunarsveitarmenn unnu sleitulaust við að aðstoða þá sem urðu fyrir barðinu á óveðrinu í gær.

Keflavíkurlugvelli var lokað vegna veðurs í gærmorgun og öllu flugi til landsins beint til Glasgow, en slíkt hefur ekki gerst í fjögur ár. Hundruð farþega biðu í Leifstöð eftir að flug hæfist á ný, sem gerðist upp úr klukkan þrjú. Innanlandsflug lá niðri í gærdeg og hófst ekki á ný fyrr en í gærkvöldi.

Nokkuð var um að skip slitnuðu frá í óveðrinu. Um níuleytið í gærmorgun var tilkynnt um tvö skip, togara og stálbát, sem rak frá bryggju í Hafnarfirði og strönduðu á klöpp. Björgunarsveitarmenn og starfsmenn hafnarinnar unnu við að koma þeim aftur upp að bryggju og var því lokið seinnipartinn. Togarinn Margrét SK-20 slitnaði einnig frá bryggju á Skagaströnd en björgunarsveitarmenn náðu að binda skipið við bryggju á ný.

Fljúgandi grjót braut rúður í fólksbílum sem voru á ferð á Möðrudalsöræfum snemma í gær. Björgunarsveitarbíl Landsbjargar varð einnig fyrir skemmdum vegna grjótfoks þegar hann

Sigurður P. Ragnarsson:

Slæmt þegar kalt loft mætir hlýju

VEÐUR „Það sem gerist er að lægð, sem var rétt við landsteinana, er með mjög kalt loft norðan við sig og mjög hlýtt loft sunnan við sig. Þegar slíkar aðstæður fara saman, að ískalt loft mætir hlýju lofti, þá er fjandinn laus,“ segir Sigurður Þ. Ragnarsson, veðurfræðingur hjá NFS, um óveðrið í gær.

„Þessi lægð er búin að vera í spánum í allmarga daga og það var strax á miðvikudag sem maður fór að sjá að það yrðu einhver tíðindi um helgina. Sem betur fer hefur veðrinu slotað en þetta er atburður sem maður setur í bækurnar.“

Hvasst í Vestmannaeyjum:

Veidikofi fuk út í hafsauga

Svo hvasst var í Vestmannaeyjum í gær að veidikofi fuk út í sjó. Kofinn var í eyjunni Hana, sem er rétt við eyjarnar Hænu og Grasleysu, og hafði staðið þar síðan 1984. Hann var byggður eftir að sá fyrri kofi á stórvíðri.

Ný kofinn var mun ofar á eyinni en sá gamli, í um tuttugu metra hæð yfir sjávarmáli. Það var gert til þess að forða honum frá sjávarrótinu en þó fór ekki betur en svo að hann fuk í stórvíðrinu sem gekk yfir landið í gær. Að öðru leyti var tjón vegna veðursins í Vestmannaeyjum óverulegt.



kom á staðinn til aðstoðar. Veginum var lokað upp úr hádegisbil vegna veðurofsans og var ekki opnaður aftur fyrr en í gærkvöld.

Lögregla og björgunarsveitarmenn um land allt áttu fullt í fangi með að aðstoða þá sem urðu fyrir barðinu á óveðrinu. Meðal annars losnuðu þakplötur af húsum, hjólhýsi fuku um koll og fiskikör ásamt öðrum lauslegum munum fuku. Að sögn Ólafar Snæhólm Baldursdóttur, upplýsingafulltrúa Slysavarnafélagsins Landsbjargar, höfðu björgunarsveitarmenn sinnt hátt í tvö hundruð útköllum um hádegisbil í gær. Talsmaður lögreglunnar í Reykjavík beinir þeim tilmælum til fólks að ganga betur frá lausum hlutum úti við enda hefði verið vitað af óveðrinu nokkru áður en það skall á.

salvar@frettabladid.is

LÖGREGLUFRÉTTIR

Bílvelta á Öxnadalshéiði

Bill valt á Öxnadalshéiði í gær. Að sögn lögreglu var krapi á veginum og fuk bíllinn hreinlega af veginum í veðurofsanum. Bílstjórinn var einn í bílnum og slapp lítið meiddur.

4. SÆTI

Ágúst Ólafur Ágústsson
varaformaður Samfylkingarinnar

„Svo maður hrósi nú einhvern tíma einhverjum, þá hefur sá ungi þingmaður flutt furðu mörg góð mál á þinginu.“
Illugi Jökulsson í pistli í *Blaðinu* 21. okt. 2006


- **Afnám fyrningarfresta í kynferðisafbrotum gegn börnum** — 22.000 undirskriftir hafa safnast til stuðnings frumvarpinu
- **Löggjöf um óháðar rannsóknarnefndir**
- **Löggjöf gegn heimilisofbeldi**
- **Aukin vernd heimildarmanna fjölmiðla**



Traustur efnahagur — aukin velferð | www.agustolafur.is

VEÐURSPÁ

um hádegi »



um hádegi »

Kaupmannahöfn	13°C alskýjað	London	13°C léttskýjað	Alicante	22°C skúrir
Þórshöfn	9°C skúrir	Paris	13°C alskýjað	Barcelona	20°C heiðskirt
Oslo	6°C hálfskýjað	Frankfurt	12°C skúrir	Algarve	22°C skúrir
Stokkhólmur	7°C hálfskýjað	Friedrichshafen	9°C léttskýjað	Krit	17°C hálfskýjað
Gautaborg	13°C alskýjað	Berlín	13°C skúrir	Las Palmas	26°C hálfskýjað

* Vindhraði er í metrum á sekúndu.

Á háu nótnum

Hæsta ávöxtunin – einu sinni enn

Hinn og haf / SIA - 9061024



Enn einu sinni bjóða SPRON Verðbréf langhæstu ávöxtun sambærilegra sjóða á markaði eða **15,43%***

Um er að ræða **Peningamarkaðssjóð SPRON**.
Markmið sjóðsins er að ná góðri ávöxtun og áhættudreifingu. Hentar hann því vel fyrir þá sem vilja ekki taka mikla áhættu en fá samt stöðuga ávöxtun. Enginn kostnaður fylgir því að fjárfesta í sjóðnum og inneignin er laus samdægurs.

Kynntu þér málið nánar á www.spronverdbref.is

 **spron**
VERÐBRÉF

Vegmúla 2 – 108 Reykjavík – 550 1310 – verdbref@spron.is – www.spronverdbref.is

*Nafnávöxtun miðast við september–október 2006 á ársgrundvelli.

Peningamarkaðssjóður er fjárfestingarsjóður skv. lögum nr. 30/2003 um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði. Rekstrarfélag sjóðsins er Rekstrarfélag SPRON. Útboðslýsingu má nálgast á heimasíðu SPRON Verðbréfa www.spronverdbref.is.
Athygli er vakin á að fjárfestingarsjóðir eru áhættumeiri fjárfestingakostur en verðbréfasjóðir skv. lögum.



Ert þú flughrædd(ur)?

Já 28%
Nei 72%

SPURNING DAGSINS Í DAG:

Hefur þú kosið í prófkjöri í ár?

Segðu skoðun þína á visir.is



Ungur karlmaður dæmdur í tólf mánaða fangelsi fyrir stórfellda líkamsárás:

Stakk mann fimm sinnum

DÓMSMÁL Rúmlega tvítugur karlmaður var á föstudaginn dæmdur til tólf mánaða fangelsisvistar í Héraðsdómi Reykjavíkur fyrir að stinga annan mann fimm sinnum. Þar af eru níu mánuðir dómsins skilorðsbundnir.

Mönnum tveimur hafði lent saman inni á skemmtistaðnum Gauki á Stöng í mars á þessu ári. Þeim átökum lauk með því að fórnarlambinu var vísað út af skemmtistaðnum. Hinn ákærði fylgdi eftir stuttu síðar og veittist þá fórnarlambið að honum að nýju. Slagsmálin leiddust inn í sund á bak við nærliggjandi veitingastað og er talið að ákærði hafi stungið mann-



GAUKUR Á STÖNG Átök manna hófust inni á skemmtistaðnum. Þeim lauk í nálægu sundi með því að hinn ákærði stakk fórnarlamb sitt fimm sinnum.

inn þar fimm sinnum með litlum vasahnífi. Fórnarlambið hlaut fjögur stungusár á baki og eitt í síðu. Stungurnar ristu þó grunnt og mað-

urinn var útskrifaður af spítala daginn eftir.

Í niðurstöðu héraðsdóms kom fram að hinn ákærði hefði verið undir áhrifum fíkniefna þegar hann framdi brot sitt. Hann hafi sýnt mikla iðrun frá því að atburðurinn átti sér stað og sýnt vilja til að taka sig á. Hann hefði meðal annars látið af fíkniefnaneyslu, væri kominn í sambúð og hefði leitað sér aðstoðar geðlæknis. Þá væri það honum til refsilækkunar að afleiðingar árárarinnar voru ekki alvarlegar.

Auk fangelsisdómsins var maðurinn dæmdur til að greiða fórnarlambi sínu á fjórða hundruð þúsund krónur í skaðabætur.

- þsj

Háskólinn í Reykjavík: Rektor ráðinn í lok mánaðarins

SKÓLAMÁL Ekki liggur enn ljóst fyrir hver staðgengill dr. Guðfinnu Bjarnadóttur, rektors við Háskólann í Reykjavík, verður. Eins og fram hefur komið fer Guðfinna í launalaust leyfi vegna framboðs fyrir alþingiskosningar næsta vor. **Bjarni Ármannsson, bankastjóri og formaður Háskólaráðs, vildi ekkert segja um málið að svo stöddu. Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins verður nýr rektor ráðinn í lok mánaðarins. Guðfinna hefur gegnt starfi rektors frá því Háskólinn í Reykjavík var stofnaður árið 1998.**

- rh

Kjós um unga konu til áhrifa



kyntu þér stefnumálin á www.bryndisisfold.com

Bryndís Ísfold **6.** sæti

Bryndís Ísfold Hlökkversdóttir býður sig fram í 6. sæti í prófkjöri Samfylkingarinnar í Reykjavík, 11. nóvember nk.



GUNNAR OG ÁRNI PÁLL TAKAST Í HENDUR Gunnar Svavarsson og Árni Páll Arnason sjást hér takast í hendur á kosningavöku Samfylkingarinnar á Fjörúkránni. Gunnar, sem er bæjarfulltrúi Samfylkingarinnar í Hafnarfirði, leiðir lista flokksins en Árni Páll endaði í 4. sæti.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Gunnar leiðir lista Samfylkingarinnar

Gunnar Svavarsson leiðir lista Samfylkingarinnar í Suðvesturkjördæmi en hann fékk 46 atkvæðum meira en Þórunn Sveinbjarnardóttir í 1. sætið. Afburða hæft fólk á listanum sem getur náð góðum árangri segir Gunnar.

PRÓFKJÖR Gunnar Svavarsson, verkfræðingur og bæjarfulltrúi í Hafnarfirði, sigraði í prófkjöri Samfylkingarinnar í Suðvesturkjördæmi. Hann hlaut 1.376 atkvæði í 1. sæti en 4.996 kusu í opnu prófkjöri flokksins.

Gunnar segist líta á fimmta sætið á listanum sem baráttusæti í kosningunum næsta vor. „Prófkjörið heppnaðist vel og var flokknum til sóma. Ég er ánægður með þann mikla stuðning sem ég fékk en fyrst og fremst er það heillavænlegt fyrir flokkinn að hafa stillt upp afburða hæfu fólki til þess að undirbúa flokkinn fyrir mikilvægar kosningar í vor. Ég hef þá trú að fimmta sætið verði baráttusætið og ég er viss um að við getum náð því markmiði.“

Katrín Júlíusdóttir stefndi að 2. sætinu í prófkjörinu og náði því örugglega. Hún hlaut 2.268 atkvæði í 1. til 2. sætið en Þórunn Sveinbjarnardóttir, sem bauð sig fram í

1. sætið, hlaut 2.353 atkvæði í 1. til 3. sætið.

Hún segist sátt við niðurstöðuna. „Ég fagna þessari niðurstöðu og lít á hana sem ákveðinn móralskan sigur fyrir mig. Ég fékk góða kosningu í fyrsta sætið og er þakklát fyrir stuðninginn sem ég fékk í kjördæminu. Ég hef fulla trú á því að Samfylkingin geti náð góðum árangri í kosningunum næsta vor með þennan vel mannaða lista.“

Mikil spennan var á kjörstað en kosningavaka Samfylkingarinnar fór fram á Fjörúkránni í Hafnarfirði. Samtals munaði 46 atkvæðum á Gunnari og Þórunni í efsta sætið en vegna sterkrar stöðu Katrínar í 2. sæti féll Þórunn niður í þriðja sætið.

Eftir fyrstu tölur, sem tilkynntar voru eftir talningu 1.500 atkvæða, hafði Gunnar forystuna, Katrín var í öðru sæti og Þórunn því þriðja. Þegar næstu tölur voru tilkynntar, er 2.200 atkvæði höfðu

verið talin, höfðu Þórunn og Gunnar sætaskipti en það snerist við þegar tilkynnt var um niðurstöðuna eftir talningu allra atkvæða.

Guðmundur Steingrímsson, sem bauð sig fram í fjórða sætið, var afar ánægður með niðurstöðuna. „Þessi niðurstæða er stór sigur fyrir mig og mínar pólitísku hugsjónir. Það kom mér á óvart hversu mikinn hljómgrunn mínar hugmyndir fengu hjá félagshyggjufólki alls staðar í kjördæminu. Ég er sannfærður um að Samfylkingin getur náð góðum árangri í kosningunum næsta vor og ég er þegar farinn að

Valdimar Leó Friðriksson alþingismaður var ekki á meðal átta efstu frambjóðendanna í prófkjörinu. Hann var ekki tilbúinn til þess að tjá sig um niðurstöðuna þegar Fréttablaðið leitaði til hans en sagðist ætla að halda áfram pólitísku starfi. „Ég er ekki hættur í pólitík,“ var það eina sem Valdimar sagði.

magnush@frettabladid.is

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, formaður Samfylkingarinnar:

Glæsilegur fimm manna hópur

„Þetta er glæsilegur fimm manna hópur sem leiðir listann,“ segir Ingibjörg Sólrún og að það sé jákvætt hve mikil breidd sé í hópunum en úrslitin séu ekki mjög óvænt. „Gunnar er vel að sigrinum kominn og hann hefur unnið mikið og fórnúst starf fyrir flokkinn.“

Þegar Ingibjörg er spurð um rýran hlut Valdimars Leós, sitjandi þingmanns, segir hún alltaf ákveðin vonbrigði þegar þingmenn ná ekki sætinu sínu aftur. „Þess ber hins vegar að geta að Valdimar kom

inn sem varamaður fyrir Guðmund Árna og því má segja að hann sé í

annarri stöðu en ef hann hefði verið í öruggu þingsæti.“

- hs



INGIBJÖRG SÓLRÚN GÍSLADÓTTIR

ÚRSLIT PRÓFKJÖRSINS

1. Gunnar Svavarsson 1376 atkvæði í 1. sætið
2. Katrín Júlíusdóttir 2268 atkvæði í 1. til 2. sæti
3. Þórunn Sveinbjarnardóttir 2353 í 1. til 3. sæti
4. Árni Páll Arnason 1950 atkvæði í 1. til 4. sæti
5. Guðmundur Steingrímsson 2038 í 1. til 5. sæti
6. Tryggvi Harðarson 1586 atkvæði í 1. til 6. sæti
7. Sonja B. Jónsdóttir 2047 atkvæði í 1. til 7. sæti
8. Jakob Frímagnússon 2065 atkvæði í 1. til 8. sæti

REYKJAVÍK.COM
REYKJAVÍK MAG

120 ¹⁸⁸⁶/₂₀₀₆

Farandleikhús Landsbankans HÁTÍÐARSTEMNING HRINGINN Í KRINGUM LANDIÐ

Sýningin Brot úr sögu banka

Við fögnum áfram 120 ára afmæli okkar og höldum hátíð í útibúum Landsbankans í Árbæ, Þorlákshöfn og á Akranesi:

Þriðjudaginn 7. nóv. kl. 11:30 í Þorlákshöfn

Þriðjudaginn 7. nóv. kl. 15:30 í Árbæ

Miðvikudaginn 8. nóv. kl. 15:30 á Akranesi

Veitingar í boði og allir hjartanlega velkomnir.

Athugið að þetta eru allra síðustu sýningar!

Þökkum frábærar viðtökur!



Landsbankinn

Banki allra landsmanna í 120 ár



Sproti laumar sér með í farandhópinn og syngur, dansar og skemmtir börnunum að sögusýningunni lokinni.

VEISTU SVARIÐ?



1 Hvaða fyrrverandi einræðisherra var dæmdur til dauða í gær?

2 Hversu gömul er Eiðakirkja?

3 Hver er í öðru sæti á framboðslista framsóknarmanna í Suðvesturkjördæmi?

SVÖRIN ERU Á BLAÐSÍÐU 38

Pýsk fréttastofa segir stjórnvöld endurskoða hvalveiðar í ljósi markaðsmála:

Hvalveiðar eru eins og bílasala

HVALVEIÐAR Ein virtasta fréttastofa Evrópu, DPA í Þýskalandi, hefur eftir Stefáni Ásmundssyni, skrifstofustjóra sjávarútvegsráðuneytisins, að Íslendingar gætu þurft að endurskoða afstöðu sína til atvinnuhvalveiða ef ekki verður hægt að selja kjötið á erlendum mörkuðum. Stefán segist ekki hafa átt við að stjórnvöld væru að meta hvort eigi að endurmeta leyfi til atvinnuhvalveiða vegna markaðsskorts.

„Það sem ég var að segja var að þetta er atvinnustarfsemi eins og heldur utan um markaðsmálin. Auðvitað heldur hann ekki áfram ef hann hefur ekki markaði,“ segir



HVALKJÖT Markaðsmál hvalaafurða eru mikið í umræðunni og sitt sýnist hverjum.

Stefán. DPA hefur einnig eftir Stefáni í viðtalinu að hvalveiðar séu ekkert ólíkar bílasölu; ef framleiðandi hefur ekki kaupendur að bílunum þá hætti hann framleiðslu.

Einar K. Guðfinnsson sjávarútvegsráðherra segir að stjórnvöld komi ekkert að því að taka ákvörðun um að stöðva veiðarnar á markaðsforsendum. Það verði sjálfhætt ef ekki er rekstrargrundvöllur. „Sá sem annast veiðina ber ábyrgð á sölu afurðanna eins og í öllum öðrum greinum sjávarútvegs. Það segir sig sjálft að ef

hvalveiðar verða ekki arðbærar þá verða þær ekki stundaðar frekar en aðrar óarðbærar atvinnugreinar.“

- shá

Framkvæmdastjóri SA: Hefði viljað lækkingu vaxta

EFNAHAGSMÁL Vilhjálmur Egilsson, framkvæmdastjóri Samtaka atvinnulífsins, SA, segist hafa beðið eftir að Seðlabankinn færi að gefa önnur skilaboð en þau að hækka vextina.

„Við hefðum gjarnan viljað sjá þá lækka en það er betra að halda stýrivöxtunum óbreyttum en að hækka þá,“ segir hann og telur að bankinn ætti að fara að huga að vaxtalækkingu. „Það eru miklar líkur á því að bankinn sé orðinn of seinn án þess að ég vilji fullyrða aðráttarlaust um það. Hættan er sú að bankinn keyri gengið of hátt og það komi verðbólgu á í vor.“

- ghs



STJÓRNVÍSIR
FÉLAG UM FRAMSKAÐNA STJÓRNUN

capacent

FORYSTA Í KRAFTI ÞJÓNUSTU

Í tilefni afhendingar Íslensku gæðaverðlaunanna 7. nóvember og stjórnunarviku heldur Stjórnvísir í samstarfi við Capacent ráðstefnu um *Forystu í krafti þjónustu* á Nordica Hotel.



Dagskrá

Forysta í krafti þjónustu – Svava Grönfeldt aðstoðarforstjóri Actavis.

Að loknu erindi Svöfu er ráðstefnunni skipt upp í tvo strauma og viðfangsefnið skoðað í ljósi einkageirans og opinbera geirans.

Einkageirinn

Þjónusta í ljósi stefnu – Hermann Jónasson framkvæmdastjóri Landsbankanum

Þjónusta í ljósi ferla og tækni – Guðjón Reynisson framkvæmdastjóri 10-11

Þjónusta í ljósi mannaúts – Ægir Þórisson mannaútsstjóri Capacent

Opinberi geirinn

Þjónusta í ljósi stefnu – Sigrún Ósk Sigurðardóttir aðstoðarforstjóri ÁTVR og Þorvaldur Ingi Jónsson viðskiptafræðingur

Þjónusta í ljósi ferla og tækni – Jón H. Steingrímsson forstöðumaður þjónustuvíðs Ríkisskattstjóra

Þjónusta í ljósi mannaúts – Þórhallur Örn Guðlaugsson dósent við viðskipta- og hagfræðideild HÍ

Ráðstefnulok

Samtal tveggja strauma og pallborðsumræður með þátttöku nokkurra valinnunnra einstaklinga úr íslensku atvinnulífi.

Ráðstefnustjóri er Kristinn Tryggvi Gunnarsson hjá Capacent

Ráðstefnan hefst kl. 13.00 og lýkur kl. 16.30.

Að ráðstefnu lokinni er gestum boðið að vera viðstöddum afhendingu Íslensku gæðaverðlaunanna sem fer fram á sama stað kl. 16.30. Forsætisráðherra Geir H. Haarde mun afhenda verðlaunin og boðið verður upp á léttar veitingar og tónlist í tilefni afhendingarinnar.



Verð kr. 9.800 fyrir félagsmenn,
kr. 14.000 fyrir aðra.

skráning á www.stjornvisi.is



LEYNIMÝRIN Hof Ásatrúarfélagsins mun rísa í Leynimýrinni og er ráðgert að fyrsta skóflustungan verði tekin 1. desember.

FRÉTTABLAÐIÐ/E.ÖL

Ásatrúarfélagið fær lóð fyrir hof:

Hof ásatrúarfólks í Leynimýri

STJÓRNSÝSLA Borgarráð Reykjavíkurborgar samþykkti að úthluta Ásatrúarfélaginu lóð undir hof í Leynimýri á fundi sínum á fimmtudaginn. Var skipulagssviði falið að gera tillögur að staðsetningu lóðarinnar.

Egill Baldursson, lögsögumaður Ásatrúarfélagsins, segir þetta frábærar fréttir. „Stefnt er að því að taka fyrstu skóflustungu að hofinu 1. desember næstkomandi. Þetta verður bæði hof og félagsheimili. Öll blót munu fara þarna fram á helgistað félagsins og einnig fundir og þess háttar.“

Fjögur höfuðblót eru haldin á hverju ári fyrir hvern ársfjórðung

auk sérstaks þorablóts. „Allt að 170 manns taka þátt í blótunum hjá okkur og eru allir velkomnir. Sérstaklega góð þátttaka er á barnablótinu sem haldið er sumar daginn fyrsta ár hvert.“

Rúmlega eitt þúsund manns eru í Ásatrúarfélaginu og segir Egill mikla uppsveiflu í félaginu um þessar mundir. „Það eru spennandi tímar fram undan.“

Borgarráð samþykkti einnig að gefa Trúfélagi rússnesku rétttrúnaðarkirkjunnar á Íslandi fyrirheit um úthlutun lóðar fyrir kirkjubyggingu á lóð á Nýlendureit, á milli Nýlendugötu og Mýrargötu.

- sdg

Prófkjör Samfylkingarinnar í Reykjavík, 11. nóvember

Við styðjum Steinunni Valdís ...



Steinunn Valdís

4. sæti



Aðoheiður Franzdóttir
Einkavæðingastjóri
Meðsýrkonarhlóð



Bragi Guðbrandsson
Evrópski Samvinnustofnastofnastjóri



Felix Bergsson
Einkafélagið



Guðbjörg Linda Ragnsdóttir
Náttúruvernd



Guðbrandur Sigrur Agústsson
Framfarisskóli



Guðmundur Haraldsson
Ráðgjafi í Orkusamráðuneyti



Guðrún Árnadóttir
Verkefnaábyrging



Guðrún Erla Geirsdóttir
Einkafélagið og myndhöfðingur



Gunnar Þorbjörnsson
Félagsráðgjafi



Halldór Helgason
Ráðgjafi



Oddbjörg Sturludóttir
Einkafélagið og verkfræðingur



Pétur Jónsson
Fyrirbærstjóri



Sigríður Ingibjörg
Einkafélagið og verkfræðingur



Stefan Benediktsson
Einkafélagið



Stefan Jóh. Stefánsson
Einkafélagið og verkfræðingur



Vanda Sigurgeirsdóttir
Einkafélagið



Vildis Skarphéðinsdóttir
Einkafélagið



Þórunn Pálsdóttir
Einkafélagið

Achtung!

Sala
hefst í dag
kl. 9:00

8.900 kr. aðra leið með sköttum til og frá Þýskalandi

- » Nú er kominn tími til að skella sér til Þýskalands. Hvort sem þig langar að drífa þig strax eða bíða aðeins og fá rúsínuna í bratwurstinu, því jólastemningin á aðventunni í Þýskalandi er ólýsanleg.
Iceland Express býður helling af flugsætum til **Berlínar** og **Frankfurt Hahn** á aðeins 8.900 kr. aðra leið með sköttum. Bókunartímabilið er 6.–10. nóvember og er um valdar dagsetningar að ræða.
- » Tilboðið gildir um flug til og frá Þýskalandi og er ferðatímabilið 6. nóvember–20. desember. Sala hefst í dag kl. 9:00 og er sætaframboð takmarkað.
- » Þú bókar á icelandexpress.is! Schnell buchen!

Bókunartímabil: 6.–10. nóv.
Ferðatímabil: 6. nóv.–20. des.



Börn:

50%

Börn, 11 ára og yngri í fylgd með fullorðnum, fá helmingsafslátt af verði fyrir skatta og gjöld.



STERKAN TALSMANN JAFNAÐAR- STEFNUNNAR Í 4. SÆTIÐ

Lífskjör venjulegs
fólks í öndvegi

Frelsum lífeyrisþega
úr fátæktargildru

Einfaldara og
réttlátara skattkerfi

Friðum miðhálandið



VÖNDUM
VALIÐ

HELGI HJÖRVAR

4.
SÆTI

www.helgi.is

Um 30 fatlaðir einstaklingar bíða eftir viðeigandi búsetuúrræðum á Suðurlandi:

Margir fatlaðir í brýnni þörf

BÚSETUÚRRÆÐI Nú bíða í kringum 30 manns eftir viðeigandi búsetuúrræði fyrir fatlaða á Suðurlandi. Sighvatur Blöndahl, formaður Þroskahjálpar á Suðurlandi, segir þennan hóp fara stækkandi vegna fólksfjölgunar á svæðinu.

Sighvatur áætlað að það muni kosta á bilinu 100–200 milljónir að uppfylla búsetuþörf þessa hóps. „Það má í raun skipta þörfinni eftir búsetuúrræði í þrennt. Um tíu manns bíða eftir húsnæði með þjónustu allan sólarhringinn. Aðrir tíu þarfnast þjónustu hluta úr degi og aðrir tíu bíða eftir sjálfstæðri búsetu. Það er engin uppbygging fyrirhuguð í augna-



SIGHVATUR BLÖNDAHL Það kostar 100 til 200 milljónir að uppfylla búsetuþörfinna.

blikinu á svæðinu fyrir þennan hóp fólks þrátt fyrir brýna þörf.“ Sighvatur segir að nú standi

yfir flutningur búsetuúrræðis frá Selfossi til Hveragerðis en það þýði ekki aukningu á plássum og að ekki sé fyrirhuguð að nota núverandi húsnæði áfram undir þessa þjónustu.

„Það er fólk alls staðar úr fjórðungnum sem bíður eftir búsetuúrræðum og í flestum tilfellum býr þetta fólk hjá ættingjum og er í mikilli þörf fyrir viðeigandi úrræði. Við hjá Þroskahjálpi viljum einnig að búseta dreifist sem víðast um Suðurland þannig að fólk fái tækifæri til að búa í sinni heimabyggð og sem næst sínum nánustu.“

- hs

Kolaglaður á Svalbarða:

Byggð námu- manna ógnað

NOREGUR, AP Glæður í úrgangi frá kolanámu á Svalbarða gætu leitt til þess að allir íbúar eyjarinnar, sem eru rússneskir, neyðist til að flýja heimili sín. Til þess kæmi þó ekki fyrr en glæðurnar breytast í loga, að sögn norskra yfirvalda.

Úrgangurinn liggur nærri rússneska námuþorpinu Barentsburg, þar sem um 500 manns búa samkvæmt samningi við norsk stjórnvöld, en eyjaklasinn er undir stjórn Noregs.

Rússarnir dreifðu úr glóandi kolaúrganginum á miðvikudag í tilraun til að drepa glæðurnar. Komi eldur upp í úrganginum, gæti hann logað árum saman. - smk

Hálffimmtug kona dæmd í níu mánaða fangelsi í Héraðsdómi Reykjavíkur fyrir margvíslega þjófnaði:

Kona stal jólamat og jólagjöfum

DÓMSMÁL Hálffimmtug kona var í gær dæmd í níu mánaða óskilorðsbundið fangelsi í Héraðsdómi Reykjavíkur. Hún hafði gerst sek um þjófnaði á fatnaði, matvælum og jólagjöfum fyrir á þriðja hundrað þúsund króna.

Dómnum þótti sannað að konan hefði reynt að stela vörum í Euro-pris, sem hún var með á leiðinni út í tösku þegar starfsmenn stöðvuðu hana. Jafnframt að hún hefði farið í heimildarleysi í íbúð við Grettisgötu á Þorláksmessu á síðasta ári og verið búin að setja pels, leðurjakka og annan fatnað í tvo svarta plastpoka. Þá hafi hún verið búin að taka til allan jólamat fjölskyldunnar, bæði hangikjöt og hamborgarhrygg, auk jólagjafa, sem fjögur börn húsráðenda áttu að fá. Konan neitaði sök og kvaðst hafa verið að horfa á jólaskrautið í íbúðinni þegar hún var gómuð.

Konan á að baki langan sakarferil. Hún hefur sex sinnum verið dæmd eða gengist undir sátt vegna þjófnaðarbrot. Fimm sinnum hefur hún verið dæmd til refsingar á skilorði. Í ljósi þess þótti dómnum útilokað að skilorðsbinda refsinguna nú.

- jss

VERSLUNIN EUROPRIS

Konan var meðal annars dæmd fyrir að stela vörum úr versluninni Europris.



Aðeins 1 króna fyrir börnin

www.flugfelag.is | 570 3030



FLUGFÉLAG ÍSLANDS

1 kr. aðra leiðina + 739 kr.

(flugvallarskattur og tryggingargjald)

Þetta einstaka tilboðsfargjald

- gildir til allra áfangastaða Flugfélags Íslands innanlands
- er fyrir börn 2 - 11 ára í fylgd með fullorðnum og í sömu bókun
- gildir 16. okt. - 6. nóv.
- býðst eingöngu þegar bókað er á netinu www.flugfelag.is
- bókanlegt frá 13. október

Pateta Flugid

Boðberi Evangelista:

Keypti eiturfylf og vændi

BANDARÍKIN, AP Forseti Bandarísku evangelistakirkjunnar, Ted Haggard, er sakaður um að hafa keypt sér metamfetamín og nudd af karlhóru. Í Evangelistasamtökunum í Bandaríkjunum eru allt að 30 milljónir meðlima. Upp komst um málið þegar karlhóran, Mike Jones, gaf sig fram og sagði frá því að á undanförunum þremur árum hafi hann margsinnis átt samræði við Haggard. Ástæða þess að Jones upplýsti um málið var sú að hann sá Haggard, sem Jones hafði þangað til þekkt sem „Art“, tjá andúð sína á hjónaböndum samkynhneigðra í sjónvarpinu. - mhg

Próunarsamvinnustofnun Íslands veitir aðstoð til eflingar fiskigeirans á Sri Lanka:

Um 30 til 40 prósent af afla spillist

PRÓUNARADSTOÐ Nú er nýlökioð fjögurra daga námskeiði í gæða- og öryggismálum í fiskhöfnum fyrir 35 hafnarstjóra á Sri Lanka. Hafrannsóknastofnun Sri Lanka og fiskimálaráðuneyti landsins stóðu að námskeiðinu en Próunarsamvinnustofnun Íslands og Sjávarútvegsskóli Sameinuðu þjóðanna veittu tæknilega og fjárhagslega aðstoð.

Árni Helgason, umdæmisstjóri Próunarsamvinnustofnunar á Sri Lanka, segir gæðarýrnun vandamál í fiskiðnaði í landinu en talið er að 30–40 prósent af afla spillist frá því fiskur er veiddur og þar til hann kemst á borð neytenda.

„Verðmætatap og minnkað næringargildi er mikið af þessum sökum en eitt af þróunarmarkmiðum fyrir fiskigeirann er að stuðla að umbótum á þessu sviði.“

Próunarsamvinna Íslands og Sri Lanka felur meðal annars í sér áherslu á umbætur í gæðamálum fiskafurða. Námskeiðið samanstendur af sextán fyrirlestrum um ýmsa þætti gæðamála fiskafurða og skipulag góðrar meðferðar á fiski á hafnarvæðunum. Efnioð hefur verið gefið út í litprentuðum möppum á ensku, sínhala og tamíl, en það eru tungumálin sem töluð eru í landinu.



PÁTTAKENDUR NÁMSKEIÐS Á SRI LANKA Gæðarýrnun er vandamál í fiskiðnaði á Sri Lanka en nú er unnið að umbótum á þessu sviði með fræðslu. - hs



VINNA VIÐ ÁLVER Á REYÐARFIRÐI Aðeins þrjú vinnuslys hafa orðið við Fjarðaálsverkefnið frá því það hófst árið 2004.

Vinna við Fjarðaálsverkefnið:

Alvarleg slys fátíð hjá Bechtel

ATVINNUÖRYGGI Við Fjarðaálsverkefnið hafa nú verið unnar tvisvar sinnum 2,5 milljónir vinnustundir án fjarveruslyss. Fjarveruslys er það kallað ef viðkomandi þarf að taka sér frí úr vinnu vegna vinnuslyss.

Björn Lárusson, samskiptastjóri hjá Bechtel, segir að aðeins þrjú vinnuslys hafi orðið við Fjarðaálsverkefnið frá því það hófst árið 2004. „Starfsmenn Bechtel við verkefnið eru um 1.600 talsins og það er von okkar að við náum að ljúka verkinu án frekari vinnuslysa.“

Verklök eru áætluð á næsta ári. - hs



FORSETINN VEIFAR Chen Shui-bian í hópi taivanskra sjóliða. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Forseti Taívangs:

Talinn flæktur í spillingarmál

TAÍVAN, AP Saksóknarar í Taívan segjast hafa gögn sem sýni fram á að Chen Shui-bian, forseti landsins, sé flæktur í spillingarmál í tengslum við leynilegan sjóð, sem hann hefur haft afskipti af. Gögnin nægi til að leggja fram ákæru á hendur forsetanum.

Stjórnarflokkur Chens hélt á föstudag óvenjulegan fund þar sem ráðamenn flokksins kröfðust þess að forsetinn útskýrði fyrir þjóðinni hlut sinn í málinu.

Stjórnarandstæðingar hvöttu forsetann til að segja af sér hið fyrsta vegna málsins. - gb

Eignastýring í 20 ár 1986–2006

Fjárfesting 2007 MARKAÐURINN VÍSAR VEGINN

Haustfundur Glitnis Eignastýringar verður haldinn á Nordica hótél að Suðurlandsbraut 2, þriðjudaginn 7. nóvember og hefst kl. 20.00.

Sérstakur gestur fundarins er Róbert Wessman forstjóri Actavis Group.

Glitnir Eignastýring fagnar 20 ára afmæli sínu um þessar mundir. Á starfstímanum höfum við ávallt leitast við að upplýsa og fræða viðskiptavinum okkar og hafa haustfundir Eignastýringar verið árlegur viðburður allt frá árinu 1997. Fundirnir hafa notið mikilla vinsælda meðal viðskiptavina sem og annarra.

Dagskrá:



Ávarp

Sigurður B. Stefánsson, sjóðstjóri Reykjavík Global Hedge Fund.



Frá frumkvöðli til forystu á sjö árum

Róbert Wessman, forstjóri Actavis.

Kaffihlé



Markaðurinn vísar veginn – hvar liggja tækifærin framundan?
Almar Guðmundsson, framkvæmdastjóri Glitnis Eignastýringar.



Fundarstjóri: Einar Sveinsson, stjórnarformaður Glitnis.

Fundurinn er öllum opin en sætafjöldi er takmarkaður. Boðið verður upp á kaffiveitingar í fundarhléi.

Vinsamlegast skráðu þátttöku þína á www.glitnir.is eða hjá Þjónustuveri Glitnis í síma 440 4000 fyrir kl. 12.00, þriðjudaginn 7. nóvember.

Húsið opnar kl. 19.30 og fundurinn hefst kl. 20.00.

GLITNIR



KOSÍ Í TADSIKISTAN Vegfarendur hjóla hjá kosningaauglýsingu fyrir Emomali Rakhmonov, forseta Tadsjikistans. Forsetakosningar fara fram í landinu í dag, en búist er við að Rakhmonov nái endurkjöri.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Skjaldarmerki Íslands hefur verið notað á tveimur vefsíðum:

Aðeins heimilt stjórnvöldum

STJÓRNVÖLD Skjaldarmerki Íslands er notað á pólskri fréttá- og spjallsíðu, www.iceland.pl, sem Pólverjar á Íslandi nota töluvert mikið. Skjaldarmerkið hefur einnig verið notað víðar, þar á meðal á vefsíðu starfsmannaleigunnar 2b ehf., en verið fjarlægð þaðan.

Í lögum um þjóðfána og skjaldarmerki Íslendinga kemur fram að skjaldarmerkið er auðkenni stjórnvalda ríkisins og að notkun þess sé aðeins heimil stjórnvöldum. Þórhallur Vilhjálmsson, lögfræðingur í forsætisráðuneytinu, segir að það sé aldrei veitt undanþága frá því.

Þórhallur segir að óheimil



SKJALDARMERKIÐ NOTAÐ Nokkur dæmi eru þess að skjaldarmerkið hafi verið notað í heimildarleysi á veraldarvefnum. Notkunin er aðeins heimil stjórnvöldum, notkun skjaldarmerkisins sé eins og hvert annað lögbrot, sem beri að kæra. Brot varðar sektum.

Hann kveðst vita til þess að lögreglan hafi talað við menn vegna ólögðra notkunar á skjaldarmerkinu og þá hafi þeir látið af athæfinu.

Hörður Jóhannesson, yfirlög-regluþjónn hjá lögreglunni í Reykjavík, segir að engar kærur hafi borist og engin mál séu til skoðunar.

Eiður Eiríkur Baldvinsson, forsvarsmáður 2b, segist hafa fjarlægð strax skjaldarmerkið á vefsíðu 2b. Hann hafi einfaldlega ekki gert sér grein fyrir að notkunin væri óheimil. Ekki náðist í forsvarsmenn iceland.pl.

- ghs

Stálu raftækjum og skiptimynt

LÖGREGLUMÁL Brotist var inn í félagsheimilið á Flúðum aðfaranótt föstudags og stolið þaðan þremur fartölvum, tveimur skjávörpum, myndbandsupptökuvél, fjarstýringum og lítillæði af skiptimynt. Samkvæmt upplýsingum lögreglunnar á Selfossi spenntu þjófarnir upp hurð á bakhlíð hússins sem liggur bæði að félagsheimilinu og kennsluástöðu sem grunnskólinn á Flúðum notast við.

Þá var gerð tilraun til að brjóta inn í verslunina í Árnesi og telur lögregla ekki ósennilegt að sömu menn hafi verið þar á ferð.

- þsj

Fjölgun hjúkrunarfræðinema: Námið í fleiri en einum skóla

MENNTAMÁL Mennta- og fjármálaráðuneyti leggja til, við aðra umræðu um frumvarp til fjárlaga, að fjölgað verði um tíu nema í hjúkrunarfræði við Háskólann á Akureyri og fimmtán við Háskóla Íslands. Þetta er breyting því í fjárlagafrumvarpi fyrir árið 2007 er gert ráð fyrir að nemendum á fyrsta ári í hjúkrunarfræði verði fjölgað um 25 og þeir namar verði allir í Háskóla Íslands.

- shá

Frumvarp til laga um afnám fyrningarfrests vegna kynferðisbrota gegn börnum:

22.000 skrifa undir áskorun

ALPINGI Um 22.000 manns hafa skrifað undir áskorun þess efnis að samþykkja beri lagafrumvarp um afnám fyrningarfrests vegna kynferðisbrota gegn börnum. Þetta segir Ágúst Ólafur Ágústsson, sem er fyrsti flutningsmaður frumvarpsins. Hann segir slíkan stuðning nánast fordæmalausan í sögu þingisins.

„Þó að þetta sé í fjórða sinn sem frumvarpið er lagt fram hefur þingheimur ekki enn fengið tækifæri til að taka afstöðu til málsins, þar sem það hefur aldrei fengist til umræðu á þinginu,“ segir Ágúst Ólafur. Hann bendir á að sömuleiðis liggi fyrir frumvarp dómismálaráðherra sem geri

almennt ráð fyrir fjögurra ára lengingu á fyrningarfresti. Með slíkri breytingu næðist fram mikilvægur áfangasigur sem beri að fagna. Ágúst Ólafur og aðrir flutningsmenn telji hins vegar að stíga eigi skrefið til fulls og afnema fyrningarfrest. Sé litið til þess hvenær þolendur leiti sér aðstoðar, til að mynda hjá Stígamótum, komi í ljós að rúmlega 40 prósent eru 30 ára eða eldri. Samkvæmt núgildandi lögum séu öll kynferðisbrot gegn börnum fyrnd við 29 ára aldur þolanda. Með samþykkt á frumvarpi dómismálaráðherra verði öll kynferðisbrot gegn börnum fyrnd við 33 ára aldur þolands.

- jss



NÓVEMBER GEGN NAUÐGUNUM Frá opnun átaksins í upplýsingamiðstöð Hins hússins.

Átaksverkefni Hins hússins: Nóvember gegn nauðgunum

ÁTAK Átaksverkefninu „nóvember gegn nauðgunum“ var hleypt af stokkunum fyrir helgi. Það er jafningafræðsla Hins hússins sem stendur fyrir áttakinu og verða fyrirlestrar um málefnið haldnir í framhaldsskólum í þessum mánuði.

Ösp Árnadóttir, framkvæmdastjóri jafningjafræðslu Hins hússins, segir ástæðu átaksins vera aukinn fjöldi misneytingarmála meðal ungs fólks þar sem karlmenn notfæri sér ölvunarástund stúlkna og hafi við þær kynmök. Ösp segir að í fræðslunni verði lögð áhersla á sektarhugtakið og þá staðreynd að fórnarlamb beri aldrei ábyrgð á nauðgun.

- hs

Vinnsla persónuupplýsinga: 94 leyfi það sem af er ári

PERSÓNUVERND Í október mánuði gaf Persónuvernd út sjö leyfi til vinnslu persónuupplýsinga í tengslum við vísindarannsóknir. Það sem af er þessu ári hefur Persónuvernd gefið út 94 leyfi og segir Særún María Gunnarsdóttir, lögfræðingur Persónuverndar, stærstan hluta þeirra vegna vísindarannsókna. Sem dæmi um leyfi í október má nefna leyfi til aðgangs að sjúkrahúskrár vegna rannsókna á þroskaferli barna með Downsheilkenni og rannsókna á sjúklingum með sykursýki tegund 2 á Heilsugæslu Kópavogs.

- hs

Stjórn Ungra vinstri grænna: Sálfræðingar sinni sálgæslu

FRÆÐSLA Ung vinstri græn lýsa sig algjörlega mótfallnir trúboði í skólum og vísa hér til hinnar svokölluðu „vinaleiðar“ sem fram fer í opinberum skólum. Ung vinstri græn krefjast þess að gætt sé hlutleysis í öllu starfi grunnskóla landsins.

Að mati stjórnar Ungra vinstri grænna er hin svonefnda vinaleið ekkert annað en trúboð þó reynt sé að breiða yfir það með því að tala um sálgæslu. Ung vinstri græn telja sálfræðinga og félagsráðgjafa mun betur í stakk búna til að sinna sálgæslu í grunnskólum enda hafa þeir sérfræðimentun á því sviði.

- hs



Réttu hjálparhönd

Félagsþjónusta Kópavogs óskar eftir að ráða fólk í heimþjónustu. Fjölbreitt og gefandi starf með sveigjanlegum vinnutíma. Heilsdags- og hlutastörf. **Kynntu þér kjörin, þau koma á óvart!** Nánari upplýsingar veita þjónustustjórar heimþjónustunnar í síma **570 1400**. www.kopavogur.is

Meginmarkmið Félagsþjónustu Kópavogs er að tryggja fjárhagslegt og félagslegt öryggi Kópavogsbúa á öllum aldri svo þeir fái tækifæri til að taka virkan þátt í samfélaginu.



Félagsþjónusta Kópavogs

Takið vel á móti fermingarbörnum



Þau safna fyrir Hjálparstarf kirkjunnar 6. nóvember



Hjálparstarf kirkjunnar

www.help.is

Þjónusta fyrir aldraða:

Gjaldskrá mun lækka í vor

STJÓRNSÝSLA Vinna er hafin hjá borginni í að samræma heimahjúkrun og heimaþjónustu sem mun koma til lækkunar á gjaldskrá í heimaþjónustu að sögn Jórunnar Frimannsdóttur, formanns velferðarráðs Reykjavíkurborgar. Heimahjúkrun er á hendi ríkisins og heimaþjónusta hjá sveitarfélögum.

„Stefnt er að því að skipta heimaþjónustunni upp á milli annars vegar þrifa og hins vegar félagslegrar þjónustu sem mun sameinast meira heimahjúkruninni.“ Gert er ráð fyrir að útfærsla af þessari vinnu komi í vor.

- sdg

Gjaldskrá borgarinnar fyrir þjónustu við aldraða hækkar um tæp níu prósent:

Dýrari þjónusta fyrir aldraða

STJÓRNSÝSLA Gjaldskrá fyrir heimaþjónustu, félagsstarf, fæði og veitingar í félagsstarfi og þjónustugjöld í þjónustuþáttum aldraðra í Reykjavík mun hækka um tæp níu prósent næstu áramót samkvæmt samþykkt velferðarráðs Reykjavíkurborgar.

Í bókun meirihluta ráðsins segir að hækkun vísitölu hafi verið vanáætluð í fjárhagsáætlun ársins 2006 og 4,4 prósent hafi vantað upp á hækkun gjaldskráa í fyrra.

Félag eldri borgara í Reykjavík lýsir yfir undrun og vonbrigði með hækkunirnar. Margrét Margeirsdóttir, formaður félagsins, segir borgarstjórnarmeirihlutann ekki standa við yfirlýsingar sínar frá í vor um að bæta kjör aldraðra. „Órvænting er í fólki sem hefur verið að hringja í mig og sér ekki

fram á að hafa efni á þjónustu sem það hafi þörf fyrir.“

Jórunn Frimannsdóttir, formaður velferðarráðs, segir þessar hækkunir nauðsynlegar til að ekki þurfi að draga úr þjónustunni og bætur við að verið sé að auka þjónustu við aldraða til dæmis með akstursþjónustu og skipulögðum heimsóknunum.

Jórunn tekur fram að þeir sem séu á strípuðum bótum og lægstu laununum greiði ekki fyrir heimaþjónustu.

„Hækkunin á því ekki að bitna á þeim sem verst eru settir.“ Spurð um hvort einhverjir lendi hugsanlega utan þess hóps en hafi samt ekki efni á þjónustu telur hún það ekki vera og því þurfi ekki að skoða það sérstaklega.

- sdg



ALDRADIR Félag eldri borgara í Reykjavík segir leiðréttingu á kjörum sem tók gildi í sumar vegna verðbólgu að mestu hverfa við hækkunirnar.

Forval Vinstri grænna:

Paul F. Nikolov í framboð

STJÓRNMÁL Paul F. Nikolov gefur kost á sér í 1. til 3. sæti í forvali Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs í Reykjavík



PAUL F. NIKOLOV

norður, Reykjavík suður og Suðvesturkjördæmi, fyrir alþingiskosningarnar 2007.

Paul hefur unnið sem blaðamaður hjá Grapevine en vinnur nú sem

blaðamaður hjá fréttastofunni AFP, og sem stuðningsfulltrúi í sambýli fyrir fatlaða. Nýlega hóf hann störf sem útvarpsmaður á 96,2 FM, útvarpsstöð fyrir innflytjendur.

- ifv



SJÚKRAHÚSIÐ Á EGILSSTÖÐUM Núverandi húsnæði verður lagfært til að það nýtist betur undir starfsemi.

Heilbrigðismál á Austurlandi:

Nýtt hjúkrunarheimili byggt

HEILBRIGÐISMÁL Ráðgert er að byggja 2.000–2.500 fermetra hjúkrunarheimili á Egilsstöðum á næstu 2–3 árum. Sótt verður um 30 milljóna króna framlag úr ríkissjóði sem mun skiptast niður á þrjú ár til að lagfæra núverandi húsnæði sjúkrahúss og heilsgæslu til að það nýtist betur undir starfsemi.

Soffía Lárusdóttir, forseti bæjarstjórnar, segir að lögð sé áhersla á að byggja sem fyrst hjúkrunarheimili fyrir aldraða sem eru langveikir og dvalarheimili fyrir aldraða á Egilsstöðum.

- hs

Sjúkrahús í Hollandi:

Dularfull beinbrot ungbarna

HOLLAND Undanfarið hefur hollenska dagblaðið De Telegraaf birt fréttir af beinbrotum ungbarna sem vakið hafa töluverðan ugga þar í landi.

Samkvæmt De Telegraaf hafa engar haldbærar skýringar fengist við því hvers vegna lærleggur tveggja daga gamallar stúlku reyndist brottinn á sjúkrahúsi í Tilburg. Tveim vikum áður fundust sambærileg beinbrot hjá ungbörnum á spítala Amsterdam og í síðustu viku kom upp svipað atvik á öðrum spítala í sömu borg.

Yfirvöld sjúkrahúsa í Hollandi hafa nú gripið til aðgerða svo að komið verði í veg fyrir að fleiri sambærileg atvik eigi sér stað.

- mhg

Nýtt verð  **3.475.000 kr.**

Við kynnum nýjan alvörujeppa, KIA Sorento

– fullbúinn jeppi með ríkulegum staðalbúnaði

- hátt og lágt drif
- ESP stöðugleikastýring
- ný og glæsileg innrétting
- 16" álfelgur
- vindskeið
- 5 þrepa sjálfskipting
- öflug 170 hestafla dísilvél
- hraðastillir (Cruise Control)
- þakbogar
- þokuljós

Sorento hefur slegið í gegn um allan heim og eignast dygga fylgismenn á Íslandi. Það er ekki að ástæðulausu að Sorento er orðinn einn vinsælasti jeppi landsins, enda líklega bestu jeppakaupin í dag.

KIA er sá bílaframleiðandi sem er í mestum vexti í heiminum í dag. Það er ekkert skrítið þegar hægt er að bjóða þessi gæði á svona verði.

KIA KIA MOTORS
The Power to Surprise™

 KIA umboðið á Íslandi er í eigu HEKLU.

Laugavegi 172 • Reykjavík • sími 590 5700 • www.kia.is

VENDU ÞIG VIÐ GÆÐI – VENDU ÞIG VIÐ EIRVÍK



Miele

Miele S381 Tango Plus ryksuga
með 1800W mótör
Verð áður kr. 24.600

Tilboð:
Kr. 15.990

Fáanlegir fylgihlutir t.d.:

- Hebafilter sem hreinsar loftið af ofnæmisvaldandi efnum.
- Kolafilter sem hreinsar óæskilega lykt. Hentar vel fyrri þá sem eru með gæludýr.
- Parketbursti úr hrosshárum sem skilar parketinu glansandi.
- Fæst í rauðu og dökkbláu.

**Miele ryksugur
á einstöku tilboðsverði**

Miele ryksugurnar eru traustar og kraftmiklar. Þær eru með stillanlegu röri og mikið úrval fylgihluta er innbyggt í vélina.

Verið velkomin í Eirvík og kynnið ykkur Miele heimilistækin í einni glæsilegustu heimilistækjaverslun landsins.

35%
AFSLÁTTUR

EIRVÍK -háæðaheimilistæki

Suðurlandsbraut 20 – 108 Reykjavík – Sími 588 0200 – www.eirvik.is

**LÉTT
BYLGJAN**
967

- RÉTTU LÖGIN...ALLTAF!

BÍSN mótmælir vali á rektor í HR og á Bifröst:

Nemendur velji rektor

MENNTAMÁL Stjórn Bandalags íslenskra námsmanna sendi frá sér yfirlýsingu á fimmtudag þar sem fyrirkomulagi á vali rektors við HR og Háskólann á Bifröst er mótmælt. Í báðum skólunum velja háskólaráð eða háskólastjórn rektora án aðkomu nemenda eða fulltrúa þeirra.

Þetta fyrirkomulag við val rektors hefur verið notað við HR í nokkurn tíma, en reglunum um val rektors við Háskólann á Bifröst var nýlega breytt í þessa átt.

Í yfirlýsingunni er háskólaráð Háskólans í Reykjavík hvatt til að að huga að breytingum á þessu fyrirkomulagi, nú þegar núver-

andi rektor skólans, Guðfinna Bjarnadóttir, hverfur til annarrar starfa. Haukur Logi Karlsson, formaður BÍSN, segir að þetta fyrirkomulag sé í mótsögn við sam- evrópska viljayfirlýsingu, Bologna-ferlið, sem Íslendingar eru aðilar að. Í yfirlýsingunni er kveðið á um að starfsmenn og nemendur háskóla taki þátt í vali rektora.

„Það hefur verið mikil óánægja með þessar breytingar uppi á Bifröst; eiginlega má segja að allt hafi verið brjáláð,“ segir Haukur.

BÍSN hvetur stjórn Háskólans á Bifröst til að endurskoða nýsett- ar reglur um val á rektor. - ifv



RÉTTIR FJÖLMÍÐLUM BLÓMVÖND Al-Hilali segist ætla að segja af sér ef þriggja manna nefnd kemst að því að hann hafi hvatt til nauðgana.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Ástralski múslimaklerkurinn reynir sáttaleiðina:

Ætlar kannski að segja af sér

ÁSTRALÍA, AP Sheik Taj Aldin Al-Hilali, múslimaklerkurinn í Ástralíu sem vakti hörð viðbrögð í september þegar hann sagði slæðulausar konur vera eins og óvarið kjöt, sagðist á föstudag ætla að segja af sér ef óháð nefnd kemst að þeirri niðurstöðu að með þessum ummælum hafi hann verið að hvetja til nauðgana.

Al-Hilali hefur verið æðsti leiðtogi múslima í Ástralíu frá árinu 1989. Síðastliðinn mánudag ákvað hann að taka sér frí um óákveðinn tíma eftir að hann féll í yfirlíð í Lakemba-moskunn í Sydney.

Hann sneri þó aftur í moskuna í gær, vopnaður blómum sem hann gaf bæði fjölmíðlum og lögregl-

unni, og var fagnað þar af hundruð stuðningsmanna sinna sem mættir voru til hádegisbæna.

Einnig sendi hann frá sér yfirlýsingu þar sem hann hvatti til þess að þriggja manna nefnd, skipuð einum dómara og tveimur lög- mönnum, yrði fengin til að rannsaka ummælin umdeildu frá í september.

„Hver sá,“ sagði í yfirlýsingunni, „sem réttlætir nauðgunar- glæp eða hvetur til slíks undir hvaða kringumstæðum sem er, eða hver sá sem vanvirðir ástralskar konur vegna klæðnaðar þeirra, er ekkert annað en fávís, heimskur og brjáláður og á ekki skilið að gegna neinni ábyrgðarstöðu.“ - gb

Prófkjör sjálfstæðismanna í Suðvesturkjördæmi – 11. nóvember 2006

Álftanes | Garðabær | Hafnarfjörður | Kjósarhreppur | Kópavogur | Mosfellsbær | Seltjarnarnes

Ragnheiður Elín býður eldri borgurum í Suðvesturkjördæmi í kaffi.

Sunnudaginn 5. nóvember kl. 15-17 er eldri borgurum boðið í kaffi og krásir í Safnaðarheimili Vídalínskirkju í Garðabæ. Gerður G. Bjarklind mætir á staðinn og les nokkur uppáhalds ljóð frambjóðandans.

Við hvetjum alla til að mæta og spjalla við frambjóðandann Ragnheiði Elínu sem óskar eftir stuðningi í 4. sætið í prófkjöri Sjálfstæðisflokksins í Suðvesturkjördæmi.

RAGNHEIÐUR ELÍN Byggjum á árangri



4.

sæti

Kosningaskrifstofa Ragnheiðar Elínar og stuðningsmanna er í Bæjarlind 2 í Kópavogi.
Sími 564 6549 - www.ragnheidurelin.is - ragnheidurelin@ragnheidurelin.is

Sprengitilboð

hagstæðustu heildarinnkaupin

það stýttist
í jólin

799 kr/kg
Humar 1 kg.

frábært
með kartöflum

799 kr/kg
Nýveidd smálúða

hvergi
betra verð

49 kr/pk.
Nettó brauð stórt.

ATH!
2 lítrar á
99 kr/kst

99 kr/stk
Grand safi appelsínu 2 ltr.

BOMBA

199 kr/stk.
Kellogs kornflex 500 gr.

allt í matinn á einum stað

www.netto.is • Verð birt með fyrirvara um prentvillur
Gildistími 6. nóvember eða á meðan birgðir endast.

Akranes • Akureyri • Grindavík • Mjódd Reykjavík • Salahverfi Kópavogi

netto

„ORÐRÉTT“

Flyið

„Ég legg mikla áherslu á að ofbeldi sé ekki svarað með ofbeldi. Það minnkar hættuna á því að slasast sjálfur sem og að slasa aðra.“

MAGNÚS ÁSBJÖRNSSON, KENNARI VIÐ SJÁLFSVARNARSKÓLA ÍSLANDS, GEFUR SJÁLFSVARNARRÁÐ.

Fréttablaðið, 5. nóvember

Stuðbolti

„Það hefur komið ferskur kraftur í þetta, maður kemst í stuð.“

EINAR ÖRN BENEDIKTSSON SYKURMOLI SEGIST SPENNTUR FYRIR ENDURKOMU HLJÓMSVEITARINNAR HINN 17. NÓVEMBER.

Morgunblaðið, 5. nóvember.

nær og fjær
tilveran

SJÓNARHÓLL

SAMEINING 365 MIÐLA OG SKJÁSINS

Skjöld 21

„Þetta hljómar ágætlega því það er dásamlega skemmtilegt fólk að vinna á báðum stöðunum,“ segir Hálfmán Steinþórsson, um þær hugmyndir að sameina 365 miðla og



HÁLFMÁN STEINÞÓRSSON dagskrárgerðarmaður

Skjáinn. Hálfmán hefur sem kunnugt er unnið hjá báðum fyrirtækjunum og er nýhættur að sjá um Veggfóður með Völu Matt á Stöð 2. Hann grípur í afleysingar í þættinum Ísland í bitíð en er annars mest á auglýsingadeildinni hjá 365. „Aðalvandamálið í þessu væri að finna nafn á hið sameinaða sjónvarpsafli. Yrði það 361 miðill eða 136 miðlar? Skjár 2 myndi ekki virka, það er búið að reyna það. Kannski væri Skjöld 21 bara málið. Annað vandamál væri að finna nýja fyrirtækinu staðsetningu. Það þyrfti væntanlega að vera mitt á milli og þá er Stýrimannaskólinn augljósasti kosturinn. Síðast en ekki síst er svo spurningin um það hver á að vera forstjóri. Kannski þarf að finna mann sem heitir Magnús Edvald eða Ari Ragnarsson til að allir verði sáttir.“

Kakkalakkur í húsgögnum og hurð drepur hund

Öll heyrum við flökkusögur einhvern tíma á lífsleiðinni. Þetta eru krassandi sögur í ólíkindadúr, sumar hafa gengið marga hringi og birtast aftur og aftur með hverri nýrri kynslóð. Yfirleitt eru „pottþéttar“ heimildir fyrir sögunum, vinur vinar eða einhver í mótuneytinu. Tvær nýjustu flökkusögurnar á Íslandi tengjast kakkalakkum og hættulegum hurðum. En er eitthvert sannleikskorn í þeim?

Kaninn er farinn. Það er engin flökkusaga. Flökkusagan er hins vegar sú að stórir amerískir kakkalakkur eiga að hafa fundist víða í Reykjavík upp á síðkastið. Með sögunni fylgir að fólkið sem kakkalakkarnir finnast hjá á það eitt sameiginlegt að hafa nýlega keypt húsgögn hjá Sölu varnarliðseigna í gamla Blómavalshúsinu.

„Þetta er algjör vitleysa!“ fullyrðir Ólafur Sigurðsson meindýra-

eyðir. „Það er samt fullt af fólki sem hefur hringt í mig út af þessu til að spyrja hvort þetta sé satt. Flökkusagan er því greinilega útbreidd. Það hafa ekki komið upp nein kakkalakkamál hér á höfuðborgarsvæðinu lengi og ég segi þessu fólki að strjúka bara yfir þessi húsgöng með sápuvatnsblautri tusku og passa að þrifa vel kverkarnar.“

Ólafur hefur unnið á Keflavík-urvellu og segir kakkalakkavandamál þar mun sjaldgæfari en fólk heldur. „Kaninn var með mjög gott prógramm og vann allt eftir ströngustu stöðlum hersins. Ef kakkalakkamál komu upp, sem kom fyrir, var ekki hætt fyrr en búið var að leysa málið og útrýma kvikindunum. Þeir sem tóku við húsunum þarna gengu því miður ekki inn í sama gæðakerfi, svo þetta gæti kannski orðið eitthvað mál seinna.“

Annar meindýraeyðir, Jón Halldórsson, tekur í sama streng og Ólafur. Hann segist bara einu sinni hafa þurft að vinna í máli í Reykjavík þar sem amerískir kakkalakkur komu við sögu. „Það var reyndar löngu fyrir tíma þessarar varnarliðseignaverslunar,“ segir hann. Amerískir kakkalakkur er um fjórir sentimetrar á lengd og því mun stærri en evrópska tegundin sem sjaldnast fer yfir einn sentimetra. „Það er algengara að það komi upp mál þar sem minni tegundin kemur við sögu,“ segir Jón, „en það hefur ekkert með Kanann að gera. Þá er frekar um að ræða að óværan laumar sér með í búslóð þegar fólk er að flytja heim frá hlýrri lönd-“

sagði mér tíðindin. Ég á vist að taka það rólega sem er dálítið úr takti við að það er brjáláð að gera og maður berst við tímann. Ég er að klára jólaþötu sem mig langar til að lauma inn fyrir jóla. Þetta er plata með frumsömdum jólaögum. Þarna er sungið um mörg litbrigði jólaanna, ekki bara jólasnjóinn og jólasólina heldur líka um jólaþunglyndi og jóladrykkju. Platan heitir Ofan komu af fjöllum. Svo er ég að skrifa nýja glæpasögu en sú kemur ekkert á þessu ári.“



LORDI: HVAR ERU ÞEIR?

Hvar eru Lordi sem þóttu svaka sniðugir í eina viku eftir sigurinn í Evróvisjón? Ekki hafa skrímslin náð að skapa sér álíka nafn og Abba eða Celine Dion, en Hr. Lordi og kó una þó vel við sitt og er sveitin nýkomin úr löngum Evróputúr. Lordi-liðar eru þjóðhetjur í Finnlandi og hafa selt um 200.000 eintök af nýjustu plötunni, þar af um 90.000 í heimalandinu og 30.000 í Svíþjóð. Næsta aðalkveppinn fer fram 12. maí í Helsinki, sama dag og alþingiskosningarnar hér. Gott parti þá!



KAVALIERHVOLPUR Hurð í Smáralind drap Ljóna frænda hans.

um.“ Önnur flökkusaga sem nú heyrir oft fjallar um sjálfvirku snúningshurðirnar sem bæði má finna í Smáralind og Kringlunni. Sagan segir að þessar hurðir séu stórhættulegar og að algennt sé að smáhundar hreinlega kubbist í sundur í þeim. Þetta er satt, en sagan hefur vaxið gífurlega í munnlegri geymd. Ekki er nema um einn hund að ræða og

hann „kubbaðist ekki í sundur“ eins og flökkusagan segir heldur sást varla á honum eftir að hann hálsbrotnaði.

Þetta var hvulpur af kavalier-tegund sem var kallaður Ljóni. Stúlka sem var með hann fyrir utan norðurhlíð Smáralindar lenti þar í samræðum við vinkonu sína. Slaki var á bandinu og Ljóni greyð tók upp á því að elta fólk sem var á leið inni í Smáralindina. Þegar að hurðinni kom vildi svo illa til að hundurinn lenti á milli ytra og innra glers á snúningshurðinni og hlaut bana af. Þetta gerðist í ágúst árið 2003 og ekki hafa orðið fleiri slys á smáhundum né öðrum gældýrum í Smáralind svo vitað sé.

gunnarh@frettabladid.is

Þegar gæðin skipta máli Lotus Professional borðpappírsvörur

Til hátíðabrigða

Í verslun RV að Réttarhálsi eru nú á tilboði Lotus LinStyle dúkar og servíettur í mörgum litum. Einnig eru á tilboði ýmsar gerðir af servíettum, diskamottum og „löberum“ með jólamynstri.

Takmarkað magn er í boði af sumum jólavarningi. Fyrstur kemur fyrstur fær.



Á tilboði í nóvember 2006 Lotus LinStyle servíettur, diskamottur, „löberar“ og dúkar

Rekstrarvörur

- vinna með þér

Réttarhálsi 2 • 110 Reykjavík
Sími: 520 6666 • Fax: 520 6665
sala@rv.is • www.rv.is



Eggert Bjarnason
sólumaður hjá RV

Langhlauparar stefna að því að halda fyrsta 100 kílómetra hlaupið á Íslandi:

Hringhlaup í miðbænum

Vangaveltur eru meðal íslenskra langhlaupara um að halda hundrað kílómetra hlaup á Íslandi og yrði það í fyrsta sinn sem svo langt hlaup er haldið hér. Gunnlaugur A. Júlíusson langhlaupari segir að mikill spennningur séu fyrir því að halda hlaupið á næsta ári eða þarnaæsta ári og allar líkur að af því verði. Líklegast sé að hlaupið verði hringhlaup í miðbænum.

„Það eru æ fleiri farnir að sjá að þeir geta þetta og ég held að þeim muni fjölga á komandi árum. Þeir eru margir sem hlaupa maraþon út og suður og margir hlaupa mjög hratt. Þennan hóp langar í nýjar áskoranir,“ segir Gunnlaugur sem sjálfur hefur unnið mörg afrek í hlaupum.

Líklegt er að Félag 100 kílómetra hlaupara standi fyrir hlaup-



LANGHLAUPARAR Líklegt er að Félag 100 kílómetra hlaupara standi fyrir fyrsta 100 kílómetra hlaupinu á Íslandi á næsta ári eða þarnaæsta. Hér má sjá nokkra af helstu langhlaupurum í félaginu.

inu og læri af hlaupi sem fram fór á Borgundarhólmi 2004 þar sem hlaupið var kringum eyjuna. Tuttugu drykkjarstöðvar þurfti. „Það

er dálítið mál að manna drykkjarstöðvarnar ef hlaupið er beint milli tveggja punkta en það er minna mál ef hlaupinn er lítill hringur, þá þarf bara tvær drykkjarstöðvar,“ segir hann.



Ýmsar leiðir koma til greina. Gunnlaugur segir að hægt sé að hlaupa í Nauthólsvík, þar sem hringurinn er 2,3 kílómetrar, eða úr miðbænum vestur á Seltjarnarnes og til baka. Sá hringur er tíu kílómetrar. „Ef hlaupið er í miðbænum gætu einhverjir glæpst til að horfa á,“ segir hann.

Ekkert mál er að hlaupa sama hringinn hring eftir hring. „Það er mjög gott að hlaupa með sólgleraugu,“ segir Gunnlaugur. „Þau þekjast smám saman af svita og salti og þá lokast maður inni og er bara í sínum heimi.“



TaxFree dagar

Skífan kynnir glænýjar plötur sem koma út í dag!




TRYGGÐU ÞÉR EINTAK!



Ríkissjóður fær virðisaukaskatt af söluinni en Skífan veitir afslátt sem því nemur.

Svona erum við

> Heildarverðmæti framleiddra mála á Íslandi



Heimild: Hagstofa Íslands

baksvið

fréttir og fróðleikur

FBL-GREINING: HREFNA

Einnig kölluð hrafnnreyður

Fátt hefur verið meira rætt á kaffistofum landsins að undanförunu en hvalveiðar í atvinnuskyni. Þar hefur veiði á langreyði fengið mesta athygli en minna er talað um nákominn ættingja hennar hrefnuna, sem einnig er leyfilegt að veiða undir merkjum atvinnuveiða. Hrefnan hefur verið veidd í vísindaskyni síðan 2003 og kjötið af henni er uppi-staðan í þeim hvalafurðum sem íslenskir neytendur kaupa.

Hvernig lítur hrefnan út?

Hún er svört á baki og hvít á kvið. Hún er 7–11 metrar á lengd og 5–10 tonn að þyngd. Kýrin er stærrí en tarfurinn. Hrefnan er farhvalur og kemur inn á landgrunn Íslands á vorin, en á veturna heldur hún sig á suðlægari slóðum.

Hver er fæða hrefnunnar?

Talið er að ljósáta sé um 35 prósent fæðunnar, loðna 23 prósent, síli 33 prósent, þorskfiskar um 6 prósent og annað 3 prósent. Gróf áætlan á fæðunámi hrefnu á Íslandsmiðum og nærliggjandi

svæðum bendir til að hrefna taki til sín um tvær milljónir tonna af fæðu á ári, þar af er fiskmeti talið nema yfir einni milljón tonna.

Hver er stofnstærð og veiðipól?

Samkvæmt úttekt um stofnstærð hrefnu hér við land er hún nálægt því sem talið er að hún hafi verið áður en veiðar hófust. Þetta gildir hvort sem lítið er á Mið-Atlantshafsstofninn í heild sinni eða eingöngu hrefnur á íslenska strandsvæðinu. Stofninn í heild sinni er talinn vera tæplega 44 þúsund dýr.

Þær veiðar sem stundaðar voru á síðustu öld hafa samkvæmt þessu haft hverfandi áhrif á stofnstærðina. Hverfandi líkur eru taldar á að árlegar veiðar á 200 hrefnum næstu tuttugu ár muni færa stofninn niður fyrir 80 prósent af upprunalegri stærð. Á sama hátt er ólíklegt að árlegar veiðar á 400 hrefnum færi stofninn niður fyrir 70 prósent af upprunalegri stærð á sama tíma-bili. Einnig er ljóst að hrefnuveiðar þær sem hófust 2003 í rannsóknaskyni munu ekki hafa áhrif á stofninn.



SPURT OG SVARAÐ

NÓVEMBER GEGN NAUÐGUNUM

Aukin fræðsla skiptir sköpum



ÖSP ÁRNADÓTTIR

Jafningjafræðsla hins hússins stendur fyrir forvarnarstarfi meðal ungs fólks á aldrinum 16–25 ára. Eftir hrinu af misneytmálum og nauðgunum í haust ákvað fræðslan að hrinda af stað átaki. Ösp Árnadóttir er framkvæmdastjóri Jafningjafræðslunnar og í forvari fyrir átakið „nóvember gegn nauðgunum“ sem stóð fyrir fjölmennri göngu niður Laugaveg síðastliðað laugardagskvöld. Hvernig hefur átakinu verið tekið? Mjög vel. Við erum í góðu samstarfi við formenn nemendafélaga og forvarnarfulltrúa framhaldsskólanna á höfuðborgarsvæðinu og fáum auk þess mikla hjálp frá Stígamótum og Neyðarmóttökunni. Fólki finnst erfitt að tala um nauðganir, en það er að breytast og aukin fræðsla skiptir miklu máli.

Hvaða breytingar viltu sjá? Viðhorfsbreytingu, að fólk geri sér grein fyrir hve alvarlegur glæpur nauðgun er og að refsiramminn herðist samhliða. Að allir séu á sama máli um að gerandinn beri ábyrgðina ekki þólandinn. Það þarf að rjúfa bannhelgina sem ríkir yfir nauðgunum svo að þólandur kæri þennan glæp eins og þólandur annarra glæpa.

Hvað er næst á dagskrá hjá ykkur? Nú erum við að fara á fullt með fræðslu og markvissa dagskrá og ljúkum átakinu með stórum tónleikum hinn 30. nóvember sem verður auglýstur síðar. www.jafningjafræðslan.is -www.myspace.com/taktuthatt

Athyglin á hliðarmálunum


Málefni sem voru á aðal-dagskrá Norðurlandaráðs-þings í Kaupmannahöfn í vikunni sem leið, svo sem hvernig norræna velferðarmódelinu reiddi af í hnattvæðingunni, vöktu minni athygli fjölmiðla en hliðarefni á borð við jafnréttismál í Færeyjum.

Það breytti litlu um fjölmiðlaathyglina þótt bryddað hefði verið upp á þeirri nýjung að formleg dagskrá Norðurlandaráðsþings hæfst á svonefndum leiðtogafundi, þar sem ríkisstjórna- og stjórnarandstöðuleiðtogarnir kölluðust á um efnid „samkeppnishæfni Norðurlanda í hnattvæðingunni og norræna velferðarmódelið“.


Samkeppnishæfni og velferð

Í sínu innleggi í þessum umræðum sagði Geir H. Haarde forsætisráðherra að forgangsraða þurfi í norrænu samstarfi og leggja áherzlu á þau samstarfssvið sem sennilegust eru til að skila áþreifanlegum árangri, þar á meðal menntun, rannsóknir, nýsköpun og afnám hindrana í vegi frjálsra flutninga milli Norðurlanda. Geir sagðist sannfærður um að með þessum hætti gætu norrænu samstarfsstofnanirnar, Norðurlandaráð og Norræna ráðherranefndin, stuðlað

KYNJAHLUTFALL KJÖRINNA FULLTRÚA Á ÞJÓÐÞINGUM



HLUTFALL VINNUFÆRRA OG ATVINNUÞÁTTAKA EFTIR KYNI



áð því að bæta samkeppnishæfni Norðurlanda.

Samkeppnishæfni Norðurlandanna verður líka í brennidepli formenskudagskrár Finna í Norrænu ráðherranefndinni á árinu 2007. Í opunnarræðu sinni á Norðurlandaráðsþinginu lagði finnski forsætisráðherrann Matti Vanhanen jafnframt áherzlu á samhengi milli formenskudagskrár Finna í Evrópusambandinu og í Norrænu ráðherranefndinni. Finnar gegna formenskunni í ESB til áramóta.

Samkeppnishæfnina vilja Finnar tryggja með tilstyrk efls samstarfs á sviði rannsókna, þróunar og nýsköpunar; þetta sé til þess fallið að gera norræn fyrirtæki betur í stakk búin að mæta áskorunum hnattvæðingarinnar.

Í umræðunni komu skýrt fram ólík sjónarmið vinstri- og hægri-manna gagnvart því hvernig bregðast skuli við áskorunum hnattvæðingarinnar. Nýi sænski forsætisráðherrann, Fredrik Reinfeldt, lagði til að stofnað yrði norrænt ráð um hnattvæðinguna, sem starfi með hliðstæðum ráðum í þjóðlöndunum. Bauðst hann til að leiða skipulagsstarf fyrir slíkt ráð. Hann lagði í máli sínu áherzlu á það sem hann kallar neikvæðar afleiðingar velferðarkerfisins, en það væri að of margir stæðu utan við

atvinnulífið og væru þar með svo gott sem útilokaðir frá virkri þátttöku í samfélaginu.

Fulltrúar vinstri-sósíalista, svo sem Norðmaðurinn Jan-Henrik Frederiksen, tóku annan pól í hæðina. Að þeirra sögn verði Norðurlandþjóðirnar að standa vörð um velferðarkerfin gegn áhrifum hnattvæðingarinnar. Steingrímur Sigfússon, formaður Vinstrihreyfingarinnar-græns framboðs, spurði hvort það væri hinni nýju samkeppnismenningu að kenna að svo margir stæðu nú utan vinnu-markaðarins.

Sænski jafnaðarmaðurinn Sven-Erik Österberg, fulltrúi sænsku stjórnarandstöðunnar í umræðunni, sagði norræna velferðarkerfið hafa veitt Norðurlandabúum öryggi sem hafi styrkt stöðu þeirra í hinni alþjóðlegu samkeppni.

Siv Jensen, leiðtogi norska Framfaraflokksins, hrærdi aðeins upp í umræðunni með því að tala máli einkavæðingar í umönnunarbýðunni. Hún sló því föstu að opinberi geirinn væri allt of stór á Norðurlöndunum og það stæði þeim fyrir þrifum í alþjóðasamkeppninni.

Færeyjar í brennidepli

En eins og fyrr segir voru það frekar ýmis hliðarmál sem vöktu meiri athygli á þessu Norðurlandaráðsþingi. Allsnörp umræða varð um stöðu samkynhneigðra og jafnréttismála í Færeyjum.

Í nýrri tölfraeðihandbók Norðurlanda kemur meðal annars fram sláandi misræmi milli atvinnuþátttöku kvenna og hlutfalls þeirra á þingi. Þessi munur er langmestur í Færeyjum, þar sem yfir 88 prósent kvenna stunda fulltíma, en aðeins 12,5 prósent fulltrúa á færeyska Lögþinginu eru konur. Hvernig staðan er í þessum málum á öllum Norðurlöndunum má lesa betur út úr süluritonum hér á síðunni.



KRISTJÁNSBORGARHÖLL Vel fór um Norðurlandaráðsþing í salarkynnum danska þjóðþingsins.

LÖSAMYND/SØREN SVENDSEN/NORDEN.ORG

máls á meintri mismunun samkynhneigðra í Færeyjum, en Rannveig Guðmundsdóttir, þingmaður Samfylkingarinnar, var ein þeirra sem það gerði. Honum fannst einnig að sér vegið þegar Jónína Bjartmarz, samstarfsráðherra Íslands, innti hann eftir því hvað færeysk yfirvöld hefðu aðhafst til að framfylgja vestnorrænni jafnréttisáætlun, sem samþykkt var árið 1999. Hann svaraði gagnrýninni með því að vísa til þess að tölfraeðin sýndi aðrar mjög jákvæðar hliðar á færeysku samfélagi; til dæmis væru fóstureyðingar og hjónaskilnaðir hvergi færri.

Óháð þessu lýstu margir þingfulltrúar, þar á meðal þeir íslensku, yfir stuðningi við sjálfstæða aðild Færeyja og hinna norrænu sjálfstjórnarsvæðanna, Grænlands og Álandseyja, að Norðurlandaráði. Þjóðréttarleg atriði eru helzta hindrunin fyrir því að þetta gangi eftir.

Finnar ósáttir

Annað mál sem talsverð fjölmiðla-umræða spannst um var hvernig staðið var að vali á næsta framkvæmdastjóra Norrænu ráðherranefndarinnar. Fínum fannst greinilega freklega framhjá sínum manni gengið er forsætisráðherrarnir tilkynntu á þriðjudagsmorgun að þeir hefðu ákveðið að Íslendingurinn Halldór Ásgrímsson tæki við stöðunni er Svíinn Per Unckel lætur af henni um áramótin. Jan-Erik Enestam, sem er umhverfisráðherra og samstarfsráðherra Norðurlanda í finnsku ríkisstjórninni, hafði líka sótt eftir stöðunni. Hann er einn fremsti stjórnmaður Finnlands-Svíá, en það skýrir hvers vegna viðbrögðin við vali Halldórs skyldu vera mun harðari í sænskumælandi pressunni í Finnlandi en hinni finnskumælandi. Í Hufvudstadsbladet, elzta starfandi dagblaði Finnlands og helzta mál-gagni sænskumælandi minnihlutans, var Vanhanen forsætisráðherra sagður hafa látið undan „baktjaldar-yfirgangi Íslendinga“, en viðlíka orðbragð var ekki að finna í Helsingin Sanomat eða öðrum helztu fjölmiðlum Finnlands. En í öllum finnskum miðlum var lýst áhyggjum af því að Finnar bæru skardan hlut frá borði í norrænu samstarfi og ef áhugi þeirra á samstarfinu ætti ekki að minnka enn frekar en orðið er yrði að bæta úr þessu.

Svo fór að lokum að á fundi menningarmálaráðherranna var ákveðið að nýrri norrænni menningarmálastofu, KulturkontaktNord, yrði fundinn staður í Sveaborg við Helsinki. Danir beittu sér fyrir því að þessi skrifstofa yrði í Kaupmannahöfn, og Íslendingar, Grænlandingar og Færeyingar höfðu óskað sér að hún yrði til húsa á sama stað og vestnorræna menningarmiðstöðin á Norðurbryggju.

FRÉTTASKÝRING
AUÐUNN ARNÓRSSON
audunn@frettabladid.is

9. HVER VINNUR!

TAKTU ÞÁTT!

ADALVINNINGUR ER PSP TÖLVA OG GTA!

GLÆNÝR GRAND THEFT AUTO!

SENDU SMS **BTC FGT Á 1900** OG ÞÚ GÆTIR UNNIÐ EINTAK!

BT

VINNINGAR ERU PSP, GTA LEIKIR, AÐRIR TÖLVULEIKIR, DVD MYNDIR OG MARGT FLEIRA!

Lífrænt ræktaðir Chiquita bananar

Næstu daga bjóðum
við lífrænt ræktaða
banana á

TILBOÐ

198 kr/kg

Verð áður 299,-



Gríptu tækifærið!

Innihald í 100 g er u.þ.b.:

Orka: 90 kkal
Prótein: 1,2 g
Kolvetni: 20,2 g
Fita: 0,3 g
Trefjar: 1,8 g

	%RDS*
C-vítamín 11 mg	18%
Fólasín: 29µg	15%

*Hlutfall af ráðlögðum dagskammti

Gildir til 12. nóvember eða á meðan birgðir endast.

HAGKAUP
Sæmmtilegast að versla

Próun norræns samstarfs:

Stofnanasamstarf í vörn

AUÐUNN ARNÓRSSON SKRIFAR

Árlegt þing Norðurlandaráðs er nú nýfstaðið, en það fór fram að þessu sinni í Kaupmannahöfn.

Norðurlandaráð og Norræna ráðherra nefndin eru meginstöðir hins pólitíska, formlega hluta norræns samstarfs. Óhætt er að fullyrða að vægi þessa hluta samstarfsins hefur farið minnkandi á síðustu árum, á sama tíma og samgangur fólks á milli Norðurlandanna er nú meiri en nokkru sinni fyrr. Viðskipti og efnahagslegur samruni hafa heldur aldrei verið meiri milli frændþjóðanna. Í stuttu máli: á sama tíma og stjórnmalabáttur norræns samstarfs hefur verið að tapa vægi hafa tengsl Norðurlandþjóðanna á öðrum sviðum verið að aukast.

Þessi þróun endurspeglar hliðstæða þróun innan hvers ríkis; áhrif stjórnmalanna hafa verið að dragast saman á sama tíma og viðskiptalífni, frjálsum félagsamtökum og annarri starfsemi sem hefðbundin flokkastjórnmal hafa lítið yfir að segja hefur vaxið fiskur um hrygg. En hún endurspeglar einnig að evrópskt samstarf hefur að miklu leyti „tekið framúr“ norrænu samstarfi. Það var innri markaður Evrópusambandsins sem skapaði forsendurnar fyrir þeim víðtæka efnahagslega samruna sem orðið hefur milli Norðurlandanna á síðustu árum; þegar Norðurlöndin reyndu á sínum tíma að koma á efnahagsbandalagi sín í milli fór sú tilraun út um þúfur. Aðildin að Evrópska efnahagssvæðinu er aðalforsendan fyrir íslenzku útrásinni, sem svo mjög er í kastljósi fjölmiðla í Damörku um þessar mundir.

Frá því Svíþjóð og Finnland gengu í Evrópusambandið árið 1995, sem Danmörk gekk í þegar árið 1974, og þrjú fjölmennustu Norðurlöndin voru þar með sameinuð innan vébanda þess, hefur ESB-samstarfið skákað norræna samstarfinu „niður í aðra deild“, ef svo má segja. Staðreyndin er sú, að í huga stjórnmal- og embættismanna norrænu ESB-ríkjanna eru ESB-fundir einfaldlega mikilvægari en Norðurlandasamstarfsfundir.

Vissulega horfir þetta öðru vísi við Íslendingum og Norðmönnum, sem valið hafa að standa utan Evrópusambandsins. Einmitt vegna þess að íslenzkir og norskir ráðamenn og embættismenn hafa ekki aðgang að ESB-fundum er samráðið á vettvangi Norðurlandasamstarfsins þeim mun mikilvægara fyrir þá.

Ef til vill kann það að vera það sem vakið hefur fyrir Halldóri Ásgrímssyni með því að sækjast eftir stöðu framkvæmdastjóra Norræna ráðherra nefndarinnar, að nýta þau áhrif sem því embætti fylgir til að hámarka gagnið sem norðvesturjaðar Norðurlandanna getur haft af hinu norræna samstarfi, einmitt með tilliti til þess hve það er hlutfallslega mikilvægara fyrir hann en norrænu ESB-ríkin þrjú.

En það er ekki bara samkeppnin við Evrópusambandið sem hefur dregið úr vægi norrænu samstarfsstofnananna. Norðurlandaráð og Norræna ráðherra nefndin þurfa líka að keppa um athyglina við Eystrasaltsráðið, Norðurskautsráðið, Barentsráðið og Norðlæga vídd Evrópusambandsins, svo nokkrar af þeim stofnunum og samstarfsáætlunum séu upp taldar sem helgaðar eru samstarfi í okkar hluta álfunnar. Að teknu tilliti til alls þessa er því ekki að undra að Norðurlandaráðsþing hafi ekki lengur það fréttalega vægi sem það naut í eina tíð.

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFLAG: 365

RITSTJÓRAR: Kári Jónsson og Þorsteinn Pálsson. AÐSTODARRITSTJÓRAR: Jón Kaldal og Steinunn Stefánsdóttir. FRÉTTASTJÓRAR: Arndís Þorgeirsdóttir, Sigríður Björg Tómasdóttir og Trausti Hafliðason. FULLTRÚAR RITSTJÓRA: Björgvin Guðmundsson og Páll Baldvin Baldvinsson. Fréttablaðið kemur út í 103.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Akureyri og þéttbýlissvæðum á suðvesturhorninu. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönum án endurgjalds. ISSN 1670-3871

www.jongunnarsson.is

Eldri borgarar í Suðvesturkjördæmi.
Munið miðdegiskaffið á kosningaskrifstofu Jón Gunnarssonar í Bæjarlind 14, Kópavogi klukkan 16 í dag. Gestur fundarins verður Gunnar I. Birgisson, bæjarstjóri. Allir velkomnir.

4. sæti
Jón Gunnarsson
framkvstj. Slysavarnafélagsins Landsbjargar

KRAFTMIKINN MANN Á ÞING!

FRÁ DEGI TIL DAGS

Hreppapólitik?

Siv Friðleifsdóttir heilbrigðisráðherra Framsóknarflokksins ætlar sér að fjölga hjúkrunarrýmum um 174, samkvæmt áætlun um uppbyggingu hjúkrunarrýma frá 2006 til 2010. Það er gott. En tilviljun ein virðist ráða því að 114 hjúkrunarrými af 174, eða rúmlega 65 prósent af nýju rýmum, lenda í bæjarfélögum og í suðvesturkjördæmi. Það er hennar kjördæmi. Þetta er auðvitað bara tilviljun og því er varla hægt að tala um hreppapólitik, er það?



Fórna hverjum?

Málflutningur Ögmundar Jónssonar, þingmanns vinstri grænna,

sýnir hve hættuleg stefna sósíalista er almennum lífsgæðum á Íslandi. Á heimasíðu sinni segir hann til þess vinnandi að senda viðskiptabankana úr landi til að auka jöfnuð í samfélaginu. „Er þotuliðinu fórnandi fyrir meiri jöfnuð og félagslegt réttlæti? Mitt svar er já,“ skrifar Ögmundur. Nýlega kom fram að Kaupþing greiðir mest í skatt af öllum lögaðilum á landinu. Telur Ögmundur að peningar, sem hann vill nota til félagslegrar aðstoðar, vaxi á trjánum? Jafnaðarstefna í hans huga snýst um það að gera alla jafn fátæka. Er Ögmundi ekki frekar fórnandi?

Fastur fyrir

Í Fréttablaðinu á föstudaginn kom fram að framkvæmdastjórn Sjálfstæðisflokksins, hvar sem sú stjórn

er í skipulaginu, ætlaði í dag að taka fyrir deilur um flokkskrá sem notuð var í prófkjöri í Reykjavík. Ekki er ástæða til að ætla annað en að verðandi framkvæmdastjóri flokksins, Andri Óttarsson, taki á þessu máli af festu. Þegar miklar deilur stóðu um framkvæmd prófkjörs í Norðvesturkjördæmi skrifaði Andri grein á Deiglu. „Það er erfitt að skilja af hverju engin valdastofnun innan Sjálfstæðisflokksins vill taka á þessu máli, upplýsa það og bregðast við. Það hlýtur að þjóna langtímahagsmunum flokksins best að taka afdráttarlausa og harða afstöðu gegn slíku kosningamisferli ...“

bjorgvin@frettabladid.is
magnush@frettabladid.is



Sundrung Sjálfstæðisflokksins

Sjálfstæðisflokkurinn í Reykjavík kemur lemstraður og blóðrisa út úr prófkjöri sínu. Þar sáðu sigurvegarar til sundrunar sem líkleg er til að kalla fram langvinn atök einsog þau sem áratugum saman skóku flokkinn milli Gunnars Thoroddsen og Geirs Hallgrímssonar. Í eftirleik prófkjörsins ganga harðar ásakanir um óheidarleg vinnubrögð sem kunni að hafa ráðið úrslitum.



ÓSSUR SKARPHÉÐINSSON Í DAG | Innanflokksátök

Þöntuð rannsókn

Gísli Freyr Valdórsson, kosningastjóri eins þeirra sem var þindur til að ganga svipugöng skæruliðanna í Valhöll, lýsti í Kastljósi hvernig tveir sigursælustu frambjóðendur prófkjörsins hefðu haft undir höndum öflugri og ítarlegri kjörgögn en aðrir. Hvaðan komu þessi gögn, sem hugsanlegt er að hafi ráðið úrslitum í þeirri miklu símasmölun sem átti sér stað?

Ritstjóri Morgunblaðsins segir í gær að spyrja megi „hvort einhver gögn hafi verið tekin ófrjálsri hendi úr tölvukerfum Sjálfstæðisflokksins og notuð í prófkjöri.“ NFS hafði eftir Kjartani Gunnarssyni að það væri „hrein stuldur“ hafi einhver frambjóðenda í prófkjöri komist yfir aðra flokkskrá en þá sem var í boði fyrir alla frambjóðendur.

Innan Sjálfstæðisflokksins hlykkjast réttlætið eftir sérkennilegum krákustígum. Í yfirlýsingu frá þeim sem klaguð var sagði: „Að beiðni þeirra sem stjórnðu úthringingum fyrir framboð mitt, voru þessar ávirðingar rannsakaðar af starfsfólki Valhalla. Niðurstaða var afgerandi á þá leið að enginn grunur væri uppi um misnotkun.“ Það er nefnilega það.

Sá, sem kvað upp úrskurðinn, er nýr framkvæmdastjóri flokksins, Andri Óttarsson. Í kjölfar „rannsóknarinnar“ sendi hann frambjóðendum bréf þar sem hann birti eftirfarandi sýknudóm: „Ekkert kom fram í þeirri úttekt sem bendir til þess að misnotkun á upplýsingum hafi átt sér stað.“

Andri Óttarsson var auglýstur sem stuðningsmaður á heimasíðu frambjóðandans sem kærar beindist að. Flokkur, sem kallar til mikilla valda og ábyrgðar, verður að hreinsa upp mál af þessum toga með öðrum hætti – ef kjósendur eiga að geta treyst honum. Þegar opinber ráðherraefni eiga í hlut varðar málið fleiri en félagi í Sjálfstæðisflokknum.

Arfleifð Davíðs husluð

Markmið hinna stjórnlausu skæruliða sem ráða Valhöll í skjóli velviljaðs afskiptaleysis Geirs H. Haarde virðist vera að husla sem skjótast pólitískt dánarbú Davíðs Oddssonar. Einni reku var kastað þegar Kjartan Gunnarsson var rekinn einsog fallinn erkiengill úr Paradís Valhalla. Í staðinn var Andri ráðinn, sem þá var þekktur fyrir að hafa skrifað meitlaðar árásgreinar á Björn Bjarnason, á vefriti fóstursonar formannsins.

Í kjölfarið var steypst undan prófkjöri Björns með meistaralegri eldsprengjuárás korteri fyrir kosningu í formi alræmdrar ályktunar stjórnar SUS, sem minnti helst á Tet-sókn skæruliða Viet-kong á sínum tíma.

Skæruliðar Geirs létu sér ekki nægja að hlaða Birni einum. Þeir unnu með virkum hætti gegn ungum þingmönnum sem Davíð sagði að hefðu einir gengið með sér undir höggjöð í fjölmiðlamálinu. Sigurði Kára og Birgi Ármannssyni var refsað grimmilega fyrir að hafa stutt Davíð Oddsson þegar launráðum í bland við eittrað vald var beitt til að sölsa leiðtogasætið í borginni frá Ingu Jónu Þórhárdóttur, móður Borgars Bjarnarbana, og því smelt undir Björn Bjarnason. Prófkjörið snerist um hefnd fyrir þann verknáð.

Fullhefnt er Ráðhússins

Í Sturlungu kölluðu hefndir einatt á ný vígaferli og nýjar hefndir. Í leiðangri Þórðunga í prófkjöri Reykjavíkur var því sáð til nýrra og langvinnra átaka. Á Alþingi situr nú ættarlaukur Engeyinga og bíður færís. Hann veit, að sá kann allt sem bíða kann. Ungu þingmennirnir sem nú ganga frá prófkjöri þústru þrútnir munu vitaskuld veita Engeyingum gegn hinum nýju Þórðungum þegar tími uppgjörsins rennur upp. Hann kemur.

Á meðan sleikir gamalt ljón pólitísk sár í myrkum hæðum Seðlabankans og undrast þá heift sem arfleifð hans mætir eftir áralanga þjónustu við flokk, sem honum tókst að berjja saman, en skæruliðar Valhalla hafa nú lamið sundur. Björn Bjarnason sagði að flokksmenn væru með óbragð í munn.

Hvar verður þú í kvöld?

UMRÆÐAN

Hjálparstarf kirkjunnar

Í dag 6. nóvember, ganga fermingarbörn í hús og safna til hjálparstarfs á vegum kirkjunnar sinnar. Vertu klár, ekki bara með budduna ef þú átt aur – heldur líka hvatningu. Það er ekki oft sem krakkar fá tækifæri til að hjálpa svo um muni. Þeim er frekar legið á hálsi fyrir að hugsa bara um sig – en unglingsárin eru jú umbrotatími á líkama og sál. En taktu undir með þeim þegar þau banka upp á hjá þér – hvort sem er með framlagi eða hvatningu.



ANNA M. P. ÓLAFSDÓTTIR

Fermingarbörnin hafa fengið fræðslu um örbirgð í þróunarlöndum og vitahring fátæktar. Þau hafa séð hvernig peningar frá Íslendingum skila sér í hjálparstarfi kirkjunnar: Í brunnum, áveitum, skepnuhaldi og fiskiræktartjörnum sem gerir afkomuna öruggari og fæðuna fjölbreyttari – líka í menntun og mannréttindum fyrir fátækt fólk sem gerir allt til að sjá sér farborða. Allt árið er unnið úr fjármunum sem fólk treystir Hjálparstarfi kirkjunnar fyrir. Meira á www.help.is

Eru unglingar latir og sjálfhverfir? Reynsla undanfarinna ára hefur ekki sýnt okkur þá hlið. Prestar í 66 sóknum um allt land sýna 3.400

fermingarbörnum myndir frá hjálparstarfi kirkjunnar Afríku. Þeir fræða börnin um ábyrgð kristinna manna á velferð náunga síns. Og það kemur í ljós að þau hafa ríka réttlætiskenn. Og þau vilja gera eitthvað í málu. Í dag skipta þau með sér götum í hverfinu sínu. Þau fara út um hálf sex leytið þegar flestir eru komnir heim úr vinnu, með merka og innsiglaða bauka. Á eftir sitja þau lengi og skiptast á sögum: „Einn setti 5000-kall í!“, „ég sá svo ógeðslega sætan hund í einu húsinu!“, og sumir áttu ekki pening ... og þá gefst tími til að ræða það.

Það hafa það ekki allir gott á Íslandi og það eru svo margar ástæður fyrir því. Þess vegna styður Hjálparstarf kirkjunnar fjölda Íslendinga líka – sérstaklega um jólin.

Ég hvet þig til að taka vel á móti fermingarbörnum sem koma til þín. Hvettu þau til dáða, því vinna þeirra skiptir miklu máli. Ef það sem safnaðist í söfnun fermingar barna í fyrra, 6,8 milljónir króna, er umreiknað miðað við kostnað við einn brunn sem þjónað getur 1000 manns, þá fengu 56.000 manns aðgang að hreinu vatni til framboðar. Hoppaðu á vagninn, þú gerir heilmikið gagn með því sem þú réttir yfir þröskuldinn.

Höfundur er fræðslu- og upplýsingafultrúi Hjálpar-



ÓLAFUR VILHJÁLMSOON
Hljóðvist í skólum mikilvæg
HÚS 5

allt fasteignir

ER ÞÍN EIGN AUGLÝST HÉR? MEST LESNA FASTEIGNABLAÐ LANDSINS

FRÉTTABLAÐIÐ

FASTEIGNASÖLUR	
Árborgir	13
Ás	22-24
Búmenn	12
Búseti	7
Draumahús	15-17
Eignamiðlun	14
Eignaval	13
Höfði	12
Lundur	20 og 21
FMG	6
Nýtt	19
Fast.félag Austurlands	6
Fasteignarmarkaðurinn	7
Remax	18, 25
Smárinn	10
Valhöll	11



Veglegir kertastjappar prýða heimilið.

Bakað og bardúsað

Heimili hjónanna Ragnheiðar E. Ragnarsdóttur og Yngva Arnar Stefánssonar ber bæði smekkvísi þeirra og framtakssemi vitni. Heimilið er uppi í risi við Bárugötu í Reykjavík.

Bökunarilmur berst út á ganginn þegar komið er upp á þriðju hæðina á Bárugötu 5 enda húsfreyjan með köku í ofninum. Hún er heima-vinnandi um þessar mundir en viðskiptavinir Pétursbúðar á Ránargötunni kannast vel við konuna þar sem hún átti og stýrði þeirri verslun um sjö ára skeið. „Ég seldi búðina í maí í vor því eftir að við ættleiddum litlu dömuna langaði mig að vera lausari við,“ segir Ragnheiður brosandi.

Sjá síðu 2



Efri sérhæð í Skerjafirði er til sölu hjá Húsakaupum.

Útsýni til allra átta

FALLEG 106 FM EFRI SÉRHÆÐ Á VINSÆLUM STAÐ Í SKERJAFIRÐI ER TIL SÖLU HJÁ HÚSAKAUPUM. GLÆSILEGT ÚTSÝNI ER ÚR ÍBÚÐINI.

Í íbúðinni eru fjögur svefnherbergi, stofa og borðstofa ásamt baðherbergi og sjónvarpsholi. Gengið er inn um sérinngang í litla forstofu og þaðan upp á stígapall. Hægt er að ganga úr forstofunni niður í sameign hússins. Af stígapalli er gengið inn í litið forstofuherbergi og í sjónvarpshol. Úr sjónvarpsholi er gengið inn í önnur herbergi íbúðarinnar. Stofan er rúmgóð og björt með stórum gluggum og útsýni yfir sjóinn. Þaðan er gengið út á stórar svalir með útsýni til allra átta. Eldhúsið er með eldri innréttingu sem skipt hefur verið um að hluta, einnig hafa borðplötur verið endurnýjaðar. Úr gluggum er útsýni yfir Esjuna, Hallgrímskirkju og Perluna. Ágætis borðkrókur er í eldhúsinu. Í baðherberginu er baðkar og nýjar flisar á gólfi. Á öðrum gólfum er parket.

Skipt hefur verið um frárennislagnir frá húsinu sem og rafmagn í íbúðinni. Í kjallara er sameiginlegt þvottahús ásamt góðri geymslu.

GÓÐAN DAG!

Í dag er mánudagurinn
6. nóvember, 310. dagur
ársins 2006.



Sólarupprás	Hádegis	Sólarlag
Reykjavík	9.26	13.11
Akureyri	9.22	12.56
Heimild: Almanak Háskólans		16.29



Smáauglýsingasími
550 5000

Auglýsingasími Allt
550 5880

Þú getur pantað
smáauglýsingar á visir.is



Gæti lán í erlendri mynt verið lausnin?

SPRON Myntlán eru veitt til kaupa, framkvæmda eða endurfjármögnunar á íbúðarhúsnæði eða atvinnuhúsnæði. Unnt er að taka fullt SPRON Myntlán eða blandað lán þar sem helmingur lánsins er myntlán og hinn helmingurinn í íslenskum krónum.

Upplýsingar í næsta útibúi SPRON í síma 550 1200,
í þjónustuveri SPRON í síma 550 1400
eða á spron.is





Stofusófinn kemst vel fyrir undir súðinni.



Ragnheiður, Yngvi og dóttirin Theodóra Ýr.



Hér er gægst inn í herbergi hjónanna.

Við erum borðstofufólk

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafll., planófl. o.fl. Extra stór bíll. Flutningaþj. Mikael. S. 894 4560.

Búslóðafl. og allir almennir flutn. 2 menn ef óskað er. MJ flutningar. S. 692 7078.

Húsaviðhald



Viðhaldsvirkni Ehf
S. 661 0117 & 690 9117
Málarameistarar, múrarar og smíðir, sérhæfa sig í öllu sem viðkemur viðhaldi fasteigna. Svo sem málan utan sem innan. Sandspírslun. Steypumúr uppsteypu, sprungu og múrviðgerðum, tréþopp- viðgerðum sem og margt fleira.
www.vidhaldsvirkni.is
virkni@vidhaldsvirkni.is



FAGÞAK
Alhliða lausnir á flötum þökum
Yfir 20 ára reynsla af PVC dükum
Sími 820 3415
fagthak@fagthak.is



HÚSEIGNAÞJÓNUSTAN

Sími 892-1565

892 1565 - Húseignaðjónustan - 552 3611. Lekabéttingar - þakviðg. - múrvíðg. - húsakl. - öll málingarvinna - háþrýstíþv. - þakþéttiefni (500% teygjanl.).

STEYPUSÖGUN KJARNABORUN

MÚRBROT
MALBIKSSÖGUN
ÞRIFALEG UMGENGNI

SAGTÆKNI ehf

Þarjartúni 8, 112, RVK
www.sagtackni.is

567-4262 & 893-3236

Húsviðhald!

Þak- og utanhússklæðningar og allt húsviðhald. Ragnar V. Sigurðsson ehf. S. 892 8647.

Pípulagnir

Pípulagnarmeistari getur bætt við sig stórum sem smáum verkefnum. Uppl. í síma 892 8720.

Múrbrot

Tökum að okkur hverskonar múrbrot, fjarlægja efni, frágangur og pípulagnir Uppl. í s. 892 8720.

Verktakar geta bætt við sig verkefnum í pípulögnum og trésmíði. Upplýsingar í síma 663 5315 & 699 6069.

Tek að mér allt alm. viðhald húsa, s.s. málun, múrun, flísa- & parketlagning og trésmíði, nýsmíði á gluggum og ísetningu. Fóst tilboð eða tímavinna. S. 616 1569.

Parket- og flísalagnir

Vönduð vinna, vanir menn. Fóst tilboð eða tímavinna. S. 892 9804.

Dúklagningarmeistari

Getur bætt við sig verkefnum. Veggfóður, dúkalög, flísar, parket og teppi. Uppl. í s. 892 8968.

Glerjun og gluggaviðgerðir!

Sjáum um öll glerskipti, viðgerðir og breytingar utanhúss sem innan. Fyrir húseigendur og húsfélög. Tilboð þér að kostnaðarlausu. Fagþjónustan ehf, s. 860 1180.

Stíflupjónusta

Stíflupjónustan ehf
S. 5542255; 8965800
Stíflulosun-Rörmyndun
www.stiflutjonustan.is

TIL SÖLU

GRANÍT HÚSIÐ
www.granithusid.is

S: 544 5100

Granítborðplötur
granítflísar
handlaugar
Helluhraun 2 - Hafnarfjörður

Stíflulosun Rörmyndun

Leita stíflur til salernum, víðkum, þakkerum og andl. ídolum. Rörmyndaveki til að staðsetja skemmdir í ídolum.

Skolphreinsun
Asgeirs sf.

S. 892 7260 & 567 0530.

Tölvur

Þarftu aðstoð við tölvuna? Kem á staðinn og geri við. Viðurkenndur af Microsoft. 11 ára reynsla. Ríkharður S. 615 2000, 8-23 alla daga.

Spádómar

ALSPÁ

Miðun, draumar, ráðgjöf, heilun, fyrirbætur, NLP, Símaspá, einkatímar og. m.fl.

445 5000
FINN TÝNDA MUNI
VISA Greiðsla MASTERS

908 6116

Er spákonan Sírý
Ástir - fjármál
heilsa
Einkatímar í
S.845 4009

Kærleiks-ljósið

Spámiðill, Tarot-lestur
og kristalkúla
VISA S. 566 7311 Euro

Kærleiks-ljósið

Spámiðill, Tarot-lestur
og kristalkúla
VISA S. 566 7311 Euro

engill.is

Spái í 4 tegundir spila og kristal.

Uppl. í s. 557 4391 & engill.is. Áratuga reynsla, Þóra frá Brekkukotí.

Kristjana spámiðill tekur fólk í einkatíma. Þeir sem til mín vilja leita pantíð tíma í s. 554 5266 & 695 4303.

Örlagalínan 595 2001 & 908 1800

Miðlar, spámiðlar o.fl. Fáðu svör við spurningum þínum. www.orkagalina.is.

Bella.is S: 699 1673.

Spilaspá. Tarot. Draumaráðningar. Andleg leiðsögn. Bið fyrir þeim sem vilja. Áratuga góð reynsla. S: 557 9939 (904 2080) 199,90 mín kl 15 - 24 nema Sunnudaga. Bella.is

Hanna s. 847 7596, VISA/ EURO

Andleg leiðsögn. Spilaspá, Tarot. Draumaráðningar. Fyrirbætur. 199 mín. Er við alla daga frá 12-24. S. 555 2927, 847 7596. (Ath. hef lagt niður 908 6040).

Miðla til þín, því sem þeir sem farnir eru segja mér um framtíð þína. Einkatímar. Erla s. 587 4517.

Spennandi tími fram undan? Spákonan Yrsa í beinu samb. S. 908 6414. Símaspá, draumaráðningar.

Englajós til þín 908 5050

Spilaspá, draumar, fyrirbætur, andleg leiðsögn. Er við frá kl. 10 - 2 eftir miðnætti alla daga. Lára spámiðill.

Iðnaður

Tökum að okkur flísalagnir. Niðurlög á steinteppi, flötun og ýmislegt sem við kemur múrverki. Gerum verðtilboð þér að kostnaðarlausu. Uppl. Granat-Múr ehf s.866 6291.

Múrarak

Múrviðgerðir, flísalagnir, arinhleðslur. Múrarmeistari. Uppl. í s. 896 5778 & 567 6245.

Rafvirkjun

Raflagnir Dyrasimar

Set upp ný dyrasimakerfi og geri við eldri. Endurnýja raflagnir í eldra húsnæði ásamt viðgerðum og nýlögnum.

Fljót og góð þjónusta
Sími 893 1733

Jón Jónsson
Löggiltur rafverkjafi

www.raflagnir.is

Trésmíði

Húsnæðameistari. Getum bætt við okkur verkefnum. M.a. gífs, loft og veggir. Inni- og útvinnu. Tilboð eða tímavinna. S. 897 3006.

Önnur þjónusta

Hanna og sauma kápur og kjóla fyrir öll tækifæri. Fegurð og gæði í 1. sæti. Rósa s. 694 1574.

Alhliða loftnets- og gervihnattaupps, breytingar og viðhaldsþj. Uppl. í s. 892 9803.

HEILSA

Heilsuvörur

Hugsanlega hollasti morgunverður í heimi

Herbalife - veitið að þínum þörfum!
Símanúmer 698 0919 - Þegar 896 2277

cinn2og@simnet.is
www.cinn2og.is

Hugsanlega hollasti morgunverður í heimi

Herbalife - veitið að þínum þörfum!
Símanúmer 698 0919 - Þegar 896 2277

cinn2og@simnet.is
www.cinn2og.is

Hugsanlega hollasti morgunverður í heimi

Herbalife - veitið að þínum þörfum!
Símanúmer 698 0919 - Þegar 896 2277

cinn2og@simnet.is
www.cinn2og.is

ShapeWorks
www.bergun.is

Apríl 2004
Maí 2004

Eg breytti um lístil!
Hvæð um þig?
Uppl. S.8815512

vitamin.is

3.900kr 3.800kr 3.900kr

Heitustu vörurnar

Verðun Vitamin.is - Ámála 22
s. 544 8860 - Opð mán-fré 10-18 & laug 11-15
Bændur Vitamin.is - Gránahlöggaþetta 4 (SÞÚ Húsi)
s. 880 2102 - Opð mán-fré 10-18.30 & laug 11-15.

Léttari og hressari með Herbalife. www.dagamunur.is s. Ásta. 891 8902

Árangur með Herbalife! Ráðgjöf og eftirfylgni. Edda Borg www.lifstill.is S. 896 4662.

Árangur með ShapeWorks
Árangur með ShapeWorks Betri líðan og fullkomin þyngdarstjórnun. Ráðgjöf, aðhald og eftirfylgni. Ræga einkaþjálfari og Herbalife dreifingaráðili www.heilsufrettir.is/ræga - gsm 8647647

Taktu þér tak! Með Herbalife nærðu árangri og betri líðan. Erla Bjartmarz, s. 899 4183 www.eco.is

Missti 10 kg á 12 vk. Þú getur það líka með Herbalife. Rannveig 862 5920 www.321.is/rannveig.

Botnlaus orka betri líðan! Herbalife Shapework. Heilsuráðgjöf og eftirfylgni. Kaupauki fylgir. Halldóra Bjarna hjúkunarfræðingur. www.halldorabjarna.is S. 861 4019 & 868 4876.

TIL SÖLU

GITARINN
HEIÐJÓFÆRAVERSLUN
Burns Batwing

Tilboðsverð:
Kr. 49.900,-

Opð. Mán-Fös. 10-18
Laug. 11-15

Stórhöfða 27 • Sími: 552-2125 • www.gitarinn.is • gitarinn@gitarinn.is

Líkamsrækt

Hættu að reyka á 60 mín. Hafðu samband í síma 862 3324. Við losum þig við nikótínþörfina. www.heilsurad.is

Fæðubótarefni

Viltu léttast? Eða þyngjast? Þú getur það með Herbalife! Hafðu samband. Ólóf. S. 861 5356, olsiar@hotmail.com

SKÓLAR & NÁMSKEIÐ

Ökukennsla

Ökukennsla, aðstoð við endurtökupróf og akstursmat. Kenni á BMW 520D. S. 893 1560 og 587 0102, Páll Andrésón.

HEIMILIÐ

Heimilistæki

RAF HEIMILIÐ

Gufustrauberð fyrir kröfuharða!

Ryksugurkerfi -Rafvirkjar - Nuddpottþjónusta -Raftækjaverkstæði -Rafbylgjumælingar. Verslun opin 17-18. Hamraborg 5. Símar 567 8909 eða 863 8909 (24/7) www.rafheimilid.is

Rainbow RainMate
NYTT NYTT

Sjálfstætt loftþreinsi og rakatæki

Fransens loftið í gígurum vatn og gefur frá sér raka. Mægar teg. ímetna. Einnig lyktauþyrð sem fjarlægir l.d. söbakatlykt og matarykt

Hrein þjónusta ehf
Dalbraut 3, 105 RVK
897 2800 - 567 7773

Dýrahald

Franskir mastíff hvolpar til sölu. Uppl. í síma 662 2700.

FERÐIR

FJÓRHJÓLA FERÐIR
www.eskimos.is / Sími 822 0055 SKORRADAL



Tilsölu hreinræktaðir Langhundahvolpar, undan innfluttum foreldrum, móðir Kanadískur meistari, ættbókarfærðir, örmerktir og heilsufarskodaðir. Uppl. í s. 863 0474.

Ýmislegt



Haust tilboð á heitum pottum Eignum örfáa Beachcomber heita potta eftir. Fimm ára ábyrgð. Frí heimsending hvert á land sem er. Sendum bæklinga samdægurs. Öskum hundruðum nýrra potta eignaða á Íslandi til hamingju með pottinn sinn. Með von um að þið njótið vel og takk fyrir viðskiptin. Opíð alla daga frá 9 til 21.00. Allar nánari uppl. í s. 897 2902 eða mvehf@hive.is

TÓMSTUNDIR & FERÐIR

Fyrir veiðimenn

GORE-TEX
GORE-TEX
W, Gore & Associates

HEITUR OG ÞURR Í termo
SPORTVÖRUGERÐIN
Skiplótt 5, 562 8383

HÚSNÆÐI

Húsnæði í boði

Leigjendur, takið eftir! Þið eruð skrefi á undan í leit að réttu íbúðinni með hjálp Leigulistans. Kíktu inn á www.leigulistinn.is eða hafðu samb. við okkur í s. 511 1600.

Herbergi til leigu fyrir skrifstofur eða annað. Áhugasamir sendi póst á ff.fjordur@simnet.is

3ja herb. 83 fm íb. á jarðh. við Burknavelli, Hfj. til leigu í a.m.k. 1 ár. Laus strax. Leiga 95 þús. hússj. innfallinn. Kristján S. 898 7422.

Húsnæði óskast

Óska eftir stúdíó eða 2ja herb. íbúð á höfuðborgarsv. Helst á svæði 101. Greiðslug. ca. 75 þ. á mánn. Góð fyrirfram gr. í boði. Reglusemi, góð umgengni og skilvisum greiðslum heitið. Uppl. í s. 694 7923.

Traustur aðili óskar eftir íbúð í Hafnarfirði. Öruggar greiðslur. S. 867 6611.

33 ára reglusamur helgarpabbi óskar eftir herbergi eða stúdíóíbúð, ódyrt. Uppl. í s. 866 2350.

Atvinnuhúsnæði

Verslunarhúsnæði - Laugarvegi 101
Til leigu er 82 fm. verslunarhúsnæði við Laugaveg. Góðir gluggar - snyrtileg eign í góðu standi - getur verið laus strax.
Upplýsingar í síma 897 8266.

Tangarhöfði-Hagstæð leiga. Glæsilegt 200 fm skrifstúsn. á 2. hæð til leigu á ca. kr. 700 pr. fm. Rúmgott anddyri, 7 herb. m/parketgólfi, fundar- og eldunar- aðstöðu, geymslu og snyrtingu. Uppl. í vs. 562 6633 & 693 4161.

Til leigu

Við sund, 20 fm skrifstofuhúsnæði. Við Laugaveg 330 fm verslunarhúsnæði. Sími 894 1022 og 553 9820 www.leiguval.is

50 fm, skrifstofuherbergi, til leigu á svæði 110. Sameiginleg kaffistofa, fundarherbergi og WC. Snyrtileg og góð aðstaða. Leiga 60 þús, m/rafmagni og hita. S. 511 1818.

Óska eftir verslunarhúsnæði til kaups eða leigu á Stórrvkv. Stærð 250-700 fm. Með góðri aðkomu og bílastæðum. S. 866 4639 Rúna, 892 7755 Kristín & 864 7460 Svavar.

Til leigu ca. 170 fm verslunar eða skrifstofuhúsnæði við Hlíðarsmára, Kópavogi. Upplýsingar veitir Baldvin í s. 898 1177.

Geymsluhúsnæði

Þú geymir í gám við geymum gáminn

Geymsla í skemmi eða lengri tímal
Gámarnir eru staðsettir á lokuðu svæði Hafnarbakka.

HAFNARBAKKI
Skrifstofan Hafnarbaki
Sími: 863-2722 - www.hafnarbakki.is



Þinn eigin geymslubílskúr. 7, 10 og 17 m². Búslóðir, fyrirtæki, iðnaðarmenn. Upphitað og vaktað. S. 564 6500. www.geymslaeitt.is



Gámar af ýmsum stærðum til sölu og leigu.



Geymsluhúsnæðið Auðnum II, 190 Vogar.
Tökum til geymslu, tjaldvagna, fellihýsi, búslóðir o.fl. Uppl. í s. 864 3176 & 895 3176.

Geymsluhótelíð ehf
Geymum húsbíla, tjaldvagna, báta o.fl. Uppl. í s. 895 1831.

ATVINNA

Atvinna í boði

ÖRLAGALÍNAN
Óskar eftir hæfileikaríkum miðlum og lesurum á línuna. Draumráðendur eru sérstaklega boðnir velkomnir til starfa á línunni.
Vinsamlega sendið umsókn á bjork@nt.is eða hringið í síma 863 8055.



Fristundaheimili
Starfsfólk óskast á fristundaheimilin við grunnskóla Reykjavíkurborgar eftir hádegi á virkum dögum.
Nánari upplýsingar á www.itr.is og í síma 411 5000.

Smart - Starfsfólk
Starfsmaður óskast á sólbáðstofuna Smart ehf. Grensásvegi 7. Reyklaus vinnustaður.
Umsóknareyðublöð á staðnum. Sólbáðstofan Smart.

Hrafnista Reykjavík-Umönnun
Starfsfólk óskast í aðhlyningu.
Starf 1: 8-16 virka daga
Starf 2: Morgun-kvöld og helgarvaktir.
Starf 3: 4ra tíma síðdegisvaktir.
Upplýsingar gefur Magnea í síma 585 9529 eða á magna@hrafnista.is

Viltu vinna í góðum hópi af skemmtilegu fólki?
Kringlukránni vantar fólk til þjónustustarfa í sal. Um er að ræða fullt starf og hlutastarf. Rótrógrín rekstur. Lágmarksaldur er 20 ára.
Umsóknir á staðnum og á www.kringlukrain.is
Upplýsingar um starfið veitir Sophus í s. 893 2323.

Bílstóri/Útkeyrsla
Óska eftir bílstjóra hjá Bakareameistarnum. Þarf að geta byrjað sem fyrst. Aðeins reglusamur einstaklingur kemur til greina. Ekki yngri en 20 ára. Vinnutími er frá kl 06.00 - 14.00 virka daga og 3 hverja helgi. Góð laun í boði.
Uppl. gefur Vigfús í síma 893 3310 & Óttar í síma 864 7733.



Við leitum eftir módelum fyrir hársýningu á vegum L'Oreal Professional sem haldin er af CHA-CHA-CHA hópnun frá Danmörku þann 13 nóv. Áhugasamir hafið samband við Árgerði fyrir 7. nóv. í síma 587 1888.

Ritfanga- og leikfanga-verslun

Óskar eftir starfsfólki í fullt starf. Umsóknir sendist á maar@frett.is merktar „BG“.

Útvegum starfsfólk frá Póllandi í flestar starfsgreinar. Uppl. í s. 699 6999.

Björnsbakari-vesturbæ óskar eftir starfskrafti til afgreiðslustarfa í bakaríum okkar. Vinnutími er frá kl 13-18.30 daglega. Helgarvinna kemur einnig til greina. Vinsamlegast hafið samband við Sigríði í síma 699 5423 eða á netfangið: bjornsbakari@bjornsbakari.is

Starfsfólk óskast á nýjan og glæsilegan veitingastað í Kópavogi. Upplýsingar veitir Auður í s. 861 8151, Quiznos Sub.

Zatrudnie
Piekarza na pelny etat. Piekarnia. Kókubankinn garðabæ s. 891 8258, Þóra.

Zatrudnie
(Do pracy) w piekarni (sprzedawqxnie) znajomosc Islandzkiego milewizdziana. Kókubankinn Garðabæ s. 891 8258, Þóra.

Starfsfólk óskast
Duglegan starfskraft vantar á dagvakt í sölutum og grill í Hafnarfirði. Ekki yngri en 20 ára. Einnig hlutastarf á kvöldin og um helgar. Uppl. í s. 896 4040.

Lítið hótél í Reykjavík leitar eftir fólki í þríf á morgnana. Hentar vel með skóla. Vinsamlegast sendið umsókn ásamt ferilskrá til alfa@hotelvik.is eða í s. 588 5588.

Bílstjóri á norðurlöndum
Bílstjóra vantar til keyrslu á nýjum truckum á Norðurlöndum ásamt fólki í planingu. Fagmannleg framkoma, og enska og/eða skandinavíska skilyrði. Áhugasamir hringi eða sendi sms á íslensku í +49 171 955 2811 eða sendið póst á info@miracas.net. Verðum með viðtöl 10.-14. nóvember í Reykjavík og á Akureyri.

TILKYNNINGAR

Umsóknir um skólavist á vorönn 2007

Tekið verður við umsóknum um skólavist á vorönn 2007 til 1. desember 2006. Umsóknum má skila á skrifstofu skólans eða senda í pósti.

Umsóknareyðublöð og almennar upplýsingar um skólann og viðmiðunarreglur vegna innritunar nýrra nemenda má finna á heimasíðu skólans <http://www.mh.is>.

Umsóknum skal fylgja afrit af grunnskólaprófsskírteini og upplýsingar um nám á framhaldsskólastigi. Gott er að bréf með nánari upplýsingum fylgi.

Skrifstofan er opin alla virka daga milli kl. 8.30 og 15.30. Sími 595 5200, netfang mh@mh.is.

Rektor.

Laus er til umsóknar staða leikskólakennara. Einnig óskum við eftir fólki með sambærilega menntun eða reynslu. Náttúruleikskólinn Hvarf er sex deilda einkarekinn skóli. Einvala starfsfólk starfar í leikskólanum og er mikil jákvæðni og áhugi í hópnun. Grunntónninn í starfsmannastefnu leikskólans er hlýja og faglegur stuðningur. Þeir sem hafa áhuga á að sækja um starf vinsamlegast hafið samband í síma 570 4900 eða með því að senda tölvupóst á leikskolinn@obradgjof.is

Málarar.

Vantar málara eða menn vana málingarvinnu. Uppl. í s. 697 3592.

Atvinna óskast

27 ára gamall karlmaður óskar eftir vinnu. Flest kemur til greina. Vinsamlegast hafið samband í s. 699 5913 Kiddi.

TILKYNNINGAR

Ýmislegt

Engar skuldir - Hærri tekjur

Skoðuðu Magnad.com og lærðu að skapa þér þær tekjur sem þú vilt - heima hjá þér!

Einkamál

SPJALL SÖGUR OG DEIT

Karlar 515-8800
Konur 515-8888

ALLAR ÞJÓNUSTUR Í EINU NÚMERE
905-2580

TANTRA
EROTISK VERSLUN

LANDSINS MESTA ÚRVAL AF VHS, DVD OG LEIKFÖNGUM FYRIR FULLORDNA

OPID MÁN - FÖS 12:00 - 20:00
OG LAUGARD, 12:00 - 18:00

FÁKAFENI II HLÍÐASMÁRA 13
SÍMI 588 6969 / 587 6969
WWW.TANTRA.IS

Spjallrásin 1+1
Konur: 595-5555
Karlar: 908-5555

langflasta spjallrás á Íslandi
Símaxestnummóð 905-5555

Hlustaðu á...

Spennandi frásagnir

Fleiri tugar kvenna "ægja frá" í nokkur hundruð hljóðritunum. Hæð er nýtt í dag?

905-2002 kr. 99
535-9955 kr. 19

Simaspjall

við dómurnar á Rauða Torginu

908-6000 „299“
535-9999 „199“

Spjöllum saman!

Konur (fritt): 555-4321
Karlar (19,90): 535-9940
Karlar (39,90): 904-5454

Vinsælasta stefnumótalina landsins!

Konur: 555-4321 (fritt)
Karlar: 905-2000 (199,90)
Karlar: 535-9920 (199,90)
Karlar: 535-9923 (fritt)

Ert þú karlmaður? Viltu láta dekra við þig? Hafðu samband í síma 869 6914.

Exotic, Erotísk svört nuddstelpa. Uppl. í s. 659 9420.

Símaspjall 908 6666.
Hæ ég heiti Anný og er heit og ljúf og langar að heyrja í þér. Opið allan sólahringinn.

Ég var með vinkonu minni! Ung kona lýsir reynslu sinni nákvæmlega! Fráber ný frásögn hjá Sögum Rauða Torgins, sími 905 2002 (símatorg, kr. 99,90 mín) og 535 9930 (Víska, Mastercard) kr. 19,90 mín, sögun. 8216.

Notalegt nudd. Uppl. í s. 616 6469.

ATVINNA

Atvinna í boði

Óskum eftir rösku fólki til heilsdags- og hlutastarfa.

Um er að ræða almenn afgreiðslustörf, starf í kjóteild og umsjón með mjólkur- & ostadeild.

Verslunin er fjölskyldufyrirtæki staðsett í vesturbæ Reykjavíkur. Lítil vinnustaður með stóra sál með upp. 15 heilsdags stöðugildum.

Upplýsingar gefur verslunarstjóri í síma 551-0224 og í versluninni. Melabúðin Þín Verslun, Hagamel 39.

Atvinna í nettó Mjódd

Starfsmann í póstafrgreiðslu

Póstafgreiðslan er opin alla virka daga frá kl. 10 - 18.

Allan nánari upplýsingar gefur verslunarstjóri á staðnum, Þönglabakka 1, 109 Reykjavík



FRÉTTABLAÐIÐ

– smáauglýsingar sem allir sjá

Atvinna óskast

Smáauglýsing óskar eftir tímabundnu starfi við auglýsingar. Mikil reynsla og góð meðmæli. Uppl. í síma. 550 5000



AÐALSTRÆTI 10

Aðalstræti 10 er elsta húsið í Kvosinni, talið byggt árið 1762, og er það síðasta af timburhúsum sem byggð voru í Reykjavík undir starfsemi Innréttinganna. Í húsinu var upphaflega ullargeymsla og íbúð bókhaldara Innréttinganna. Kaupmaðurinn Westy Peetres keypti húsið upp úr aldamótunum 1800 þegar starfsemi Innréttingana lauk. Margir sögufrægir menn hafa síðar búið í því, þeirra á meðal Geir Víðalín biskup og Jón Sigurðsson. Endurbætur hafa verið gerðar á húsinu síðustu ár, en upphaflegt útlit þess látið halda sér. (Heimild: www.reykjavik.is)



DRAUMAHÚSIÐ MITT MAGGA STÍNA SÖNGKONA

Hús þar sem allir geta búið


Magga Stína gerir sér mjög sveigjanlegar hugmyndir að draumahúsinu sínu. „Húsið á að vera stærsta hús í heimi. Það á ekki að vera með neinu þaki og allir veggir eiga að vera sveigjanlegir,” segir Magga Stína.

Í húsinu mega allir búa sem vilja, svo lengi sem sambúðin er í sátt og samlyndi. Innan veggja hússins vex villtur gróður og hamingjan blómstrar. En hvað gera íbúar þaklausa hússins þegar fer að snjóá? „Ég lenti í smá heilabrotum með það en það verður að vera einhvers konar gler eða plasthimna sem maður getur skriðið undir,” segir Magga Stína. „Maður verður samt undantekningalaust að sjá himininn þegar maður liggur í rúminu. Svo höfum við bara nóg af lopasokkum.”

Draumahúsið á að sjálfsögðu að vera á Íslandi því eins og Magga Stína orðar það er það „ennþá fallegasta land í heimi”. Magga er ekki hrifin af þeirri eyðileggingu náttúrunnar sem virkjanaáform hafa í för með sér. „Ég er einfaldlega ekki hrifinn af því þegar fólk eyðileggur umhverfi sitt og sýnir þannig yfirgang gagnvart náttúrunni,” segir Magga Stína.



SELDAR EIGNIR Á HÖFUÐBORGARSVÆÐINU*



*Þinglýstir kaupsamningar, heimild Fasteignamat ríkisins.



Búðardalur fær nú í fyrsta sinn sérhannaðan leikskóla.

Leikskóli byggður í Búðardal

Fyrsta leikskólahúsið í Dölum er á teiknborðinu.

Þessa dagana er verið að ljúka við grunnmyndir að leikskólabyggingu í Búðardal að því er fram kemur í Skessuhorni. Það verður fyrsta sérhannaða byggingin til þeirra nota sem reist verður í Dölunum. Húsið verður væntanlega 356 fermetrar að stærð og á að rísa við hliðina á Dalabúð. Aformað er að leikskólinn verði tveggja deilda og rúmi öll þau börn er þurfa leikskólapláss í sveitarfélaginu.

Vonir standa til að hægt verði að ljúka jarðvegsvinnu og grunni hússins fyrir júl það er að segja ef samningar nást um kostnað, en haft er eftir Skessuhorni að Gunnólfi Lárussyni, sveitarstjóra Dalabyggðar, þyki fyrstu kostnaðartölur í hærri kantinum og hyggist hann leita hagstæðari yilboða.



ALNO®

ALNO®



KAUPAUKI



32" DiBOSS LCD sjónvarp fylgir öllum ALNO eldhúsinnréttingum sem staðfestar eru í nóvember 2006

PANORAMA

ELDHÚS • TÆKI • BAÐ • FATASKÁPAR

... miðstöð innréttinga

Síðumúla 30 • 108 Reykjavík

s. 553 6400 • f. 553 6403 • panorama@panorama.is • www.panorama.is

Svona er Alcan í raun!

UMRÆÐAN

Brottrekstur

Eina ferðina enn gera stjórnendur Íslenska álfélagsins atlögu að starfsfólki og heiðri þess. Árlegum hreinsunum er nýlökkið undir þeim formerkjum að óæskilegur starfskraftur hafi þurft að víkja. Menn með langan starfsaldur, þetta 20-30 ár, eru reknir fyrirvaralaust án nokkura ástæðna. Ísal-Alcan hlýtur að vera óheppnasta fyrirtæki á Íslandi að lenda í því svona sí og æ að ráða mikið af ónothæfu starfsfólki og uppgötva síðan ekki fyrr en eftir jafnvel 30 ár að starfskrafturinn var í raun ónothæfur. Það er komið nóg! Samþykkt Alþjóðavinnumálastofnunarinnar, ILO, um uppsagnir þarf að taka upp á Íslandi strax. Hvar eru stjórnvöld? Í vasa stóridjúfyrirtækja eins og Alcan? Ég hef fylgst með fjölmiðlaumræðu síðustu vikna og get ekki orða bundist lengur. Opnuauglýsing Alcan í Fréttablaðinu 26.10. 06 með fyrirsögninni „Svona erum við!“ lýsir nokkuð vel þeim hugmyndaheimi sem stjórnendur fyrirtækisins dvelja í. Hvar eru mengunarmyndirnar og skítuga og sveitta fólkið? Í auglýsingunni er talað um heiðarleika, ábyrgð, traust og samvinnu. Nokkuð sem gerist ekki af sjálfu sér, bara við að hamra á því eins oft og hægt er. Hugmyndasmiðurinn er annaðhvort langt í burtu frá raunveruleikanum eða hann hefur talið að nokkur hundruð þúsund króna glansauglýsing geti hagrætt honum?

Fyrirtækið starfrækir læknastofu með lækni á launum. Menn eru skyldugir að mæta á eina skrifstofu fyrirtækisins einu sinni á ári með þvagprufu og gangast undir lækni skoðun ellegar eiga þeir á hættu að vera reknir að undangenginni viðvörðun. Lækni sem starfsmenn bera jafnvel engan trúnað til. Hvernig eru upplýsingar þær sem koma úr slíkri skoðun notaðar og hver heldur utan um þær? Er einhver t.d. frá Landlækni sem sannreynir skráningu og notkun upplýsinganna? Mig langar að segja smá sögu til að upplýsa málefnastöðu stjórnenda.

Ég vann að því ásamt Kolbeini Gunnarssyni (núverandi formanni Hlífar) í tvö ár fyrir hönd félagsins að koma á starfsnámi hjá Ísal. Samið var um 10,5% kauphækkun og það metið til eininga í framhaldsskólum. Fyrir tilstuðlan okkar fékkst peningastyrkur og viðurkenning frá ríkinu til að koma því á. Eftir nærri tveggja ára undirbúningsvinnu varð námið að veruleika. Verkalýðsfélögin, og að sögn fulltrúar Ísal í starfsnámsnefndinni, lögðu til að undirritaður yrði sjálfskipaður í fyrsta hóp vegna vinnu minnar. Rannveig Rist ákvað síðan upp á sitt eisdæmi að taka völdin af nefndinni og velja þá sem voru hennir þóknanlegir án nokkurs samráðs við nefndina. Það hentaði forstjóran-

um ekki að hafa undirritaðan þar, enda ekki von að þakka hverjum sem er vel unnin störf. Af hverju? Vegna skoðana minna á ákaflega lélegum aðbúnaðar- og öryggismálum?

Stóri dagurinn rann upp. Hefja skyldi námið. Bóðið var til veislu og Rannveig sagðist ætla að gefa okkur, fulltrúum starfsmanna, bókagjöf til að þakka vel unnin störf. Ég sagðist vera tilbúinn til að taka við slíkri gjöf ef ég fengi að taka til máls við afhendinguna. Í stuttu máli varð ekkert úr þakklætinu, hvorki fyrr né síðar, enda enginn séns tekinn á að menn taki til máls á eigin vegum í fínun kokkteilpinnaveislum fyrir-



JÓHANNES GUNNARSSON

tækisins! Að hætti einræðisins hefur sagan síðan verið endurrituð og nöfn okkar, fulltrúa starfsmanna í nefndinni, verið afmáð úr sögubókunum. Síðar bóðaði forstjóri starfsnámsnefndina ásamt formanni Hlífar og yfirtrúnaðarmanni til einnar af sinni frægu rjómateruveislum. Fara átti yfir hversu vel til hefði tekist með námið. Ég var bóðaður af yfirtrúnaðarmanni. Þegar ég gekk í salinn sagði Rannveig með sínu fræga þjósti: „Hva, hva? Hvað ert þú að gera hér?“ Síðan bætti hún við: „Hva? Hver bauð þér hingað? Ég veit ekki til þess að þér hafi verið bóðið hingað.“ Hún leit á fulltrúa

Ísal í nefndinni, sem horfðu í gaupnir sér, og spurði: „Hvað er að ske, buðuð þið honum?“ Það sló þögn á hópinn. Fyrrverandi formaður Hlífar varð meira að segja orðlaus og er þá mikið sagt. Ég settist niður og sagði yfirvegað og rólega að ég væri ekki óvanur þessari framkomu hennar og mála-tilbúnaði sem ætti sér enga hliðstæðu í mannlegum samskiptum og hún ætti að skammast sín hvernig hún hagaði sér í eineltistilburðum við starfsmenn. Síðan gekk ég út í róleigheitum og lokaði dyrunum varlega á eftir mér þannig að það færi ekki á milli mála að ég gekk á dyr án þess að skella eða vera með læti enda vildi ég ekki með nokkru móti stela glæpnunum frá forstjóranum. Samt hélt hún

því á lofti síðar að ég hefði hella mör yfir hana og skellt á eftir mér. Formaður Hlífar leiðrétti það við hana síðar. Heiðarleiki, ábyrgð, traust og samvinna eru stór orð.

Þessi saga er sögð, svona til útskýringa á því hvað við er að fást. Raunveruleg gildi og óskgildi er ekki það sama. Þessi saga er ein af ótal mörgum ósögðum sögum um mengunarmál og framkomu stjórnenda svo það helsta sé upptalið. Sögur t.d. af undirstjórnendum sem stillt er upp við vegg til að finna eitthvað á starfsmenn svo hægt sé að reka þá.

Höfundur starfaði hjá Ísal í nærri tvo áratugi og er fyrrverandi trúnaðarmaður og öryggistrúnaðarmaður í skautsmiðju Ísal.

like.no.other

SONY

Bestu tæki ársins 2006

KDL32V2000
32" Sony Bravia LCD sjónvarp
Bravia engine myndstýring
Live Colour Creation
Upplausn 1366x768
Kontrast 1:1300
HDMI tengi, PC tengi
Snúningstútur fylgir

32" tæki ársins 2006 í stærsta græjublaði heims What HiFi Sound & Vision.

279.950,-
23.330,- á mánuði í
12 mánuði vaxtalaust

WHAT HI-FI? SOUND AND VISION
BEST What Video BUY

SONY

RDRHX720
SONY HDD RECORDER 160GB
160GB harður diskur
Tekur upp á DVD-R, DVD+R, +RW og +RW
MP3 afspilun, Timeslip

HDD/DVD upptökutæki ársins 2006 er Sony í stærsta græjublaði heims What HiFi Sound & Vision.

69.950,-
5.830,- á mánuði í
12 mánuði vaxtalaust

WHAT HI-FI? SOUND AND VISION
50% afsláttur ef keyptur með V línu veggisjónvarpi

SONY

Hátalarakerfi að verðmæti 59.950,- á 50% afslætti með magnara.

Heimabíómagnari ársins 2006 í stærsta græjublaði heims What HiFi Sound & Vision.

89.950,-
7.495,- á mánuði í
12 mánuði vaxtalaust

WHAT HI-FI? SOUND AND VISION
STRDA1200ES
Sony Heimabíómagnari
7x100W (4 ohm)
DCAC - Sjálfvirk stilling á hljóði með hljóðnema)
2x HDMI tengi, AV sync

Sony Center Kringlunni
www.sonycenter.is sími: 588 7669

10%

vaxtauki!



spron
www.spron.is

GLENN FREY ER 58 ÁRA Í DAG

Ef frá eru talin örfá gitargrip hef ég lært allt sem máli skiptir í lífinu af konum.

Eagles meðlimurinn stendur, eins og svo margir, í þakkarskuld við konur.



tímamót

timamot@frettabladid.is

PETTA GERÐIST: 6. NÓVEMBER 1999

Ástralir kjósa drottningu fram yfir forseta

Á þessum degi árið 1999 höfnuðu Ástralir því í þjóðaratkvæðagreiðslu að slíta á tengsl landsins við breska konungsveldið. Niðurstaða kosninganna var sú að um 55% þeirra sem greiddu atkvæði vildu ekki skipta Elísabetu Englandsdrottningu út fyrir forseta og var niðurstaðan sú sama í öllum fylkjum landsins. Konungssinnar fögnuðu niðurstöðunni ákaflega í Darling-höfn í höfuðborginni Sydney þar sem stór hópur ólíklegt að sér yrði skipt út fyrir forseta fyrr en



SYDNEY Konungssinnar fögnuðu ákaft í borginni og skutu kampavinsflöskutöppum í allar áttir.

John Howard, forsætisráðherra Ástralíu, sagði að vilji almennings lægi ljós fyrir og að tillögu um lýðveldi hefði verið hafnað. Kim Beazley, leiðtogi stjórnarandstöðunnar, hét því hins vegar að baráttunni fyrir lýðveldi yrði haldið áfram um ókomna tíð. Elísabet drottning sótti Ástralíu heim í mars árið eftir og lét þá í það skína í ræðu að henni þætti ekki

ólíklegt að sér yrði skipt út fyrir forseta fyrr en síðar.

MERKISATBURÐIR

- 1861 Maðurinn sem uppgötv-aði körfuboltann, James Naismith, fæddist.
- 1913 Mohandas K. Gandhi var handtekinn fyrir að leiða göngu indverskra námuverkamanna í Suður-Afríku.
- 1991 Kúveit fagnar því að ráðið var niðurlögum síðasta olíueldsins sem Irakar kveiktu í Persaflóastríðinu.
- 2001 Bílasprengja særði um 60 manns í Madrid á Spáni. Talið var að sprengjan væri á ábyrgð aðskilnaðarsinna Baska.
- 2001 Tíu manns voru aflífaðir í Peking í Kína. Ríkisdagblaðið í Kína sagði að fólkíð sem var aflífað hafi allt verið ræningjar og morðingjar á aldrinum 20–23 ára.



Þegar andlát ber að

Alhliða útfararþjónusta í 16 ár

Símar: 567 9110 & 893 8638

www.utfarir.is • utfarir@utfarir.is

Útfararþjónustan ehf.

Stofnað 1990

AUGLÝSINGASÍMI

550 5000

FRÉTTABLAÐIÐ



BAKHJARLAR GRAPEVINE Jón Trausti ásamt Hilmar Steini Grétarsyni, útgefanda Grapevine, en þeir félagar hafa tekið sér ýmislegt fyrir hendur á þessum árum.

JÓN TRAUSTI SIGURÐARSON: HEFUR GEFIÐ ÚT 50 TÖLUBLÖÐ AF GRAPEVINE

Hvert blað er grettistak

Fimmtugasta tölublað The Reykjavík Grapevine kom út síðastliðinn föstudag, en blaðið hefur verið í stöðugri útgáfu síðan í maí 2004. Jón Trausti Sigurðarson er einn eigenda Grapevine, en hann sagði í samtali við Fréttablaðið að ekki stæði til að blása til veisluhalds í tilefni áfangans. „Okkur fannst ekki tilefni til opinberra veisluhalds, þó þetta sé vissulega frábær árangur.“ Jón Trausti hefur verið viðriðinn blaðið frá upphafi, en hann segir enga sigurvissu hafa ríkt í herbúðum Grapevine-manna fyrir fyrsta tölublað. „Við vorum aldrei vissir um að ná að gefa út fimmtíu tölublöð þegar við byrjuðum. Ætli við höfum ekki alltaf vonast til að koma út einu í viðbót. Hvert blað sem kemur út er grettistak,“ sagði hann.

Grapevine er eins og flestir þekkja blað fyrir ferðamenn. „Markhópurinn eru erlendir ferðamenn og útlendingar sem búa hér en tala ekki íslensku. Það hefur alltaf verið á ensku og mun örugglega vera það áfram,“ staðfestir Jón Trausti, en spurður um áhuga íslenskra lesenda á blaðinu segir hann skýringuna kannski vera að finna í óslökkvandi forvitni Íslendinga. „Þeir

vilja alltaf vita hvað er verið að segja um þá. Við höfum líka verið dugleg að fjalla um menningu, fólk sækir kannski líka í það.“

Grapevine hefur fært út kvíarnar frá því að það hóf göngu sína í kjallara í Vesturbænum. „Við erum með heimasíðu, höfum gefið út bók með Eddu og vorum með daglega útgáfu meðan á Iceland Airwaves stóð. Svo höfum við haldið marga tónleika, yfirleitt í samstarfi við Smekkleysu. Síðasta sumar vorum við með tónleika á hverjum fimmtudegi á Café Amsterdam,“ sagði Jón Trausti, sem segir fyrirtækið alltaf leita leiða til að bæta við sig.

Það er ekki úr vegi að spyrja hvort Jón Trausti sé öruggari með sig hvað varðar útgáfu á næstu fimmtíu tölublöðum en hann var þegar blaðið hóf göngu sína? „Jú, það hlýtur nú að vera auðveldara en fyrstu fimmtíu eintök,“ sagði hann hugsu. „Eins og staðan er í dag finnst mér heldur aldrei hafa verið sterkari hópur starfsfólks á blaðinu, svo ég er mjög bjartsýnn á framtíðina.“

sunna@frettabladid.is

FYRSTA FORSIÐA GRAPEVINE Jón Trausti segist fá kjánahroll í dag þegar hann flettir fyrsta blaðinu, þótt hann vilji ekki ræga frumburðinn.



Eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

Jón Guðmundsson
frá Raufarhöfn,

lést á öldrunarhjúkrunardeild FSA, Seli, að morgni 30. október. Hann verður jarðsungið frá Raufarhafnarkirkju þriðjudaginn 7. nóvember og hefst athöfnin kl. 14.00.

Hrefna Friðriksdóttir

Sigurbjörg Jónsdóttir

Friðrik Jónsson

Gissur Jónsson

börn, tengdabörn og barnabörn.

Pórarinn Stefánsson
Steinunn Leósdóttir



Ástkær eiginnmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

Óli Pálmi Halldór Þorbergsson
Dunhaga 13, Reykjavík,

lést á Landspítala, Fossvogi, sunnudaginn 29. október. Jarðarförin fer fram frá Neskirkju þriðjudaginn 7. nóvember kl. 15.00.

Hildur Kjartansdóttir

Kjartan Ólason

Helga Óladóttir

Oddný Þóra Óladóttir

og afabörn.

Konráð Eyjólfsson
Pétur H. Jónsson

LEGSTEINAR
Kynningarafsláttur á völdum tegundum

REIN Vöðvarðsá 1 • 110 Reykjavík • Sími 566 7878 • Fax 566 8787
rein@rein.is • www.rein.is

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir í smáletursdálkinn hér að ofan má senda á netfangið timamot@frettabladid.is.

Auglýsingar á að senda á
auglysingar@frettabladid.is eða
hringja í síma 550 5000.



30 ára afmæli
Ólafur Þór Rafnsson
byggingatækniþræðingur

er 30 ára í dag.

Tekið er á móti gjöfum í foreldrahúsum.

allt heimili
Alla fimmtudaga



LITLU HLUTIRNIR GERA MIKIÐ



SNILLDARLAUSNIR FYRIR LÍTIL RÝMI

VEGGFÓÐUR

Ískrifablaðið 100 kr.

PANTAFLOTTAR
HIRSLUR af öllum
stærðum og gerðum

SKIPULAGÐI
Sígauninn

HELENA STEFANSSVÖTTIR
Á UNÐIRFAGURT OG
ÖVENDILEGT HEIMILI

Heimili
ljósmyndaranna
SISSA OG LEIFUR TÓKU
VESTURBJARHÚS
Í GEGN

Smáhlutaást í
Smáibúðahverfinu
ÁSA BJÖRG TRYGGVADÓTTIR LÆTUR
LITLU HLUTINA POPPA UPP HEIMILIÐ

5 HEIMILI
Á FAUM FERMETRUM

Frumkvöðullinn
Verner Panton

LÍTIL RÝMI FRÁ **a-ö**

Skipuleggðu litla heimilið út í ystu æsar



LJÓSMYNDARAR MED NÆMT AUGA

NÝTT BLAÐ KOMIÐ ÚT!


SKIPULAG ER FALLEGT



ÁSKRIFTARSÍMI 550 5000 | WWW.VISIR.IS

FRUMGREINASVIÐ HÁSKÓLANS Í REYKJAVÍK

Kynningarfundur 7. nóvember



Frumgreinasvið heldur kynningarfund 7. nóvember í Háskólanum í Reykjavík, Höfðabakka 9, kl. 16.00 í stofu 325.

Gestir eiga kost á að fara í kennslustofur þar sem kennsla er í gangi, hlýða á fyrirlestra nemenda og þiggja kaffiveitingar.

Opið er fyrir umsóknir um nám á frumgreinasviði. Umsóknarfrestur er til 24. nóvember.

Nánari upplýsingar veitir **Málfríður Þórarinsdóttir**, sviðsstjóri frumgreinasviðs, sími: 5996438 / 8957052, netfang: malfrid@ru.is

HÁSKÓLINN Í REYKJAVÍK
REYKJAVÍK UNIVERSITY

OFANLEITI 2 • KRINGLAN 1 • HÖFÐABAKKA 9
SÍMI: 599 6200 • www.hru.is

www.jongunnarsson.is

KRAFTMIKINN MANN Á ÞING!



Berjumst gegn fíkniefnunum
„Nauðsynlegt er að herða baráttuna gegn fíkniefnum enn frekar og grípa til sérstakra ráðstafana til að hindra innflutning, um leið og heildstæð forvarnarstefna verði mótuð.“

4.
sæti

Jón Gunnarsson
framkvstj. Slysavarnafélagsins Landsbjargar

Tryggjum Jóni Gunnarssyni 4. sætið í prófkjöri Sjálfstæðisflokksins í Suðvesturkjördæmi (Kraganum) laugardaginn 11. nóvember nk.

STUÐ MILLI STRÍÐA Guðir hlutanna

KRISTÍN EVA ÞÓRHALLSDÓTTIR ÓTTAST ÍSSKÁPANA



Skyldi guð hafa ætlað fyrstu manneskjunum sem hann skapaði að endast um aldur og ævi? Rétt eins og fyrstu ísskáparnir sem mennirnir bjuggu til? Þeir virtust endast von úr viti, sama hvað bját- aði á. Ekki að það angri nokkurn mann í dag, enda viljum við nýja ísskápa reglulega, sem falla betur að siðurbættum heimilum okkar. En hvað eiga fyrstu mennirnir og ísskápar fortíðar okkar sameiginlegt? Þeir voru búnir til. Við teljum ekkert sjálfsprottið í þessum heimi og þar sem við búum til

ísskápa hlýtur einhver að hafa búið okkur til. Þetta hefur verið ein af röksemdafærslunum fyrir tilvist guðs. Tilkynt var um dauða guðs einhvern tímann á síðustu öld, enda enginn þörf fyrir hann lengur þar sem við erum fullfær að sjá um okkur sjálf.

Helsti ótti okkar er að við förum sömu leið, og óteljandi skáldsögur og bíómyndir hafa fjallað um hættuna á því að sköpunarverk okkar verði sjálfbær. Oftast eru þessi sköpunarverk í formi rafeindatækja og vélmenna, og þar sem þau eru ekki enn orðin daglegur þáttur í lífi okkar, byrjum við annars staðar. Við hættum að búa til ísskápa, bíla eða þvottavélur sem endast, og leggjum okkur fram við

að búa til einnota hluti. Húsgögn staldra ekki við lengur á heimilum fólks en þann tíma sem tekur eina mjólkufernu að klárast og mörg- þúsund rafeindatæki gefa upp önd- ina um allan heim á degi hverjum. Ef fer sem horfir förum við að fá húsgögn í áskrift og hægt verður að velja um að fá sent heim viku- lega eða mánaðarlega.

Kannski guð hafi leikið sama leikinn, og reynt að búa til skamm- lífari eintök af fólki en með hverju nýju eintaki varð bara til fleira fólk. Fólk sem á endanum hætti að trúa á hann og hann dó. Nú þarf enginn að efast um hvort hlutirnir trúa á okkur eða ekki, en þeir gætu þó á endanum orðið svo margir að það verði úti um okkur.

myndasögur

■ Pondus

Eftir Frode Øverli



■ Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman



■ Handan við hornið

Eftir Tony Lopes



■ Kjölturakkar

Eftir Patrick McDonnell



■ Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



Frestar Halo

Nýsjálenski leikstjórinn Peter Jackson hefur ákveðið að fresta gerð myndarinnar Halo eftir að kvikmyndaverin Fox og Universal hættu við að framleiða myndina vegna mikils kostnaðar.

Jackson, sem sló rækilega í gegn með þrífleikum Lord of the Rings, hélt áfram að taka upp myndina með aðstoð tölvurísans Microsoft en hefur nú hætt þeim tökum. „Við erum sannfærð um að myndin verður

biðarinnar virði,“ sagði Jackson. Myndin er byggð á tölvuleiknum Halo.



PETER JACKSON Leikstjórinn Peter Jackson hefur frestað gerð myndarinnar Halo.



BUBBI Kóngurinn Bubbi hefur selt afmælisplötu sína í þúsundtali.

FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

Plata Bubba uppseld

Salan á nýjustu plötu Bubba, 06.06.06, hefur gengið framur vonum og er hún núna uppseld hjá útgefanda eftir aðeins tvær vikur í sölu.

Frá útgáfudegi plötunnar hefur hún setið sem fastast í toppsæti Tónlistans. Búið er að panta veglegt magn af plötunni til viðbótar og er hún væntanleg í verslanir á mánudag. Einnig hefur DVD-myndiskurinn með Bubba selst vel.

Bubbi verður önnur kafinn á næstunni við tónleikahald og að árita plötuna.



NICOLE RICHIE Fölskyldan hefur miklar áhyggjur af henni, þó hún neiti sjálf að hún eigi við átröskun að stríða.

Lionel greip í taumana

Nicole Richie hefur ítrekað neitað að hún eigi við átröskun að stríða, jafnvel eftir að tilkynnt var að hún hefði leitað sér hjálpar vegna þyngdar sinnar. Nú hefur Lionel Richie hins vegar sagt að hann hafi þungar áhyggjur af dóttur sinni. Að hans sögn var það hann sem greip í taumana og skikkaði Nicole til að leita sér hjálpar. Dropinn sem fyllti mælinn var jarðarför ömmu Nicole í október, þar sem mörgum ættingjum hennar brá í brún yfir hversu mögur hún var orðin.

Mjúkt og áferðarfagurt hjá Hafdís Huld

[TÓNLIST]

UMFJÖLLUN

Dirty Paper Cup er fyrsta sólóplata Hafdísar Huldar sem er þekktust fyrir að hafa verið söngkona Gus Gus fyrstu ár sveitarinnar.

Hún hefur verið að reyna fyrir sér í Bretlandi undanfarin ár og söng m.a. um tíma með hinni ágætu danstónlistarsveit FC Kahuna. Eitt árið mætti hún á Airwaves með rokkhljómsveit. Það fór henni vægast sagt ekki vel. Nú hefur hún hins vegar fundið tónlist sem hentar henni betur.

Á Dirty Paper Cup eru 13 lög,

flest þeirra samin af Hafdís og samverkamönnum hennar, en auk þess er útgáfa af Velvet Underground-laginu Who Loves The Sun á plötunni og íslenska þjóðlagið Sumri hallar.

Tónlistin er frekar rólegt, mjúkt og áferðarfagurt popp. Útsetningarnar eru einfaldar, hlómurinn er flottur og mörg þessara laga eru fín, t.d. Ski Jumper, Plastic Halo og Hometown Hero. Hafdís hefur fallega rödd og hefur greinilega vaxið sem söngkona.

Textarnir eru margir krúttlegir og smástelpulegir, t.d. Diamonds on my Belly, Hometown Hero og Happily

Ever After. Og eitt viðlagið hljómar svona „Ice Cream is Nice/Monsters are Not“. Annars staðar eru viðfangsefnin ekki jafn glaðleg, t.d. í Plastic Halo þar sem hún syngur „I Hope you Choke on Your Plastic Halo“.

Dirty Paper Cup er ágætis plata, en hún er samt svolítið dæmigerð fyrir ákveðna deild í poppinu í dag.

Hafdís hefur farið mikið fram og hún getur verið ánægð með þessa fyrstu sólóplötu sína, en það verður samt seint sagt að þetta sé mjög frumlegt eða afgerandi.

Trausti Júlíusson



HAFDÍS HULD

DIRTY PAPER CUP

Niðurstaða: Dirty Paper Cup er vel unnin popplata sem virkar ágætlega án þess að vera frumleg eða afgerandi.

KÓPAL Glitra

Lyktarlaus

Erlendur Eiríksson málari:
„Einfaldlega besta málningin sem ég hef notað.“

Kópal Glitra þekur betur, ýrist sama og ekkert og er svo til lyktarlaus. Spurðu um **KÓPAL**.



Útsöluastaðir Málningar: Byko Kópavogi • Byko Hringbraut • Litaver Grensásvegj • Byko Hafnarfirði • Málningarbúðin Akranesi • Byko Akranesi • Axel Þórarinnsson, málarameistari, Borgarnesi • Verslunin Hamrar, Grundarfirði • Litabúðin Ólafsvík • Núpur byggingarvöruslun, Ísafirði • Vilhelm Guðbjartsson, málarameistari, Hvammstanga • Verslunin Eyri, Sauðárkrúki • Byko Akureyri • Verslunin Valberg, Ólafsvirði • Byko Reyðarfirði • Verslunin Vík, Neskaupstað • Byko Selfossi • Miðstöðin Vestmannaeyjum • Byko Keflavík • Rúnar Sig. Sigurjónsson, málarameistari, Grindavík

málning
- það segir sig sjálf -

Ófétin komin til Hveragerðis



kl. 20.00
Stefnumót við Sigrúnu Davíðsdóttur rithöfund. Silja Aðalsteinsdóttir ræðir við Sigrúnu um fyrstu skáldsögu hennar, *Feimnismál*, sem kemur út hjá Máli og menningu. Stefnumótið fer fram í aðalsafni Borgarbókasafnsins í Tryggvagötu.

Eftir endilöngu gólfi bókasafnsins í Hveragerði liggur djúpt og mikill sprunga sem er eitt af undrum bæjarins. Sprungan kom í ljós meðan verið var að byggja húsið og geta gestir nú dást að þessu náttúrufrýrbæri gegnum gler í gólfinu. En undrín eru fleiri á bókasafninu í Hveragerði því handan sprungunnar eru dularfull ófétin og álfaverur uppi um alla vegg. Í hinum björtu sýningarrýmum safnsins hefur óvænt verið skellt upp sýningu á frummyndum listakonunnar Rúnu K. Tetzschner við ævintýri hennar um ófétin.

Rúna gaf út bók um ævintýraveröld ófétanna og hafa þau vakið lukku meðal lesenda. Ófétin þessi voru eitt sinn blómálfar en



ÆVINTÝRI ÓFÉTANNA Saga og myndskreytingar Rúnu K. Tetzschner vekja lukku hjá yngstu lesendum.

hafa ekki lengur vængi heldur krækitaer. Hin fjóruga ófétin úr ævintýraheimi Rúnu búa í risablómum og flögra um himinblámann á fiðrildum. Ófétin eru agnarsmá, yndisleg og hrekkjótt. Þau gullinærdu og svarthærðu eru bara alltaf að rífast og slást og berjast því þeim finnst hin svo skrytín, með svona ólíkan háralit.

Listakonan hefur að undanförmu dvalið í listamannahúsinu Varmahlíð í boði Hveragerðisbæjar þar sem hún skrifar framhaldssögu um ófétin og var efnt til sýningarinnar í tilefni af því. Sýningin stendur til 9. nóvember.



> **Dustaðu rykið af ...**

skáldsögu **Ólafs Hauks Símonarsonar, Vatn á myllu kölska**, sem kom út hjá forlaginu Máli og menningu árið 1978. **Háðsk** og **ádeilukennnd** saga fjölmiðlamannsins **Gunnars Hanssonar** sem teljast má erkitýpa Íslendinga á enn merkilega vel við.

menning

menning@frettabladid.is



Þjóðleikhúsið fyrir alla!

STÓRA SVIÐIÐ kl. 20:00

STÓRFENGLEG eftir Peter Quilter
6. sýn. lau. 11/11 örfá sæti laus, 7. sýn. sun. 12/11 örfá sæti laus, 8. sýn. lau. 18/11 örfá sæti laus, sun. 19/11 örfá sæti laus, lau. 25/11 örfá sæti laus, sun. 26/11.

SITJI GUDS ENGLAR eftir Guðrúnu Helgadóttur. Leikgerð Illugi Jökullsson.
Lau. 11/11 kl. 14:00 uppselt, sun. 12/11 kl. 14:00 örfá sæti laus, lau. 18/11 kl. 14:00 örfá sæti laus, sun. 19/11 kl. 14:00 uppselt, fös. 29/12 kl. 20:00, lau. 30/12 kl. 14:00 örfá sæti laus, sun. 7/1 kl. 14:00.

PÉTUR GAUTUR eftir Henrik Ibsen. Leikgerð Baltasar Kormákur.
Fim. 9/11 uppselt, fös. 10/11 örfá sæti laus, fim. 16/11, fös. 17/11 örfá sæti laus, fim. 23/11, fös. 24/11 örfá sæti laus.

SMÍÐAVERKSTÆÐIÐ aðalbyggingu Lindargötumegin, kl. 20:00

PATREKUR 1,5 eftir Michael Druker.
Fös. 10/11 örfá sæti laus, lau. 11/11, sun. 19/11 örfá sæti laus.
Ath! Miðaverð aðeins 1.500 kr. fyrir nema gegn framvísun skólaskirteinis.

KÚLAN Lindargötu 7, kl. 20:00

UMBREYTING – brúðsýning fyrir fullorðna eftir Bernd Ogrodnik.
Sun. 12/11 kl. 17:00, fös. 17/11 kl. 20:00.

LEIKHÚSLOFTIÐ aðalbyggingu

SKOPPA OG SKRÍTLA eftir Hrefnu Hallgrímsdóttur.
Lau. 11/11 kl. 11:00 uppselt og kl. 12:15 uppselt, sun. 12/11 kl. 11:00 uppselt og kl. 12:15 uppselt, aukasýningar lau. 18/11 kl. 11:00 uppselt og kl. 12:15 uppselt.

LEITIN AÐ JÓLUNUM eftir Þorvald Þorsteinsson
Lau. 25/11 kl. 13:00 uppselt og kl. 15:00 uppselt, sun. 26/11 kl. 13:00 uppselt og kl. 15:00 örfá sæti laus, lau. 2/12 kl. 13:00 og kl. 14:30, sun. 3/12 kl. 13:00 og kl. 14:30.

Miðasala í síma 551 1200 og á netinu www.leikhusid.is

Afgreiðsla er opin kl. 12:30 – 18:00 mán. – þri. Aðra daga kl. 12:30 – 20:00.



NICOLE MICHELANGELE SENDIHERRA „Flestir Íslendingar þekkja París en margir þekkja ekki Frakkland.“

FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR

Svo miklu meira en París

Í sendiráðinu við Túngötu starfar ötull hópur að skipulagningu franskrar menningarhátíðar á Íslandi. Sendiherrann Nicole Michelangeli segir metnaðarmál að kynna Íslendingum fleiri hliðar á Frakklandi.

„Þetta er í fyrsta sinn sem við skipuleggjum viðlíka hátíð hér á landi, og hún verður mjög viðamikil og mjög fjölbreytt“, segir Nicole. Hátíðin hefst í lok febrúar og stendur fram í maí en strax í desember verður tekið smá forskot á sæluna með opnun á sýningu franskra málara í Listasafni Íslands. Þar eru engir aukvisar á ferð heldur meistarafrönsku expressjónistanna og geta gestir safnsins barið þar augum verk eftir Henri Matisse, Oskar Kokoschka, Auguste Renoir og Félix Vallotton.

Forleikur í desember

Sýning frönsku expressjónistanna, Un Regard Fauve, kemur hingað til lands frá safninu Musée des Beaux-Arts í Bordeaux. Þungamiðja hennar er fávisminn, afdrifaríkur tími malaralistarinnar sem náði hámarki árið 1905 og fól í sér nýjar skilgreiningar í stefnu málverksins. Þetta er í fyrsta sinn sem stefna þessi er kynnt með formlegum hætti og sýningarhaldi hér á landi. Alls verða 52 verk á sýningunni eftir 13 listamenn. Þá verður sýnt úrval verka eftir Jón Stefánsson í eigu Listasafns Íslands en Jón var eini Íslendingurinn sem var nemandi Henri Matisse í París.

Listraent svar

Nicole kom til starfa sem sendiherra Frakka í janúar á síðasta ári og fljótlega eftir það fór hún að skoða möguleikann á því að halda menningarhátíð í líkingu við þá sem Íslendingar stóðu fyrir í París

árið 2004. Nicole vann á þeim tíma að bættum menningartengslum Frakklands við Norðurlöndin og segir að íslenska framtakið hafi heppnast einkar vel, til dæmis viti fleiri um Ísland en áður. „Þess vegna fannst mér áhugavert að skipuleggja franska menningarhátíð hér líka sem nokkurs konar svar við framtaki Íslendinga“, segir hún. Vel var tekið í hugmyndina hjá utanríkisráðuneytum beggja landanna og hefur undirbúningurinn nú staðið í heilt ár.

„Þetta er mikilvægt fyrir okkur. Ísland er vinalagt land og við eigum þegar í góðu sambandi en alltaf má gera betur. Ég tel að aukin skipti, til dæmis á menningarsviðinu hafi jákvæð áhrif í báðar áttir.“

Heljarinnar veisla

„Þetta verður fjölbreytt og metnaðarfull dagskrá“, útskýrir Nicole stolt, „hún er enn í mótun svo það er erfitt að úlista einstaka atburði á þessu stigi. Það verður enn skemmtilegra að tala um hana meðan á henni stendur eða þegar henni er lokið.“

Hátíðin er römmuð inn af tveimur íslenskum menningarsveislum, vetrarhátíð og listahátíð, en Nicole útskýrir að þeim þyki hagræði að því að komast í samstarf við héraðs skipuleggjendur, til dæmist til þess að velja viðburði sem falli vel að smekk heimamanna og koma í veg fyrir áreklar við annars líflega dagskrá í borginni.

Nicole segir að hátíðin verði í raun fjórskipt, í fyrsta lagi kynni hún um að kynna franska menningu og í því skyni verði breiðum hópi listamanna boðið hingað til lands. „Við verðum með alls konar sýningar, myndlist, leikhús, tónlist, dans og bókmenntir“, áréttar hún. Í annan stað verður kynning á Frakklandi sem landi vísinda. „Flestir þekkja Frakkland betur sem menningarland en við viljum opna augu fólks fyrir fleiri möguleikum. Hingað koma því

þekktir vísindamenn frá Frakklandi og kynna störf sín. „Í þriðja lagi verður lögð sérstök áhersla á kvikmyndir en árleg frönsk kvikmyndahátíð verður nú færð til á almanakinu og haldin innan dagskrár menningarhátíðarinnar. Í fjórða lagi verður tækifærið nýtt til þess að kynna franskar vörur og ferðamennsku. Fæstir vita að á hverju ári koma 75 milljónir ferðamanna til Frakklands. Flestir Íslendingar þekkja París en margir þekkja ekki Frakkland“, útskýrir Nicole og bendir á að hugmyndin sé til dæmis að kynna ólík héruð landsins og fjölbreytileika þess. „Hátíðin snýst fyrst og fremst um að fá sem flesta til þess að koma og skemmta sér en við viljum líka reyna að hafa áhrif þegar til lengri tíma er litið.“

Viðtökur og spenningur

Að sögn Nicole hafa skipuleggjendur hátíðarinnar fengið frábær viðbrögð í heimlandinu. „Ísland er vel kynnt í Frakklandi og fólk er mjög spennat. Það hefur reynst mjög auðvelt að fá fólk til að koma, allir boðnir og búnir í að taka þátt. Ég verð samt að vera hreinskilin og segja að þetta er auðvitað mjög dýrt og við getum ekki boðið öllum. Við verðum að velja og hafna. Það er samt einstakt að heyra listafólk segja: „Ég skal koma hvort sem ég fæ greitt eða ekki.““

Nicole segir að ferlið hafi reynst henni lærdómsríkt og hún hafi til að mynda kynnst íslenskri menningu betur. „Ég nýt þess að sækja tónleika, myndlistar- og danssýningar og nú þegar skipulagningin er komin á fullt kynni ég líka fleiri íslenskum listamönnum. Það er samt hópvinnan sem skiptir mestu máli, hér starfar kraftmikill hópur að undirbúningnum enda er að mörgu að huga“, segir sendiherrann og bætir við hlæjandi: „Spannan eykst með hverjum mánuði en áhyggjurnar líka!“

kristrun@frettabladid.is

„FRÁ ÞESSARI STUNDU ERUM VIÐ ÓVINIR.“

AMADEUS

RONJA RÆNINGJADÓTTIR

Sun 12/11 kl. 14 Sun 19/11 kl. 14
Sun 26/11 kl. 14 Sun 3/12 kl. 14

MEIN KAMPF

Lau 11/11 kl. 20 Sun 12/11 kl. 20
Fös 17/11 kl. 20 Lau 18/11 kl. 20

VILTU FINNA MILLJÓN?

Fim 9/11 kl. 20 Fös 10/11 kl. 20 UPPS.
Fim 16/11 kl. 20 Sun 26/11 kl. 20

SAKAMÁL Á SVIÐ

Leiklestrar á 3ju hæðinni.
12/11, 19/11, 26/11 kl. 20
Allir velkomnir, ókeypis aðgangur

FOOTLOOSE

Lau 11/11 kl. 20 UPPS. Fös 17/11 kl. 20
Fös 24/11 kl. 20 Lau 2/12 kl. 20

AMADEUS

Sun 12/11 kl. 20 4.sýning Græn kort
Lau 18/11 kl. 20 5.sýning Blá kort
Sun 19/11 kl. 20
Lau 25/11 kl. 20

BRILLJANT SKILNAÐUR

Fim 9/11 kl. 20 UPPS. Fim 16/11 kl. 20
Fim 23/11 kl. 20 AUKASÝNING
Sun 3/12 kl. 20 AUKASÝNING
Fös 8/12 kl. 20 AUKASÝNING

DOGMA LEIKARANS

Sólarferð höf. Guðmundur Steinsson
Lau 11/11 kl. 17 Sýnt á 3ju hæðinni
Miðaverð 1.000

MANNTAFL

Fös 10/11 kl. 20 Sun 19/11 kl. 20
Síðustu sýningar.

WATCH MY BACK

Fös 10/11, sun 19/11, sun 26/11
kl. 20:10 Miðaverð 1.000

FJÖLSKYLDUSÝNING ÍD

Lau 11/11 kl. 14 Frumsýning
Lau 18/11 kl. 14 Lau 25/11 kl. 20
Frítt fyrir 12 ára og yngri

LEIKHÚSSPJALL

Aðstandendur Amadeus spjalla um leiðina frá höfundu til áhorfenda.
Fim 9/11 kl. 20 í Kringslusafni.
Allir velkomnir, ókeypis aðgangur

ALLAR NÁNARI UPPLÝSINGAR
www.borgarleikhus.is

Miðasala 568 8000
www.borgarleikhus.is

BORGARLEIKHÚSIÐ

FRÉTTABLAÐIÐ

AUGLÝSINGASÍMI
550 5000

Fyndið verk með fallegan boðskap

[LEIKHÚS]

UMFJÖLLUN

Patrekur 1,5

Smíðaverkstæði Þjóðleikhússins

Höfundur Michæl Drúker / **Þýðandi** Davíð Þór Jónsson / **Leikarar** Rúnar Freyr Gíslason, Jóhannes Haukur Jóhannesson og Sigurður Hrafnar Hjaltason / **Leikmynd og búningar** Stigur Steinþórsson / **Lýsing** Páll Ragnarsson / **Leikstjóri** Gunnar Helgason

Leikritið Patrekur 1,5 ferðaðist um framhaldsskóla landsins í októbermánuði en hefur nú verið tekið til sýninga á Smíðaverkstæði Þjóðleikhússins. Viðfangsefni þess býður upp á talsvert spaugilegar uppákomur, menn í staðfestri sambúð sem dreymir um að verða foreldrar ættleidda dreng sem síðan reynist, fyrir gloppu í skrifræðinu, vera viðskotailur unglíngur. Í staðinn fyrir eins og hálfis árs ungvíði mætir Patrekur á svæðið, fimmtán ára gerpi með blóðuga sakaskrá og hommahatari í þökkabót.

En öllu gamni fylgir einhver alvara og þetta verk hefur skýran og fallegan boðskap. Patrekur 1,5 er miklu fremur verk um ástina og umburðarlyndið heldur en verk um fordóma og samkynhneigð. Textinn er lipur og það leyndi sér ekki á fyrstu sýningunni á Smíðaverkstæðinu að leikhópurinn undir styrki stjórn leikstjórans útsjónarsama, Gunnars Helgasonar, hefur gert þetta og skemmtilega sýningu úr efnivið sínum.

Þarið óheppna/lukkulega leika Rúnar Freyr Gíslason og Jóhannes Haukur Jóhannesson og standa sig hreint út sagt frábærlega. Samleikur þeirra (og samsöngur) er glímrandi finn og fáa hnökra að finna. Rúnar Freyr Gíslason tekur Svein sinn föstum tökum, félagsráðgjafinn drykkfelldi verður máttulega víðfældinn í meðförum hans og maður nær að fylgjast með honum þroskast þrátt fyrir að sögutími verksins sé stuttur. Jóhannes



Niðurstaða: Vel unnið, fróðlegt og fyndið verk fyrir alla fjölskylduna. Frábært verk fyrir fólk sem ekki þorir oft í leikhúsi.

Haukur kitlar ófáar hláturtaugar í hlutverki uppfinningamannsins Jörundar, sem er hlýr og alúðlegur maður en óttaleg luðra. Söngnum er hans voru stórskemmtileg og Jóhannes er fyrirtaks gamanleikari.

Frumraun Sigurðar Hrafnars Hjaltasonar í Þjóðleikhúsinu gefur fyrirheit um bjarta framtíð í leiklistinni. Frammistaða hans í titilhlutverkinu var til mikils sóma, þarna er kraftmikill leikari á ferð sem verður gaman að fylgjast með í framtíðinni. Hann pakkaði þessum unglíngi saman í ógnvekjandi orkubúnt sem átti samúð allra í salnum, þrátt fyrir að vera ófyrirleitið skoffín.

Umgjörð sýningarinnar var vel heppnuð ef frá er talin blessuð leikmyndin sem var algjör ósmíð að mínu mati. Eg skil hreinlega ekki af hverju það var ekki hægt að efna í aðeins meiri íburð en teppalagðar spónaplötur fyrir þessa sýningu. Þó svo að hagkvæmniskrafan sé augljós – leikmyndin þarf að komast í meðal-

stórt skott á skutbifreið, þá var þessi grámyglulega umgjörð í litlu flútti við annars litríkar persónur verksins. Grjónapokarnir voru smart en hvað var með þessi skilríkum? Þetta leit meira út eins og ráðuneytisskrifstofa á áttunda áratugnum heldur en einkaheimili. Búningar voru þó einfaldir og viðeigandi. Ljósanotkun var skiljanlega í lágmarki en spurning hvort ekki væri hægt að gera meira með möguleika þeirra nú þegar sýningin hefur eignast fastan samastað?

Líkt og á sýningarferðalaginu var efnt til umræða að sýningunni lokinni þar sem gestum gafst kostur á að spyrja leikarana nánar út í sýninguna. Á þessari tilteknu sýningu var leikskáldið einnig viðstatt og gaf hann sér tólm til þess að spjalla og segja forvitnilegar sögur af verkinu. Þetta finnst mér gott framtak og sannarlega til eftirbreytni. Gestir tóku virkan þátt í umræðunni og þótt hún hafi ekki náð neinu háflugi þá auðgaði hún sannarlega leikhúsheimsóknina.

Kristrún Heiða Hauksdóttir

HVAD? HVENÆR? HVAR?

NÓVEMBER

3 4 5 6 7 8 9

Mánudagur

SÝNINGAR

10.00 Sýning **Pórdísar Aðalsteinsdóttur** myndlistarmanns stendur yfir í **Listasafni Reykjavíkur, Kjarvalsstöðum**. Sýningin ber yfirskriftina **Því heyrist þó hvíslað að einhverjir muni komast af** og stendur hún til 3. desember.

10.00 Yfirlitssýningin **Málverkið eftir 1980** stendur yfir í **Listasafni Íslands** við **Frikirkjuveg**. Fimmtíu og sex íslenskir myndlistarmenn eiga verk á sýningunni sem spannar 25 ára tímabil í íslenski listasögu sem markast af innreið nýja málverksins í upphafi níunda áratugarins. Sýningarstjórar eru **dr. Halldór Björn Runólfsson** og **Laufey Helgadóttir**.

10.00 Á sýningunni **Uncertain States of America** í **Listasafni Reykjavíkur, Hafnarhúsi**, sýna 45 vonarstjórnur bandarískrar samtímalistar það besta sem er að gerast í bandarískri samtímalist í dag. Listamennirnir voru valdir af einum áhrifamestu sýningarstjórum í hinum vestraena heimi, þeim **Hans Ulrich Obrist** og **Daniel Birmbaum** en **Gunnar Kvarn**, fyrrum safnstjóri Listasafns Reykjavíkur, starfaði einnig með þeim.

Fim.	Aukas. upp.	9. nóv	Sýnt í lönð
Fös.		10. nóv	Miðasala virka daga
Lau.		11. nóv	frá kl. 11-16 og 2
Lau.		18. nóv	tímum fyrir sýningar.
Sun.		19. nóv	Sími 5629700
Fös.		24. nóv	www.icno.is
Lau.		25. nóv	Sýningar kl. 20



BÆKUR

20.00 Stefnumót við **Sigrúnu Davíðsdóttur** rithöfund. **Silja Aðalsteinsdóttir** ræðir við Sigrúnu um fyrstu skáldsögu hennar, **Feimnismál**, sem kemur út hjá **Máli og menningu**. Stefnumótið fer fram í Aðalsafni **Borgarbókasafnsins** við Tryggvagötu.

LJÓSMYNDASÝNINGAR

12.00 Verk þýska ljósmyndarans **Chris Niedenthal** sem nú eru til sýnis í **Ljósmyndasafni Reykjavíkur í Grófarhúsi** við **Tryggvagötu**. Í ljósmyndum hans má rekja sögu Póllands allt frá því hann kom þangað fyrst upp úr 1960 allt fram að þeirri byltingu sem kom með verkalyðssamtökunum Samstöðu og öllum þeim þjóðfélagsbreytingum sem fylgdu í kjölfarið, allt fram á daginn í dag.

Upplýsingar um viðburði og sýningar sendist á **hvar@frettabladi.is** ekki síðar en sólarhring fyrir birtingu.

Keramik fyrir alla

Þinn hópur


Óvissuferðir, gæsir, vinnustaðir, saumaklúbbar...

Bókaðu eigin hóp, eða komdu þegar þér hentar

Keramik fyrir alla
sími 552 2882. Laugavegi 48b.
Sjá lýsingu: www.keramik.is

NÝJAR BÆKUR

Spennusagan **Farþeginn** eftir Árna Þórarinsson og Pál Kristin Pálsson er komin út hjá forlaginu JPV. Þegar Arnar Sig-



urðsson leigubílstjóri tekur upp Sigurbjörn Hjálmarsson forstjóra í miðbæ Reykjavíkur á ísköldum nýársdegi

hefst undarlegt ferðalag sem er þó ekki án fyrirheita. Farþeginn er önnur spennusagan sem Árna Þórarinsson og Páll Kristinn Pálsson skrifa saman en sú fyrri, í upphafi var morðið, hlaut frábærar viðtök. Síðasta spennusaga Árna Þórarinssonar, Tími nornarinnar, kom út í fyrri og náði metsölu og var tilnefnd til Íslensku bókmenntaverðlaunanna.

JPV útgáfa gefur einnig út ljódmæli Jóns Arasonar biskups en þetta er í fyrsta skipti sem öll ljódmæli hans koma út saman í einu riti. Ásgeir Jónsson ritstýrði verkinu og ritar ítarlegan inngang þar sem kvæðin eru sett í samhengi við tíðarandann og lífshlaup Jóns.

Kári Bjarnason bjó kvæðin til prentunar og skrifaði skýringar en Jón Óskar myndskreytti bókina. Anna Cynthia Leplar braut um verkið sem er 230 blaðsíður. Í tilefni af úkomu bókarinnar verður Þorgerði Katrínu Gunnarsdóttur menntamálaráðherra afhent fyrsta eintak bókarinnar við hátíðlega athöfn í Þjóðminjarafni Íslands á morgun kl. 17.

Að haltra í gegnum ævina

[BÓKMENNTIR]

UMFJÖLLUN

Bandaríska rithöfundinum Mitch Albom skaut upp á stjörnuhimininn árið 1997 með bókinni Þriðjudagur með Morrie, hugljúfri bók hlaðinni vangaveltum um lífið og tilveruna. Í Fimm manneskjum sem maður hittir á himnum er Albom á svipuðum stóðum. Hér segir frá Edda, starfsmanni í skemmtigarði sem deyr af slysförum á 83. afmælisdegi sínum. Hann vaknar í himnaríki og hittir þar fyrir fimm manneskjur, sem hafa með einum eða öðrum hætti haft áhrif á líf hans. Með þeirra liðsinni lítur Eddi yfir genginn veg, sem fljótt á litíð virðist vera gata glataðra tækifæra og eftirsjár. Fimmenningsarnir bregða hins vegar öðru ljósi á hið líöna og í nýju samhengi horfir lífið kannski öðruvísi við.



MITCH ALBOM

Notalegur andi og ljúfsár svífur yfir vötnum í Fimm manneskjum ... sem er þó blessunarlega laus við væmni. Eddi er skýr og vel heppnuð persóna, allt frá æsku fram í rauðan dauðann. Góð manneskja, en breysk, sem hefur haltrað í gegnum lífið og ekki haldið í við tækifærin, á köflum jafnvel lokað augunum fyrir þeim. Stíll Alboms er látlaus en læsilegur og hann hefur lag á að búa til aðstæður og hugarástand sem flestir kannast við sjálfa sig í, illu heilli eða góðu.

Í sögunni er mörgum hugleiðingum velt upp um örlog manna og hvernig þau tengjast. Hvernig góð ætlun getur snúist upp í andhverfu sína en líka hvernig maður hefur látið gott af



FIMM MANNESKJUR SEM MAÐUR HITTIR Á HIMNUM

HÖFUNDUR: MITCH ALBOM

Þýðandi: Karl Emil Gunnarsson

Útgefandi: JPV

Niðurstaða: Vel heppnuð notaleg bók um hvað það er auðvelt að láta lífið fram hjá sér fara.

sér leiða, jafnvel bjargað mannlífi, án þess að gera sér grein fyrir því.

Þetta hljómar kannski eins og lítt dulbúin sjálfshjálparbók en það væri ódýr afgangsla að láta þar við sitja. Augljóst er að höfundurinn er trúður en Fimm manneskjur ... er bók sem er fyrst og síðast á mannlegum nótum. Albom býður ekki upp á svör um tilgang lífsins, heldur lykka að hugleiðingum um hvað það er auðvelt að láta það fram hjá sér fara. Bókin rennur í gegn á augabragði, skildi þann sem þetta skrifar eftir hugsu og svei mér þá ef honum leið ekki líka dálítið betur.

Bergsteinn Sigurðsson

Strengjaleikhúsið í samvinnu við íslensku óperuna

SKUGGALÉIKUR

Ný íslensk ópera eftir Karólínu Eiríksdóttur, Sjón og Messíónu Tómasdóttur

Frum-sýning 18. nóvember kl. 20 - 2. sýning 25. nóvember kl. 20
3. sýning 2. desember kl. 20

ATH! AÐEINS ÞESSAR ÞRÍJAR SÝNINGAR



STRENGJALEIKHÚSIÐ ÍSLENSKA ÓPERAN

ARÍUR UM ÁSTINA - HÁDEGISTÓNLEIKAR ÞRIÐJUD. 14. NÓV. KL. 12.15

Jónas Guðmundsson, tenór, og Kurt Kopeczy, pianó, flytja rússneskar og ítalskar aríur í hádeginu

www.opera.is | opera@opera.is | Sími: 511 4200

Miðsalan er opin alla daga nema mánudaga kl. 14-18 og fram að sýningu sýningardaga.
Símasala kl. 10-18 þriðjudaga - föstudaga. Miðasala á Netinu allan sólarhringinn.

AUSTURBÆJAR

HAFIÐ BLÁA

Fékk áhorfendaverðlaun grímunar 2006. Þrjár tilnefningar til grímuverðlaunanna:

- Barnasýning ársins.
- Búningaverðlaun ársins.
- Áhorfendaverðlaun ársins.

Sýningar
Sun 12. nóv kl. 13:30
Sun 19. nóv kl. 13:30
síðasta sýning fyrir jóli

Miðasala Austurbæjar opin 13 - 17 alla daga sími : 551 4700

Nýr maður mættur til leiks

Bresku blöðin halda áfram umfjöllun sinni um skilnað Pauls McCartney og Heather Mills en málið tekur á sig ýmsar myndir. Nú þykist Daily Mail hafa heimildir fyrir því að Mills sé komin með nýjan mann.

Blaðið birti um helgina frétt þess efnis að Heather Mills væri hugsanlega í tygjum við einkabjálfa sinn, Ben Amigoni, en þau hafa sést æ meira saman eftir að hitna tók í kolunum hjá Mills og McCartney. Þetta er reyndar ekki í fyrsta skipti sem nafn Amigoni ber á góma í umræðunni því 17. október greindi Daily Mail frá því að Paul McCartney hefði boðað einkabjálfa-arann á sinn fund þar sem hann ætlaði sér að fá svör við því hvort hann ætti í ástarsambandi við Heather.

Hætti með unnustunni

Ben Amigoni gekk til liðs við Heather fyrir þremur árum þegar hún byrjaði að æfa í heilsuræktarstöðinni Hilsden Gym þar sem Amigoni vann. Þegar hún gekkst undir aðgerð á fæti réð Mills hann á staðnum og fékk hann til að sjá um endurhæfinguna. Amigoni, sem er 22 ára, sagði síðan upp unnustu sinni til margra ára til þess að geta farið með hinum nýja skjólstaðingi sínum um allan heim og séð til

þess að hún væri í fínu standi.

McCartney ákvað að ganga hreint til verks þegar hann og Mills höfðu tilkynnt skilnað sinn og hringdi í Amigoni til að spyrja hvort hann ætti í ástarsambandi við Heather. „Ben fékk samtal og vissi ekkert hvaðan á sig stóð veðrið, trúði því hreinlega ekki að sir Paul hefði áhuga á að tala við hann,“ sagði heimildarmaður Daily Mail. „Hann fullvissaði McCartney um að ekkert væri í gangi, samband þeirra væri eingöngu faglegt,“ bætti heimildamaðurinn við.

Samkvæmt götublaðinu á McCartney að hafa tekið þessar útskýringar gildar en Daily Mail telur nokkuð ljóst að miklar samverustundir einkabjálfa-rans og Mills hljóti að kveikja aftur grunsemdir hjá vinalega Bítlinum, Amigoni hafi ekki vikið frá Mills síðan fjaðrafokið hófst.

Börnin styðja McCartney

Þótt skilnaðurinn sé vissulega kominn í hart virðist hann þó hafa einhverjar jákvæðar hliðar. Börn McCartneys hafa verið dugleg við að heimsækja pabba sinn á heimili hans. Samkvæmt mörgum vefsíðum hefur Paul ævinlega þurft að heimsækja börnin sín en þau hafa ekki viljað koma á meðan hann var kvæntur Heather. Samkvæmt einhverjum fréttamiðlum er Heather, stjúpdóttir Paul, farin að láta sjá sig enda hefur nafn móður hennar, Lindu McCartney, verið dregið inn í málaferlin vegna upptaka sem hún gerði skömmu áður en hún lést. „Heather hefur ekki sést í mörg ár og starfsfólki brá heldur betur í brún þegar hún birtist öllum af óvörum.“ Þá hafa þau Mary og James McCartney einnig verið dugleg við að kíkja inn til pabba síns.

Mest hefur hins vegar borið á fatahönnuðinum Stellu McCartney sem á von á barni. Samkvæmt erlendum fréttaveitum er málið sagt ógna meðgöngunni vegna þess hversu mjög fatahönnuðurinn tekur málið inn á sig. Frá því var greint í News of the World fyrir viku að hún vildi helst ganga frá stjúpmóður sinni með berum höndum. Á Stella að hafa sagt við föður sínum að hún vildi ekki koma með barnið inn á heimili þar sem Heather Mills væri.

Erfitt fyrir Mills

Skilnaður McCartneys og Mills hefur vakið upp minningar um annan skilnað sem skók heimsbyggðina, þegar Díana prinsessa sagði skilið við Karl Bretaprins. Mills og McCartney hafa ráðið sér sömu lögfræðinga og málið hefur verið nánast daglega á forsiðum slúðurblaðanna enda hafa ásakanirnar gengið á víxl. Mills



HEATHER MILLS Mörgum þykir sem hún hafi hlotið ósanngjarna meðferð í blöðunum og ihugar hún nú alvarlega að veita sjónvarpsviðtal þar sem hún hyggst segja frá öllu.

hefur átt undir högg að sækja í fjölmiðlaumfjölluninni og hefur mörgum þótt nóg um, hafa bent á að hún sé jafnvel meira fórnarlamb en McCartney.

Lögfræðingurinn James Stewart sagði við vefútgaflu USA Today að málið gæti reynst erfitt fyrir Mills og hún hefði jafnvel gert taktísk mistök. „Samkvæmt lögum í Bretlandi er ekki heimilað að skilja nema hægt sé að sýna fram á óæskilega hegðun eða sífjaspell,“ sagði Stewart í samtali við vefinn og bætti því við að líklegast hefði það verið Paul sem hefði lagt fram beiðni um skilnað á grundvelli fyrrnefnda atriðisins.

STELLA MCCARTNEY Er brjáluð út í stjúpmóður sína fyrirverandi en málið er sagt ógna heilsu ófæddis barns hennar.

„Það sem hefði verið auðveldast fyrir Mills var að mótmæla ekki og semja síðan um einhverja upphæð,“ segir Stewart og bendir á að aðeins eitt prósent af öllum 150 þúsund skilnuðum hafi enda með „sigri“ andmælanda.

Skilnaðarlögum í Bretlandi var breytt fyrir sex árum en fram að því var eiginmönnum einungis skylt að greiða það sem talið var að eiginkonan þyrfti til að lifa af og því ljóst að barist verður um háar fjárhæðir í réttarhöldunum sem hefjast á næsta ári.

YOKO ONO Nafn ekku Lennons hefur verið nefnt, en Heather Mills hefur verið líkt við listakonuna sem margir telja að hafa eyðilagt samband



MEL GIBSON Leikarinn og leikstjórinn Mel Gibson fær verðlaunin afhent í Los Angeles. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTYIMAGES

Mel Gibson heiðraður

Leikarinn og leikstjórinn Mel Gibson fékk nýverið Latino-heiðursverðlaun fyrir væntanlega kvikmynd sína Apocalypto. Voru verðlaunin afhent í Los Angeles, þar sem fólk af suður-amerískum uppruna er afar fjölmennt.

Myndin, sem fjallar um Maya og var tekin upp í Mexíkó, verður frumsýnd í desember. Fjallar hún um hnignun hinnar háþrúðu menningar Maya-frumbyggjana í Mexíkó.

Gibson, sem er fimmtugur, var í sviðsljósinu á dögnum þegar hann var handtekinn fyrir að aka bíl sínum ólvaður. Bölvæði hann gyðingum við handtökuna og sagði þá bera ábyrgð á öllum styrjöldum heimsins. Baðst hann síðar afsökunar á ummælunum.



PAUL MCCARTNEY Heimildamaðurinn sagði að McCartney og Mills hefðu verið í sambandi síðan McCartney hóf samband sitt við börnin og húnabandið sem styður McCartney og Mills og verstu limum.

NÝJASTI SINGSTAR

9. HVER VINNUR!

PlayStation 2

Singstar Legends

Sendu SMS BTC VSF á 1900 og þú gætir unnið! Aðalvinningur er: PS2 + Singstar Legends Vinningar eru: Singstar, aðrir leikir DVD myndir og fleira

Vinningar verða afhendir hjá BT Smáralind. Kópavogi. Með því að taka þátt ertu komin í SMS klubb. 149 kr/skeytið.

Sökuð um dópneyslu á meðgöngu

Fjölmiðlastormurinn í kringum Önnu Nicole Smith hefur geislað linnulaust í tvo mánuði, eða frá því að sonur hennar, Daniel Smith lést á grunsamlegan hátt aðeins þremur dögum eftir að Önnu fæddist dóttirin DannieLynn. Þeir Howard K. Stern, núverandi kærasti Önnu, og Larry Birkhead, fyrirverandi kærasti hennar, segjast báðir vera feður stúlkunnar. Fráfall Daniels hefur eins og gefur að skilja tekið mjög á Önnu Nicole, og hafa aðstandendur fyrirverandi Playboy-stúlkunnar áhyggjur af heilsu hennar, en

hún gekkst undir aðgerð vegna samfallins lunga fyrir skömmu og er nú komin aftur á sjúkrahús vegna lungnabólgu.

Óljóst faðerni DannieLynn tekur líka sinn toll, en á dögnum gaf kona að nafni Laurie Payne sig fram og sagðist hafa orðið vitni að því þegar Anna Nicole neytti eiturlyfja á meðgöngunni, sömu lyfja og fundust í líkama Daniels eftir dauða hans. Draumar Önnu um að hafa ein forræði yfir DannieLynn virðast því ekki munu rætast.

ANNA NICOLE Á ÁRUM ÁÐUR Playboy-stjarnan hefur átt skrutlegt líf, en það er varla á við storminn sem geisar nú.



ANNA NICOLE OG DANIEL Aðstandendur Önnu Nicole óttast um heilsu hennar eftir lát Daniels.

Of létt fyrir þungun

Þótt það þyki eftirsóknarvert að vera magur í borg draumanna hefur það ýmsa fylgikvilla í för með sér eins og allir vita. Nicole Richie lagðist inn vegna fjaðurvigtar fyrir skemmstu og nú hefur Milla Jovovich greint frá því að henni gangi illa að verða ólétt vegna þyngdar sinnar. Milla segist vera að gera allt rétt, fyrir utan að borða nógu mikið. Hún segist því verða að taka sér

MILLA JOVOVICH Leikkonan er ekki sú eina sem hefur lent í vandræðum sökum megurðar.



P DIDDY Söngvarinn og tískufrömuðurinn vill leika James Bond einhvern tímann.

P Diddy vill leika Bond

Söngvarinn og tískufrömuðurinn P Diddy hefur áhuga á að leika James Bond einhvern tímann. „Dag einn mun tími koma fyrir þeldökkan Bond og vonandi mun ég koma til greina í hlutverkið,“ sagði Diddy. „Það er gamall draumur minn að fara með svona hlutverk.“

Diddy er engu að síður ánægður með hinn nýja Bond. „Hann er frábær leikari og ég held að þeir hafi valið hárréttan mann.“ Diddy hefur lítið leikið í gegnum tíðina. Þekktastur er hann fyrir hlutverk manns á dauðadeild í myndinni Monster's Ball.



SÖNGUGLINN SHAKIRA Dáð fyrir bæði söng og mjaðmahristingar.

Shakira sóp-aði að sér verðlaunum

Shakira var drottning Latin Grammy Awards, sem haldin var í New York í gærkvöldi. Söngkonan, sem er ekki eingöngu dáð fyrir fagra rödd sína heldur líka mikillar athygli vegna framúrskarandi fagurlaga mjaðma, hlaut fjögur af þeim fimm Latin Grammy-verðlaunum sem hún var tilnefnd til. Þar á meðal voru verðlaun fyrir bestu plötu og besta lag ársins, en þetta er í fyrsta skipti sem söngkona hefur unnið einhver af þremur helstu verðlaunum Latin Grammy Awards.

Kidman hættir við kynningu

Óskarsverðlaunaleikkonan Nicole Kidman hefur hætt við að taka þátt í kynningu nýjustu myndar sinnar, Fur On Sunday.

Kidman ætlaði að mæta á frumsýningu myndarinnar í New York á dögunum en ákvað þess í stað að eyða tíma með eiginmanni sínum, sveitátónlistarmanninum Keith Urban, sem er í meðferð í Nashville vegna drykkju- og eiturlyfjavandamála sinna.

Urban skræði sig í meðferð og gaf fljótlega út yfirlýsingu þar sem hann baðst afsökunar á framferði sínu. „Mér þykir það afar leitt að ég hafi valdið Nicole

og þeim sem elska mig og styðja vonbrigðum. Maður má aldrei sofna á verðinum þegar menn eru að jafna sig á vímuefnavandamálum en ég gerði það,“ sagði hann. „Með þeim stuðningi sem ég hef frá eiginkonu minni, fjölskyldu og vinum, er ég viss um að ég kemst yfir þetta.“

Talið er að Urban hafi farið í meðferð vegna klásúlu í hjónabandsáttmála sem Tom Cruise, fyrrum eiginmaður Kidman, krafðist að yrði höfð með. Þar stóð að ef hann yrði háður vímuefnum á nýjan leik yrði hann að fara í meðferð. Gerði Cruise þetta til verndar börnum þeirra

tveggja sem þau ættleiddu á sínum tíma. Hafa börnin verið mikið hjá Cruise og kærustu hans, Katie Holmes, að undanfögnu vegna vandamála hjá Kidman og Urban.



KIDMAN OG URBAN Leikkonan geðþekka hefur hætt við að kynna sína nýjustu mynd.

Glaesileg jólatilboð



Stærsti rúmaframleiðandi í heimi!

Sealy Posturepedic eru vinsælustu heilsurúm Bandaríkjanna síðastliðin 30 ár. Sealy eyðir meiri fjármunum í vörubróun en allir aðrir dýnuframleiðendur heims.



Einkaleyfin 4 frá Sealy:



Ert þú með þitt svefn DNA á hreinu?

Hátæknirúm

Besta svefnkerfið samkvæmt samanburðarránsknum. Svæðaskiptur stifliki, fjaðureiningar með minni.



Heilsan framfar öllu

mediline+

Hin mikla breidd MediLine línunnar uppfyllir flestar kröfur um fjölbreytileika og þægindi.

Rúmin í MediLine línunni eru til í fjölmörgum gerðum, stærðum og stifleikum þannig að flestir ættu að geta fundið hvílu við sitt hæfi.

JÓLAGJÖF FYLGIR HVERJU KEYPTU RÚMI



15%
afsláttur
af sængum og koddum

Mjúka deildin

Hágæða sængur og heilsukoddar. Úrval af sængurfatnaði og rúmteppum.

Gjafavara í miklu úrvali frá þekktum vörumerkjum. Rúmföt, rúkteppi, handklæði, sloppar, baðmottur og baðvara. Veisludúkar, hördúkar og löberar.



Opið virka daga: 10-18 og laug.: 11-16

Reykjavík: Mörkin 4, sími: 533 3500

Akureyri: Hofsbót 4, sími: 462 3504

Egilsstaðir: Miðvangur 1, sími: 471 2954

Nýtt í bíó

50 ÞÚSUND GESTIR

BORAT!

ERU ÞIÐ TILBÚIN FYRIR EINA FYNÐUSTU MYND ALLRA TÍMA?

MYRIN

FEARLESS

DEVIL WEARS PRADA

TALLADEGA NIGHTS

PETTA ER EKKERT MÁL

GRETTIR 2

SMÁRA BÍÓ SÍMI 564 0000

REGNBÖGINN SÍMI 551 9000

Borgarbíó SÍMI 462 3500

BORAT	kl. 4, 6, 8, 10 og 12 B.L. 12 ÁRA
FEARLESS	kl. 5.40, 8 og 10.20 B.L. 16 ÁRA
MYRIN	kl. 3.30, 5.40, 8 og 10.20 B.L. 12 ÁRA
SÝND Í LÚXUS	kl. 3.30, 5.40, 8 og 10.20
DEVIL WEARS PRADA	kl. 8 og 10.20
DRAUGAHÚSÍÐ ISL.TAL	kl. 4 og 6 B.L. 7 ÁRA
GRETTIR 2 ISL.TAL	kl. 3.50

450 kr. í bíó!

LAUGARAS BÍÓ - bara lúxus

Sími 553 2075

BORAT!

MYRIN

FEARLESS

DEVIL WEARS PRADA

TALLADEGA NIGHTS

PETTA ER EKKERT MÁL

GRETTIR 2

SÝND KL. 4, 6, 8 OG 10

KL. 4, 6, 8 OG 10.10 B.L. 12

SÝND KL. 8 OG 10

SÝND KL. 4 OG 6 ISL.TAL

www.laugarasbio.is



ÞEGAR ALLT LÉK Í LYNDI Breska hljómsveitin Blur sló í gegn fyrir rúmum áratug.

Vill Coxon aftur í Blur

Alex James, bassaleikari Blur, segir að fyrrverandi gítarleikari sveitarinnar, Graham Coxon, sé velkominn aftur í sveitina.

Coxon hætti fyrir þremur árum til að einbeita sér að sólóferli sínum. Núna eru taldar líkur á að upphaflegir liðsmenn Blur muni koma saman til að taka upp nýja plötu. „Vonandi getur Blur hætt störfum sem hamingjusamt fjögurra manna band,“ sagði James. „Það væri synd ef það yrði ekki að veruleika. Ég held að við viljum allir gera nýja plötu.“

Gefur út hjá Goldie

Agnar Agnarsson, sem er þekktur sem plötusnúðurinn Agzilla, gefur á næstunni út sína fyrstu plötu hjá plötufyrirtæki Goldie, Metalheadz.

„Við erum búnir að þekkja í sautján ár. Ég er tiltölulega nýbyrjaður að búa til tónlist en hann var rosahrifinn af músikinni og vildi gefa hana út,“ segir Agnar. Kynntust þeir þegar Goldie var að gera graffiti-listaverk á næturklúbbi einum á sama tíma og Agnar var að opna sína fyrstu verslun í Þingholti, sem hét Undirgöngin. Núna rekur hann aftur á móti gistiheimili í Skólastræti.

Frábrugðin öllu öðru

Agnar segist búa til raftónlist en hún sé frábrugðin öðru sem hann hafi heyrt. Um sé að ræða hrærigraut úr mismunandi hljóðum, þar á meðal breakbeat. Goldie sjálfur kemur ekki við sögu á plötunni, sem nefnist Cats Can Hear Ultrasound.

Taka áhættu með Agnar

„Það verður gefin út fjögurra laga EP-plata fyrst og svo kemur stóra platan út. Þetta er áhugavert út af því að þeir hafa yfirleitt bara gefið út drum and base á þessu „labeli“. Það er verið að taka sénsa með það sem ég er að semja,“ segir Agnar, sem er fyrsti sólótonlistarmaðurinn sem gefur út stóra plötu hjá fyrirtækinu. Agnar hefur verið plötusnúður í sautján ár en hann byrjaði að semja sjálfur fyrir um það bil þremur árum. „Þetta hefur gengið rosavel. Tónlistin er hálfgerð þerapía fyrir mig. Ég er ekkert að gera þetta til að komast á kortið eða græða peninga, enda er ég upptekinn við að reka gistiheimilið,“ segir hann.



AGNAR AGNARSSON Plötusnúðurinn og tónlistarmaðurinn Agnar Agnarsson gefur út sína fyrstu plötu í Bandaríkjunum.

Spilar í Miami

Platan er væntanleg í desember eða byrjun næsta árs.

Mun Agnar hugsanlega spila á

Metalheadz-kvöldi í Miami í apríl til að kynna gripinn enn frekar.

freyr@frettabladid.is



FEDERLINE OG BRITNEY Ýmislegt hefur gengið á í hjónabandi Kevin Federline og Britney Spears.

Gefur út ævisögu

Kevin Federline, eiginmaður poppprinsessunnar Britney Spears, ætlar að skrifa sjálfsævisögu sína. Fyrrum dansarinn Federline, sem nú er orðinn rappari, vill leyfa almenningi að kynna lífi sínu áður en hann hittir Britney. Mun hann ekki segja frá hjónabandi þeirra.

„Bókin hefur verið ákveðin. Hún segir frá lífi mínu þat til ég hittir eiginkonu mína, til að fólk geti skilið mig betur,“ sagði hann.



JÓLALÖG Platan „100 íslensk jólalög“ fyrir alla fjölskylduna á 5 geisla-plötum, er að koma út.

Vinsælustu jólalögin

Safnplatan „100 íslensk jólalög“ fyrir alla fjölskylduna á 5 geisla-plötum kemur út á mánudag. Á plötunum fimm er að finna samtals hundrað jólalög með íslenskum flytjendum.

Á tveimur plötum eru vinsælustu jólalögin síðustu tvo áratugina, á einni er að finna öll gömlu góðu jólalögin með eldri flytjendum, á einni er að finna vinsælustu jólabarnalögin og á síðustu eru hátíðlegri jólalögin. Á meðal laga eru Snæfinnur snjókarl með Björgvini Halldórssyni, Ef ég nenni með Helga Björns, Skrámur skrifar jólasveininum með Ladda og Jólaljól með Sniglabandinu.

Pakkinn er númer þrjú í þessari vinsælu seríu en þess má geta að safnplatan „100 íslenskir sumarsmellir“ er söluhæsta platan á árinu til þessa.

Stefna að því að ættleiða saman

Brad Pitt og Angelina Jolie stefna víst að því að ættleiða eitt barn fyrir hvert barn sem þau eignast saman. Hugmyndin er væntanlega runnin undan rifjum Angelinu sem segist vera með samviskubit vegna allra munaðarlausu barnanna í heiminum. Eins og kunnugt er á Angelina tvö ættleidd börn, auk dótturinnar sem skótuþjúin eignuðust saman fyrir skemmstu.

Brad Pitt langar óstjórnlega að eignast annað barn með konu

sinni og hann vill síður ættleiða. Tomb Raider-skutlan virðist þó halda um stjórnartaumana í sambandinu, því fréttir hafa borist af því að parið ætli sér að ættleiða barn frá Indlandi, þar sem þau dveljast þessa dagana.

BRAD OG ANGELINA Nokkur ágreiningur virðist ríka um hvernig börn þeirra skuli komin til.



Upplýsingar í síma 580 2525
Textavarp: Stöð 2 • 150-153
RÚV • 281, 283 og 284

Lotto

Vinningstölur laugardaginn 04.11.2006

3 13 21 24 25

Einfaldur
1. vinningur næsta laugardag

Bónustala 18

Jókerstölur vikunnar

Jóker 9 9 1 9 4

1. vinningur gekk ekki út

VÍKINGA LOTTO Alltaf á miðvikudögum

Vinningstölur miðvikudaginn 01.11.2006

Adaltölur
4 14 16 32 45 48

Bónustölur Ofurtala
20 21 48

Einfaldur
1. vinningur næsta miðvikudag

Jókerstölur vikunnar

Jóker 1 8 5 9 3

1. vinningur gekk ekki út

Birt með fyrirvara um prentvilla

www.haskolabio.is

BORAT! Eru þú tilbúin fyrir eina fyndnustu mynd allra tíma?

THE DEPARTED BESTA MYND MARTINS SCORSES TIL ÞESSA

the last kiss Vel gerð og rómantísk með þeim Zach Braff („Scrubs“, „Garden State“), Rachel Bilson („O.C.“ þættimír) ofl.

MYRIN Varðveitt líf mitt fyrir ógnum óvinarins

THE DEPARTED SJÁÐ EINA BESTU MYND ÁRSINS. BETRI LEIKHÓPUR HEFUR EKKI SÉST Í KVÍKMYND Í LANGAN TÍM.

the last kiss Frá handritshöfundum „Million Dollar Baby“ og „Crash“

THE QUEEN Kl. 8

AN INCONVENIENT TRUTH Kl. 8

BÖRN Kl. 8

WORLD TRADE CENTER Kl. 10:30

HAGATORGI • S. 530 1919

SAMBÍÓN / ÁLFABAKKA				SAMBÍÓN / KRINGLUNNI				SAMBÍÓN / KEFLAVÍK				SAMBÍÓN / AKUREYRI			
THE DEPARTED	kl. 5:30 - 7 - 8:30 - 10:10	B.1.16	Leyb	BORAT	kl. 6 - 8 - 10	B.1.12	Leyb	BORAT	kl. 8 - 10	B.1.12	Leyb	BARNYARD	kl. 6	Leyb	
THE DEPARTED VIP	kl. 5:30 - 8:30			THE DEPARTED	kl. 8 - 10:10	B.1.16	DIGITAL	THE DEPARTED	kl. 10:10	B.1.16		THE DEPARTED	kl. 8	B.1.16	
THE LAST KISS	kl. 3:30 - 5:45 - 8 - 10:30	B.1.12	Leyb	BÆJARHLAÐIÐ	kl. 6	Leyb		MYRIN	kl. 8	B.1.12		THE DEPARTED	kl. 6	Leyb	
BÆJARHLAÐIÐ	kl. 4 - 6	Leyb		MATERIAL GIRLS	kl. 6	Leyb						MATERIAL GIRLS	kl. 6	Leyb	
				BEERFEST	kl. 8	B.1.12						THE GUARDIAN	kl. 8	B.1.12	

Mogga Bíó 2 fyrir 1 í bíó* sjá miða framan á morgunblaðinu í dag *gildir ekki á Borat né á mýrina

www.sambion.is | 575 8900

Breikbítið fór aldrei neitt!

[TÓNLIST]

UMFJÖLLUN

Fyrir nokkrum árum var ég sannfærður um að drömm og beis og breikbít hefðu farið sömu leið og breikdansinn. Hefðin á klakanum er að gleypa við nýjustu tiskustraumum í hvelli, ýkja áhrifin til muna og spýta vitleysunni svo út úr sér um leið og eitthvað nýtt er kynnt til sögunnar. Það hefur farið svo lítið fyrir nýrri tónlist úr þessum geirum á Íslandi að ykkur er fyrirgefið að halda að þetta hafi einungis verið bóla sem sprakk. Staðreyndin er hins vegar sú að það sem við sjáum oft sem tiskustrauma heima er upphafið að nýrri menningu í stórborgum eins og London. Þannig hafði ég rétt fyrir mér, en á annan hátt en ég hélt, að halda að breikbít hefði farið sömu leið og breikdansinn, því hvort veggja lifir góðu lífi í höfuðborg Bretlands. Ekki bara það, heldur er drömm og beis sú tónlist sem flest framhaldsskólaböll í London eru byggð á, eins og stærstu klubbarnir. Þar hafið þið það. Pendulum hefur verið ein vinsælasta sveitin í breikbít-senunni í London, og þeir verið nefndir arftakar The Prodigy, eftir að frumraun þeirra kom út. Ég held að það sé ekki svo fjarri lagi, það er a. m. k. alveg það langt síðan ég hef heyrt plötu, sem er framleidd með það í huga að halda fólki sveittu á dansgólfinu, sem hefur náð svona vel til mín. Miðað hversu hröð útbreiðsla breikbít-tónlistar er



PENDULUM: HOLD YOUR COLOUR

Niðurstaða: Frumraun Pendulum hefur alla burði til þess að koma breikbít aftur upp á yfirborðið. Það besta sem hefur gerst í klubbátónlist síðan Underworld og The Prodigy voru upp á sitt besta.

Þessa dagana kæmi það mér ekkert á óvart þótt næsta stóra tónlistarbylting frá Bretlandi skyti loksins þessari tónlistarstefnu upp á yfirborð meginstraumsins. Þessi plata hér hefur a.m.k. alla burði til þess. Þó hljóðheimur þessarar stefnu hafi ekki þróast mikið síðustu tíu ár, eru hljóm-sveitir á borð við Plumb DJ's og Pendulum að verða mun lunarnari í því að semja gripandi lög sem eiga fullt erindi í útvarpsspilun. Kynnid ykkur bara slagarana Fasten Your Seatbelt og Slam ef þið trúid mér ekki. Hið angurværa titillag plötunnar, Hold Your Colour, ber svo með sér allan sama sjarma og gerði Underworld að einni stærstu rafsvaitum fyrri hluta síðasta áratugar. Án efa ein af plötum ársins.

Einlægi Írinn gefur út 9

Írski trúbadorinn Damien Rice gefur í dag út sína aðra hljóðversplötu, 9. Fylgir hún á eftir miklum vinsældum 0, sem kom út fyrir fjórum árum. Freyr Bjarnason leit yfir feril þessa hugljúfa tónlistarmanns.

Damien Rice sló rækilega í gegn með frumraun sinni, 0. Þar heilluðust menn af einlægni þessa smávaxna Íra og fallegum lagasmíðunum þar sem angurværðin var í fyrirrúmi. Lög af plötunni hljómuðu í kjölfarið ótt og titt bæði í sjónvarpi og kvikmyndum, þar á meðal Closer, auk þess sem útvarpsstöðvar voru duglegar við að spila Damien Rice. Ari síðar gaf hann síðan út plötuna B-sides sem hafði að geyma sjö lög sem ekki höfðu verið gefin út í Bandaríkjunum áður. Fékk sú plata einnig mjög góðar viðtökur.

Prisvar á Íslandi

Biðin eftir nýju plötunni hefur því verið erfið á meðal addáenda hans. Hér á landi minnst menn vafalítið tvennra eftirminnilegra tónleika sem hann hélt á Nasa fyrir tveimur árum. Hreifst hann svo mjög af landi og þjóð er hann var staddur hér vegna fyrri tónleikanna að hann bað sérstaklega um að fá að halda hér aðra tónleika. Einnig spilaði hann á náttúruverndartónleikunum í Laugar-dalshöllinni í byrjun ársins ásamt fleiri listamönnum.

Flutti til Ítalíu

Damien Rice, sem verður 36 ára í desember, eyddi æskuárum sínum í smábænum Cebridge á Írlandi. Málaði hann málverk og samdi lög og á endanum stofnaði hann hljómsveitina Juniper. Gerði sveitin samning við útgáfufyrirtækið Polygram árið 1997 og átti tvo ágætlega vinsæl lög í írsku útvarpinu. Þegar vandræði komu upp í kringum upptökur á fyrstu plötu sveitarinnar tók Rice pokann sinn og flutti til Ítalíu árið 1999. Þar, og víðar um Evrópu, flakkaði hann um með gítarinn sinn og söng fyrir gesti og gangandi.

Innan við ári síðar fluttist hann heim til Írlands og tók upp plötuna 0 eftir að hafa fengið hjálp frá vini sínum David Arnold, sem hafði góð sambönd innan tónlistargeirans. Líkaði honum vel við tónlist Rice og ákvað að gefa honum tækifæri.



DAMIEN RICE Írski tónlistarmaðurinn er að gefa út sína aðra hljóðversplötu, 9.

FRÉTTAHLAÐIÐ/GETTYIMAGES

Stjarna fædd

Fyrsta smákífulagið, The Blower's Daughter, fór beint á topp 20 haustið 2001 og ljóst var að ný stjarna var fædd. Platan kom út 2002 og var mjög vel tekið og fékk Rice Shortlist-tónlistarverðlaunin árið eftir.

Honum til aðstoðar á plötunni var m.a. söngkonan Lisa Hannigan sem kom fram á seinni tónleikunum á Nasa og sellóleikarinn Vyvienne Long. Voru þær honum og til halds og trausts á nýju plötunni, enda nauðsynleg viðbót við fallega tóna Rice.

Til stuðnings Suu Kyi

Rice hefur einnig látið sig mannréttindi og umhverfismál varða, eins og náttúruverndartónleikarnir í Höllinni bera vott um.

Hefur hann m.a. studd dyggilega við lýðræðissinnann Aung San Suu Kyi frá Mjanmar sem hefur

verið í stofufangelsi þar í landi vegna stjórnmalaskoðana sinna. Rice gaf út lagið Unplayed Piano í fyrra og rann allur ágóðinn af sölu þess til baráttunnar fyrir frelsi Suu Kyi.

Smákífulagið 9 Crimes

Fyrsta smákífulag 9 heitir 9 Crimes. Á plötunni eru tíu lög og er hvert öðru betra. Er ljóst að Rice hefur tekist að fylgja eftir vinsældum fyrstu plötunnar með annarri gæðaplötu, þar sem rólegheitin og innlifunin eru sem fyrr í fyrirrúmi.

Til að fylgja plötunni eftir mun Rice fara í tónleikaferð um Bandaríkinn í nóvember og desember. Hann mun jafnframt spila í kvöldþætti Jays Leno 9. nóvember, í þætti Jools Holland kvöldið eftir og hinn 17. verður hann í þætti Conans O'Brien. Eftir áramót má búast við umfangsmikilli tónleikaferð um Evrópu.


Lélegt dómskerfi

Leikarinn Russel Crowe, sem játaði sig sekan um líkamsárás í Bandaríkjunum á síðasta ári, segir að gert hefði verið minna úr atvikinu í heimalandi hans Ástralíu. Crowe, sem er 42 ára, segist þó sjá eftir því að hafa hent síma í hótelsstarfsmann í júní í fyrra.

Crowe er ósáttur við dómkerfið í Bandaríkjunum og segir auðvelt að misnota það. „Í mínu heimalandi hefði eitthvað í líkingu við það sem ég gerði endað með handabandi og afsökunarbeiðni,“ sagði Crowe, sem var handtekinn eftir að hafa reiðst er hann gat ekki hringt til Ástralíu í eiginkonu sína.

Crowe er þekktur fyrir skap sitt og gerir hann sér fyllilega grein fyrir því. „Já, ég hef skap, engin spurning.

En veistu hvað gerist ef þú hefur það ekki? Einn dag þegar þú ert að labba úti í bæ ferðu allt í einu yfir um,“ sagði hann.



RUSSEL CROWE Leikarinn Russel Crowe er ósáttur við dómkerfið í Bandaríkjunum.

> Leikmenn ÍR bóna bíla

Meistaraflokkur ÍR í handbolta hefur farið skemmtilegar leiðir í leit að styrkjum og næsta sunnudag ætla þeir að bjóða upp á bón og allhiða bílþríf gegn vægu gjaldi. Leikmenn sjálfir sjá um að þrifa en þjónustan verður talsvert ódýrari en á ódýrustu bönstöðvum og fer fram í húsnæði Toyota í Vesturvör í Kópavogi. Jón Heiðar Gunnarsson, leikmaður liðsins, sér um tímaskráningar í síma 698-5419. Leikmenn liðsins lofa faglegum þrífum og er því haldið fram að nokkrir leikmenn liðsins hafi sótt námskeið í bönun bíla. ÍR er sem stendur í neðsta sæti DHL-deildarinnar en liðið tapaði um helgina naumlega fyrir HK.



sport

sport@frettabladid.is

PÁLL ÓLAFSSON ÞJÁLFARI HAUKA: TAPIÐ Í FRAKKLANDI Á LAUGARDAG VAR FULLSTÓRT

Náðum ekki að halda haus til loka leiks

Haukar töpuðu á laugardagskvöldið fyrri leik sínum gegn franska handknattleikslíðinu Paris Handball með tíu marka mun. Parísarliðið sigraði 34-24 á heimavelli sínum en leikurinn var hluti af þriðju umferð EHF-keppinnar. „Tíu marka tap var of stórt þar sem við lékum mjög vel að stórum hluta og hefðum átt að tapa með mest fimm til sex mörkum. Síðustu níu mínúturnar hrundi síðan leikur okkar og við töpuðum þeim leikkafli 11-3 eftir að munurinn hafði aðeins verið tvö mörk,“ sagði Páll Ólafsson, þjálfari Hauka í gær.

Haukaliðið kemur heim í dag en það eyddi gærdeginum í París. Það slapp því við þá röskun sem varð á millilandaflugi vegna vonskueðurs um helgina en flugvélum sem lenda átti á Keflavíkflugvelli var vísað til Glasgow. Andri Stefan var besti leikmaður

Hauka á laugardag en hann var markahæstur í liðinu með sjö mörk. Árni Þór Sigtryggsson, Jón Karl Björnsson, Kári Kristján Kristjánsson og Sigurbergur Sveinsson skoruðu þrjú mörk hver.

„Það var mjög góð stemning í liðinu stærstan hluta leiksins en því miður náðum við ekki að halda haus,“ sagði Páll en hann sagði franska liðið mjög gott. „Það er bara eins og þessi frönsku lið eru í dag, þeir voru mjög sterkir í hraða-upphlaupum sem dæmi. Eftir

þetta tíu marka tap verður að segjast eins og er að það eru ekki miklar líkur á því að ná að vinna það upp en við munum samt sem áður spila til sigurs í seinni leiknum.“

Síðari viðureign Hauka og Paris Handball verður háð næsta sunnudag en næsti leikur Haukaliðsins verður í Digranesinu á miðvikudagskvöldið þegar liðið heimsækir HK. Haukar hafa aðeins unnið einn af fimm fyrstu leikjum sínum í DHL-deildinni en tveir hafa endað með jafntefli.



HJÁLMAR ÞÓRARINSSON Stendur sig vel hjá Raith Rovers.

Þjálfari Raith Rovers:

Hjálmar hefur verið frábær

FÓTBOLTI Hjálmar Þórarinnsson, leikmaður Raith Rovers í Skotlandi, fær mikið hrós frá þjálfara sínum Gary Kirk fyrir frammistöðu sína gegn Cowdenbeath á laugardaginn, en Hjálmar skoraði sigurmark liðsins og lagði upp annað í 2-1 sigri. Þetta var fyrsta mark Hjálmars fyrir félagið en hann er í láni hjá Raith frá Hearts.

„Ég er himinlifandi fyrir hönd Hjálmars. Hann er ungur strákur sem er langt frá sínu heimalandi en hann stendur sig alveg frábærlega. Hann leggur sig alltaf allan fram og ég er mjög ánægður með hann,“ sagði Kirk á heimasíðu Raith.

- vig

Rosalega gott að komast á völlinn

Landsliðsfyrirliðinn Ólafur Stefánsson spilaði sinn fyrsta leik í nokkrar vikur á laugardag þegar Ciudad Real bar sigurorð af Pick Szeged í meistaradeild Evrópu í handbolta. Ólafur kenndi sér lítils meins í leiknum og vonar að axlarmeiddslin séu endanlega á bak og burt.

HANDBOLTI „Ég er bara nokkuð góður,“ sagði Ólafur þegar Fréttablaðið ræddi við hann í gær, tæpum sólarhring eftir að hann hafði spilað í alls hálf tíma með Ciudad gegn Pick Szeged frá Ungverjalandi í meistaradeildinni. Ciudad vann tiltölulega auðveldan sigur 32-25 og skoraði Ólafur þrjú mörk. Fyrir nokkrum vikum var Ólafur venjulega hálfamaður svona stuttu eftir leik, reyndar „stokkbólgin og gjörsamlega að drepast“ eins og hann segir sjálfur frá, en í gær horfði öðruvísi við.

„Ég finn alveg fyrir einhverjum eymslum en það er alveg eðlilegt. Miðað við allt myndi ég segja að mér liði mjög vel. Öxlin virðist vera að komast í gang á ný og það er mikill léttir. Það var rosalega gott að komast inn á völinn aftur,“ sagði Ólafur. „Læknarnir komust að því að þetta væru í raun tveir kvillar. Annars vegar slitigt sem kemur oft hjá mönnum sem hafa verið að kasta tuðru í 15 ár og leiðin til að vinna bug á henni er að hreyfa öxlina. Bólgan í öxlinni sem hefur verið að hrjá mig síðustu vikur er að hjaðna og því var einfaldlega ákveðið að kyla á þetta núna, koma öxlinni í gang aftur og reyna að liðka þessa gigt til. Þessi áætlun virðist hafa gengið upp.“

Ólafur segir að læknar Ciudad hafi verið mjög ánægðir með hvernig ástandið var á öxlinni eftir leik, en hann var ekki sprautaður og fékk ekkert bólgueyðandi



fyrir leikinn. „Nei, nei. Það varð að vera ég sjálfur sem spilaði, ekki einhverjar töflur,“ sagði Ólafur, léttur á því eins og venjulega. Hann kveðst ekki hafa verið að hlífa öxlinni neitt sérstaklega í leiknum. „Ég fann alveg fyrir smá eymslum en það háði mér ekkert. Ég held ég að þetta hafi bara verið gamli góði Óli.“

Tíðindin eru mikil gleðiefni fyrir íslenska landsliðið í handbolta því Ólafur fær nú drjúgan tíma til að ná upp leikforminu áður en HM í Þýskalandi hefst eftir um þrjú mánuði. Því fer þó fjarri að Ólafur fái einhverja sérstaka meðferð hjá þjálfara sínum, Talent Dujshabaev. Sá ætlar honum stórt hlutverk í stórslag spænsku úrvalsdeildarinnar á miðvikudag þegar Ciudad heldur til Pamploma og mætir Portland San Antonio. „Það verður svakalegur leikur tveggja taplausra liða og leikurinn um helgina var ákveðin prófraun á hvort ég væri klár í leikinn á miðvikudag. Ég held að ég hafi sýnt það.“

vignir@frettabladid.is

BYRJADUR AÐ SPILA Á NÝ Ólafur Stefánsson kenndi sér vart meins í öxlinni eftir að hafa spilað 15 mínútur í hvorum hálfleik fyrir Ciudad Real um helgina, eins og hann er vanur að gera. Ólafur ætti því að óbreyttu að vera í finu formi þegar HM í Þýskalandi hefst í fljótlega á næsta ári.

NORDICPHOTOS/AFP

Keppni í NBA-deildinni hófst í síðustu viku:

Utah byrjar tímabilið af miklum krafti

KÖRFUBOLTI NBA-deildin fór af stað í síðustu viku og lofar tímabilið góðu miðað við fyrstu leikina. Í fyrri nótt átti risinn Yao Ming sannkallaðan stórleik fyrir Houston Rockets og skoraði 36 stig þegar liðið vann sinn fyrsta leik á tímabilinu er það lagði Dallas Mavericks 107-76. „Til að eiga möguleika í þessari keppni þarf maður að hafa frábæra leikmenn sem leggja sig alla fram og spila eins og þeir geta best. Yao gerði það svo sannarlega í þessum leik,“ sagði Jeff Van Gundy, þjálfari Houston. Liðið hefur leikið tvo leiki til þessa en það tapaði sínum fyrsta leik. Dallas fer illa af stað og hefur tapað báðum leikjum sínum.

Stuðningsmenn Utah Jazz eru kátir þessa dagana enda hefur liðið átt sannkallaða óskabyrjun í NBA-deildinni og unnið alla þrjá leiki sína. Eftir að hafa unnið Phoenix á útivelli á föstudag sýndi liðið engin þreytumerki á heima- velli sínum gegn Golden State Warriors í fyrri nótt. Mehmet Okur skoraði 21 stig og var stigahæstur

í liði Utah sem lagði Golden State 106-82, þá skoraði Carlos Boozer sautján stig og hjálpaði Utah að landa sigri.

„Aðalmunurinn á liðinu ef miðað er við síðustu ár er sá að breiddin hjá okkur er orðin mun meiri. Ef einhver spilar ekki nægilega vel þá getur þjálfarinn tekið hann af velli og sett annan leikmann inn á án þess að gæðin í leik okkar minnki. Þannig fá menn meiri hvíld og liðið verður allt betra,“ sagði Boozer eftir sigurinn. Golden State hefur unnið einn af fyrstu þremur leikjum sínum.

Meðal annarra úrslita í fyrri- nótt má nefna að Los Angeles Clippers vann nauman sigur á Phoenix Suns 114-108. Góð frammistaða í lokaleikhlutunum gerði það að verkum að Clippers náði sigri en þá lék liðið hraðan bolta og vann átta stiga sigur í leikhlutunum.

„Þessi sigur sýndi góðan karakter hjá liðinu og við gerðum fullt af góðum hlutum,“ sagði Mike Dunleavy, þjálfari Clippers sem hefur unnið tvo af þremur fyrstu



YAO MING Lék frábærlega fyrir Houston Rockets í sigurleik gegn Dallas.

NORDICPHOTOS/GETTY IMAGES

leikjum sínum. Gilbert Arenas hjá Washington skoraði alls 44 stig þegar hans menn unnu Boston 124-117.

- egm

Kjartan Henry Finnbogason er kominn á fulla ferð:

Held ég hafi náð að vekja athygli

FÓTBOLTI Sóknarmaðurinn Kjartan Henry Finnbogason hefur farið mikinn með varaliði Celtic í Skotlandi í síðustu leikjum eftir að hafa jafnað sig á þrálátum meðslum í rist sem hafa haldið honum frá æfingum og keppni í næstum eitt og hálf ár.

Kjartan Henry byrjaði inn á í síðasta leik varaliðsins, í fyrsta sinn í langan tíma, en í tveimur leikjum þar á undan hafði hann komið inn á sem varamaður í



KJARTAN HENRY FINNBOGASON

síðari hálfleik. Í leik gegn Dundee í lok október kom Kjartan Henry inn á þegar stundarfjórðungur var eftir og gerði hann sér lítið fyrir og skoraði tvö mörk í lokakaflanum í 2-0 sigri. Sú frammistaða varð til þess að Gordon Strachan, stjóri liðsins,

hrósaði honum sérstaklega.

„Strachan kom inn í klefa eftir leikinn og sagði mér að ég hefði staðið mig vel. Hann sagði mér að vera áfram þolinmóður, því það tekur alltaf sinn tíma að komast í gang eftir svona erfiðu meðslum,“ sagði Kjartan Henry við Fréttablaðið í gær, en Strachan mætir undantekningarlaust á leiki varaliðsins og má því segja að það sé mjög góður vettvangur til að sanna sig.

„Ég er að komast í hörkuform og held að ég hafi náð að vekja athygli með frammistöðu minni upp á síðkastið. Draumurinn væri að komast í hóp hjá aðalliðinu á tímabilinu og mestu möguleikarnir á því eru í bikarleikjunum,“ segir Kjartan, sem augljóslega stefnir hátt. „Það þýðir lítið að vera í þessu ef maður setur ekki há markmið. Ég tel að það sé raunhæft fyrir mig að spila fyrir aðalliðið í ár og auðvitað stefni ég á það,“ segir Kjartan Henry.

- vig



GUÐJÓN ÞÓRÐARSON Ætlar að styrkja ÍA-liðið fyrir næsta sumar.

Guðjón Þórðarson, þjálfari ÍA: Tökum ekki þátt í verðstríði

FÓTBOLTI Guðjón Þórðarson, þjálfari ÍA, segir að Skagamenn hafi engan áhuga á að taka þátt í því sem á gengið hefur á leikmannamarkaðnum hér heima að undanförunu. Guðjón sagði við heimasíðu ÍA í gær að tilboðin sem önnur félög hafi boðið leikmönnum séu langt fyrir ofan það sem ÍA hefur kost á að bjóða. „Við ræddum við tvo af þeim leikmönnum sem gengu til liðs við önnur lið í síðustu viku og sýndu þeir okkur áhuga, meðal annars vegna þess að aðstaða til æfinga er hvergi betri. Síðan hófst samkeppnin frá öðrum liðum og tilboð þeirra voru langt fyrir utan þess verðlagsramma sem við setjum okkur.“

Guðjón kveðst þó ekki ætla að leggja árar í bát. „Það þarf enginn að vera í vafa um að við munum styrkja okkur fyrir komandi átök í Landsbankadeildinni næsta sumar og við erum nú þegar með nokkur járn í eldinum hér heima og erlendis.“ sagði Guðjón við heimasíðu ÍA. - vig



UPTON PARK West Ham virðist þurfa að sætta sig við að spila heimaleiki sína áfram á Upton Park.

NORDICPHOTOS/AFP

West Ham: Fær ekki afnot af ÓL-leikvangi

FÓTBOLTI Áhugi erlendra fjárfesta á enska úrvalsdeildarfélaginu West Ham kann að hafa minnkað töluvert í gær þegar Sebastian Coe, formaður Ólympíunefndar London-borgar, útilokaði þann möguleika að lið West Ham fengi að leika heimaleiki sína á glæsilegum leikvangi sem byggður verður fyrir ÓL í London 2012. Eins og kunnugt er hefur Eggert Magnússon, formaður KSI, verið í viðræðum um kaup á meirihluta í West Ham síðustu vikur.

Möguleikinn á að flytja heimavöllinn á Ólympíuleikvanginn þótti vera eitt helsta aðdráttarafl West Ham fyrir mögulega fjárfesta en núverandi heimavöllur, Upton Park, yrði þá hugsanlega seldur fyrir umtalsverðar fjárhæðir. Coe sagði í gær að ef West Ham vildi fá afnot af leikvanginum þyrfti félagið að leggja 100 millj. punda í framkvæmdina. Þess má geta að Eggert hefur boðið 75 millj. punda í félagið svo að eðli málsins samkvæmt munu slíkar fjárhæðir ekki koma til greina fyrir félag eins og West Ham. - vig

Eiður Smári Guðjohnsen tjáir sig um hina meintu krísu í herbúðum Barcelona:

Tímaspursmál hvenær við komumst í gang

FÓTBOLTI Eiður Smári Guðjohnsen, fyrirliði íslenska landsliðsins og leikmaður Barcelona á Spáni, telur að það sé aðeins tímaspursmál hvenær Barcelona hrekkur í sinn gamla góða gir og að leikmenn liðsins geri sér fyllilega grein fyrir því að þeir spili ekki eins og þeir geti best. Þetta segir Eiður í viðtali við heimasíðuna Icons.com.

Eiður segir að það sama eigi við um Ronaldinho, en hann hefur ekki náð sömu gæðum í leik sínum í ár eins og á síðustu leiktíð.

„Hvernig er Ronaldinho að spila í augnablikinu? Ég veit ekki alveg hvernig ég á að svara þessari spurningu þar sem ég þekki Ronaldinho ekki svo vel. Ég hef spilað við hlið hans í svo stuttan tíma. Hann er hins vegar mjög mikilvægur okkar liði og er vanur að skora mörg mörk en hann er að vinna í því að finna sitt rétta form.“

Eiður segir að sú gagnrýni sem leikmenn Barcelona hafi fengið á sig undanfarnar vikur eigi rétt á sér. „Það er ekki bara Ronaldinho



STYTTIST Í GAMLA FORMIÐ Eiður Smári segir að hann sjálfur hafi fengið sinn skerf af gagnrýni á síðustu vikum. Hann taki þessari gagnrýni og sé ekki með neinar afsakanir yfir slakri spílamentsku Barcelona.

NORDICPHOTOS/AFP

Ensku blöðin slúðra um Eið Smára:

Á leið til Newcastle í janúar?

FÓTBOLTI Enska götublaðið People hélt því fram í gær að Glenn Roeder, knattspyrnustjóri Newcastle, ætli sér að gera tilboð í Eið Smára Guðjohnsen þegar leikmannaglugginn opnast að nýju í janúar.

Blaðið fullyrðir að Eiður Smári hafi verið nærri því að ganga til liðs við Newcastle í sumar en þegar Barcelona kom

til sögunnar hafi ekki verið aftur snúið fyrir íslenska landsliðsfyrirliðann.

Enn fremur heldur blaðið því fram að Eiður Smári hafi tjáð sínum nánustu vinum að honum líki ekki eins vel að vera á Spáni og á Englandi og því hafi hann hug á því að snúa aftur í ensku úrvalsdeildina ef tækifæri gefst til. - vig

Hyundai hefur gæðin


Hefur gæðin



Hyundai er í 3. sæti í nýjstu IQS gæðakönnun J.D. Power, næst á eftir Porsche og Lexus.

Þetta er jafnframt þriðja árið í röð sem Hyundai er meðal fremstu bílaframleiðanda heims. IQS könnunin er ein virtasta könnun sinnar tegundar, byggð á svörum rúmlega 63.000 bifreiðareigenda. Það eru því orð að sönnu að Hyundai hafi gæðin.

Top 5 Nameplates in 2006 Initial Quality Study Problems per 100 Vehicles



Með mesta rýmið í sínum flokki



Frá kr. 1.390.000

Getz

- ESP stöðugleikastýring
- ABS bremsujöfnun
- 4 loftpúðar
- Þokuljós að framan
- Litaðar rúður
- CD/MP3 spilar, 4 hátalarar



Nú fáanlegur 2.0 dísel - sjálfskiptur

Frá kr. 2.290.000

SONATA

- ESP stöðugleikastýring
- TCS spólvörn
- ABS með EBD bremsujöfnun
- 6 loftpúðar
- Hiti í framsætum
- 16" álfelgur
- Þvottakerfi fyrir framljós
- ofl.

HYUNDAI hefur gæðin



ÚRSLIT LEIKJA Í GÆR

Enska úrvalsdeildin

ASTON VILLA - BLACKBURN	2-0
1-0 Gareth Barry (41.), 2-0 Juan Pablo Angel (50.).	
TOTTENHAM - CHELSEA	2-1
0-1 Claude Makelele (15.), 1-1 Michael Dawson (25.), 2-1 Aaron Lennon (52.).	
WEST HAM - ARSENAL	1-0
1-0 Marlon Harewood (89.).	

STADA EFSTU LIÐA:

MAN. UTD.	11	9	1	1	26-5	28
CHELSEA	11	8	1	2	18-7	25
BOLTON	11	6	2	3	10-9	20
PORTSMOUTH	11	6	1	4	16-9	19
ARSENAL	10	5	3	2	16-6	18

Spænska úrvalsdeildin

ZARAGOZA - GETAFE	3-1
SEVILLA - OSASUNA	2-0
VILLARREAL CF - REAL BETIS	3-2
REAL MADRID - CELTA VIGO	1-2
0-1 Nene (36.), 1-1 Emerson (43.), 1-2 Jorge (82.).	

Barcelona og Deportivo skildu jöfn, 1-1, í leik liðanna á laugardagskvöldið. Ronaldinho skoraði mark Börsunga en Eður Smári lék ekki með.

Ítalska A-deildin

ATALANTA - AC MILAN	2-0
EMPOLI - LAZIO	1-1
PALERMO - SAMPDORIA	2-0
INTER - ASCOLI	2-0
1-0 Javier Zanetti (41.). 2-0 Gudini, sjálfsm. (53.).	

Sænska úrvalsdeildin:

Elfsborg vann

FÓTBOLTI Elfsborg tryggði sér meistaratitilinn í sænska fótboltanum í fimmta sinn í sögunni með því að sigra Djurgarden, meistarana frá því í fyrria, í lokaumferðinni sem fram fór í gær, 1-0.

AIK varð í öðru sæti og hlaut 49 stig en það kom í hlut Öster, lið Helga Vals Danielssonar, og Örgryte að falla að þessu sinni.

Norska knattspyrman:

Veigar næstmarkahæstur

FÓTBOLTI Eitt mark frá Veigar Páli Gunnarssyni í 5-1 sigurleik Stabæk gegn Ham-Kam í lokaumferð norsku úrvalsdeildarinnar í gær var ekki nóg til að skila honum markakóngstitli deildarinnar því félagi hans Daniel Nannskog skoraði einnig og endaði sem markahæsti leikmaður deildarinnar. Nannskog skoraði 17 mörk en Veigar Páll varð annar með 16 mörk.

Með sigrinum sendi Stabæk Ham-Kam niður í 1. deild en Viking bjargaði sér frá falli með 5-0 sigri á Brann þar sem Kristján Örn Sigurðsson skoraði sjálfsmark. Rosenborg hafði áður tryggt sér meistaratitilinn. - vig



FRÁBÆR ÁRANGUR Kvinnasveit Gerplu sést hér stilla saman strengi sína á síðustu æfingu sinni fyrir Evrópumótið.

Evrópumótið í hópímleikum í Tékklandi:

Gerpla vekur mikla athygli

FIMLEIKAR Árangur kvinnasveitar Gerplu á Evrópumótinu í hópímleikum sem fór fram í Tékklandi um helgina hefur vakið gríðarlega athygli innan fimleikahreyfingarinnar, en íslensku stúlkurnar unnu til silfurverðlauna á mótinu. Að sögn Jóns Finnbogasonar, formanns Gerplu, á fólk afar bággt með að trúa að sveit frá Íslandi geti náð slíkum árangri enda eru hópímleikar í miklum vexti og njóta mikilla vinsælda hjá öðrum Norðurlandþjóðum.

„Það að sveit frá Íslandi skuli ná öðru sæti þykir með ólíkindum, enda erum við lítið land og með miklu færri iðkendur en aðrar þjóðir á mótinu. Við stefndum á að komast í sex-liða úrslit fyrir mótið og þótti það nokkur bjartsýni. Við lítum því á 2. sæti sem gríðarlegt.

Valsarar lögðu Íslandsmeistarana

Valur komst aftur upp í efsta sæti DHL-deildar karla með því að vinna öruggan fimm marka sigur á Fram í Laugardalshöll í gær. Valsmenn voru mun hnitmiðaðri í sínum aðgerðum og vel að sigrinum komnir.

HANDBOLTI „Við lentum í því gegn HK að ná þægilegri stöðu en svo misstum við hana niður. Það er jákvætt að við náðum að læra af þeim mistökum og bæta leik okkar,“ sagði Markús Máni Michaelsson eftir að Valur vann Fram 30-25 í gær. „Við höfum mjög sterkt lið og ekkert annað kom til greina en að ná sigri í þessum leik. Sigurvejinn var svo sannarlega til staðar og við komum ákveðnir í þennan leik.“

Markús var markahæstur í liði Valsmanna með átta mörk en þar af komu fimm úr vítaskotum. Þessi leikur var stærsti leikur tímabilsins til þessa en Valsmenn byrjuðu af krafti og fyrstu þrjú mörkin voru þeirra. Þá vöknudu Framarar og jafnræði var með liðunum nánast allan fyrri hálfleikinn. Rétt fyrir hálfleik kom þó kraftmikill kaflí frá heimamönnum og þeir höfðu 14-10 forystu í hálfleik.



VALSARAR Í FORMI Ernir Hrafn Arnarson og félagar hans í Val eru á toppi DHL-deildarinnar. Íslandsmeistarar Fram áttu litla möguleika í leiknum í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Sóknir Vals voru mun hnitmiðaðri en hjá mótherjum þeirra og það hafði sitt að segja. Hart var barist í leiknum og mikið um brott-

visanir. Forysta Vals var aldrei í umtalsverðri hættu í seinni hálfleiknum, liðið náði mest sjö marka forskoti og vann á endanum algjör-

lega verðskuldaðan sigur, 30-25. Liðið er því í toppsæti deildarinnar og hefur hingað til staðið undir þeim væntingum sem gerðar voru til þess.

„Við ætlum okkur svo sannarlega að standa undir þeim kröfum sem við gerum til okkar. Við vorum á heimavelli og það hefur verið mikið álag á Frómurum svo það var algjörlega klárt hjá okkur að við ættum að ná sigri í þessum leik og það tókst,“ sagði Markús Máni. Hjá Fram var Jóhann Gunnar Einarsson eins og oft áður bestur en hann skoraði alls ellefu mörk. Hann skoraði þar af sjö af tíu mörkum Framliðsins í fyrri hálfleik.

Það er ljóst að Íslandsmeistarar Fram þurfa að fara að gyrða sig í brók en árangur liðsins í deildinni hefur verið undir væntingum það sem af er. Liðið er sem stendur í fallsæti með aðeins þrjú stig úr fjórum leikjum. - egm

Tveir leikir í Iceland Express-deild karla í körfubolta fóru fram í gærkvöldi:

Njarðvík tapaði sínum fyrsta leik

KÖRFUBOLTI Snæfell gerði sér lítið fyrir og lagði Íslandsmeistarar Njarðvíkur af velli á heimavelli sínum í Stykkishólmi í gær. Gestirnir áttu aldrei roð í fríska heimamenn sem lögðu grunninn að 88-70 sigri með frábærri spilamennsku í fyrri hálfleik þar sem þeir fóru hreinlega á kostum, jafnt í vörn sem sókn.

Í hálfleik var staðan 47-28 og

því ljóst að róðurinn yrði þungur fyrir Njarðvíkinga í síðari hálfleik. Hann átti þó aðeins eftir að þyngjast því Snæfell náði mest 24 stiga forystu í síðasta leikhlutunum en gaf svo aðeins eftir á lokakafnanum. Magni Hafsteinsson átti frábæran leik í liði heimamanna og skoraði 30 stig en hjá Njarðvík var Jeb Ivey stigahæstur með 18 stig. Miklu munaði um að lykilmenn á borð við Brenton Birmingham og Friðrik Stefáns-son fundu sig engan veginn í leiknum en Snæfellingar spiluðu frábæra vörn á þá allan leikinn og til að mynda náði Friðrik aðeins að skora tvö stig í leiknum.

Í Keflavík unnu heimamenn öruggan sigur á ÍR-ingum, 95-72. Gestirnir úr Breiðholtinu mættu baráttuglaðir til leiks og stöðu lengi vel í heimamönnum. Á endanum sýndi sig þó að breiddin hjá Keflavíkurlíðinu er töluvert meiri og þeir náðu rúmlega tuttugu stiga sigri. Keflavík var með sjö stiga forskoti í hálfleik en sigldi örugglega framúr í þeim síðari.

„Við spiluðum vörnina nokkuð vel en sóknarleikurinn var frekar tilviljanakenndur og þá sérstaklega í fyrri hálfleiknum. Í byrjun seinni hálfleiks náðum við síðan ágætis rispu og það skipti miklu



Í GANG Í SÍÐARI HÁLFLEIK Keflavíklingar stungu Breiðhyllinga af eftir hlé í gær og komu sér upp í 3. sæti deildarinnar. FRÉTTABLAÐIÐ/VÍKURFRÉTTIR

máli,“ sagði Sigurður Ingimundarson, þjálfari Keflavíkur, eftir leikinn. ÍR-ingar mættu aðeins átta til leiks í gær en meislari hrjá liðið. Þeir þurftu því að jatta sig sigraða gegn liði Keflavíkur sem hefur þó oft spilað betur en í gær.

Með sigrinum í gær er Snæfell komið með 10 stig í Iceland Express-deildinni eða jafnmörg stig og Njarðvík á toppi deildarinnar. Sigur Keflavíkinga kemur þeim upp í þriðja sætið en sjöttu umferðinni lýkur síðan á miðvikudag með fjórum leikjum. - vig- egm

ÚRSLIT LEIKJA Í GÆR

DHL-deild karla

VALUR - FRAM	(14-10)	30-25
Mörk Vals (skot): Markús Máni Michaelsson 8/5 (14/6), Ernir Hrafn Arnarson 5(8), Elvar Friðriks-son 3(3), Hjalti Pálmason 3(4), Arnór Gunnarsson 3/1(7/1), Baldvín Þorsteinsson 2(3), Ingvar Árnason 1(1), Sigurður Eggertsson 1(2), Davíð Höskuldsson (1), Fannar Friðgeirsson (1).		
Vörn skot: Ólafur Gíslason 13/1. Hraðaupp- hlaup: 2 (Baldvín 2). Fiskuð víti: 6 (Davíð 2, Hjalti, Baldvín, Gunnar, Fannar, Egir) Útan valla: 16 mínútur.		
Mörk Fram (skot): Jóhann Gunnar Einarsson 11/5(18/7), Sigfús Sigfússon 5(7), Þorri Björn Gunnarsson 4(5), Einar Ingi Hrafnsson 3/2(5/2), Daniel Berg Grétarsson 1(2), Guðjón Drengsson 1(3), Rúnar Kárasón (1), Haraldur Þorvarðarson (1), Andri Berg Haraldsson (3).		
Vörn skot: Björgvin Gústavsson 16/1. Hraðaupp- hlaup: 3 (Jóhann Gunnar). Fiskuð víti: 9 (Daniel 2, Sigfús 2, Einar Ingi 2, Þorri, Andri Berg, Jóhann Gunnar) Útan valla: 8 mínútur.		

STADAN:

VALUR	5	4	0	1	139-129	8
HK	5	3	1	1	128-117	7
FYLKIR	4	2	1	1	104-107	5
STJARNAN	5	2	0	3	141-142	4
HAUKAR	5	1	2	2	146-155	4
AKUREYRI	3	1	1	1	89-84	3
FRAM	4	1	1	2	106-108	3
ÍR	5	1	0	4	133-144	2

Iceland Express-deild kvk.

GRINDAVÍK - HAUKAR	82-108
Haukastúlkur eru elstar í deildinni með átta stig eftir fjóra leiki en Grindavík er í 3. sæti með fjögur stig eftir fjóra leiki.	

Tottenham vann sinn fyrsta heimasigur á Chelsea í næstum 20 ár:

Mikill hasar í leikjum gærdagsins

FÓTBOLTI Chelsea og Arsenal þurftu bæði að sætta sig við tap í leikjum sínum í ensku úrvalsdeildinni í gær en segja má að London hafi verið á öðrum endanum þegar West Ham tók á móti Arsenal og Tottenham fékk Chelsea í heimsókn. Báðir leikirnir reyndust hin besta skemmtun og greinilegt að ástríðan tekur völdin hjá leikmönnum í slíkum nágrannaslögum.

Það var hinn 19 ára gamli Aaron Lennon sem reyndist hetja Tottenham gegn Chelsea í gær þegar hann skoraði sigurmark liðsins í upphafi síðari hálfleiks með glæsilegu vinstri-fótari skoti. Áður hafði Claude Makelele komið Chelsea yfir en Michael Dawson jafnaði metin á fyrstu 20 mínútum leiksins. Þetta var fyrsti heimasigur Tottenham á Chelsea síðan 1987 og stigu stuðningsmenn liðsins stríðsdans á pöllunum eftir að flautað hafði verið til leiksloka. John Terry fékk reisuþessann í síðari hálfleik eftir að hafa fengið að líta sitt annað gula spjald fyrir kjaftbrúk.

Litlu munaði að Arsene Weng-



EKKI SÁTTUR Arsene Wenger hrinti Alan Pardew undir lok leiks West Ham og Arsenal í gær og mátti engu muna að þeir hefðu slegist. NORDICPHOTOS/GETTY IMAGES

er, stjóri Arsenal, og Alan Pardew hjá West Ham lentu í handalögmálum eftir að Marlon

Harewood hafði skorað markið sem réð úrslitum í viðureign liðanna í gær á 89. mínútu. Wenger og Pardew lenti saman með þeim afleiðingum að sá franski hrinti Pardew. Stjórnarnir hnakkristust en voru skildir í sundur áður en hnefarnir fóru á loft.

Pardew sá þó að sér eftir að leik lauk og baðst afsökunar á framferð sínu. „Mér þykir leitt að þetta hafi gerst. Ég var einfaldlega að fagna marki minna manna og Wenger hlýtur að hafa túlkað mig eitthvað vitlaust. Ég meinti ekkert með þessu og þetta var ekkert persónulegt gagnvart Wenger. Ef ég hef móðgað hann biðst ég afsökunar,“ sagði Pardew. Sigur West Ham þótti sanngjarn þar sem Arsenal náði ekki að sýna sitt rétta andlit.

Úrslit gærdagsins þýða að Manchester United er eitt á toppnum með 28 stig, þremur stigum meira en Chelsea. Aston Villa komst upp í 6. sæti með góðum 2-0 sigri á Blackburn í gær og þá er Tottenham komið upp í 10. sæti með sigrinum í gær. - vig

HVAR VERÐUR ÞÚ?

FÖSTUDAGINN 17. NÓVEMBER KL. 20:30

X-FACTOR HEFUR GÖNGU SÍNA 17. NÓVEMBER Á STÖÐ 2. ÞETTA ER STÆRSTI SJÓNVARPSVIÐBURÐUR VETRARINS OG VERÐUGUR ARFTAKI IDOL STJÖRNULEITAR. FRÁBÆR FJÖLSKYLDUSKEMMTUN Á HVERJU FÖSTUDAGSKVÖLDI.



SAGA X-FACTOR

X-Factor er hæfileikakeppni hönnuð af Simon Cowell Idol-dómara. X-Factor sló öll áhorfsmet í Bretlandi og er meira að segja orðin vinsælli en Idol.



X-FACTOR Á ÍSLANDI

X-Factor sem hefst 17. nóvember verður án efa stærsti sjónvarpsviðburður í tuttugu ára sögu Stöðvar 2 og verðugur arftaki Idol Stjörnuleitar.



ÁHEYRNARPRÓFIN SKRAUTLEG

Áheyrnarprófin sem fóru fram 3. og 14. október voru skemmtilegri og skrautlegri en nokkru sinni áður.



FJÖLBREYTTARI KEPPNI

Fólk á öllum aldri og sönghópar keppa í X-Factor sem er ólíkt því sem var í Idol Stjörnuleit.



SLAGUR DÓMARANNA

Þegar 90 keppendur eru eftir er þeim skipt í þrjá hópa. Dómararnir taka að sér hver sinn hóp og keppast um að skapa næstu poppstjörnu Íslands.



ÚRSLITIN Í BEINNI

Þeir 12 hæfileikaríkustu keppa til úrslita í beinum útsendingum.

ÁSKRIFTARTILBOÐ
4.999 KRÓNUR*
STÖÐ 2 BÍÓ FYLGIR FRÍTT MEÐ

* GEGN SEX MÁNÁÐA BINDINGU

Í SAMSTARFI VIÐ



ÁSKRIFT: 515 6100 | WWW.STOD2.IS | VODAFONE



GOTT FOLK MCCANN

> Jay Leno

Fæddist í New Rochelle í New York-ríki 28 apríl 1950. Var búinn að vera frægur grínisti í mörg ár áður en honum var boðið að vera með „The Tonight Show“ sem gerði hann að alþjóðlegri stjörnu. Hefur verið með þáttinn frá árinu 1992. Þið getið náð honum Jay á Skjá Einum í kvöld.



dagskrá



VIÐ TÆKIÐ SVAVAR HÁVARÐSSON VILL AÐ KVENNAKNATTSPYRNU SÉU GERÐ BETRI SKIL

Þjóðin elskar hjólbeinóttar konur

Fátt gleður augað meira en góður kvennaknattspyrnu-leikur. Ég er því knúinn til þess að kvarta yfir dæmalausu andvaraleysi allra þeirra sem sjá um að velja efni til sýninga í sjónvarpi og spyr: Af hverju er ekki sýnt meira af þessu frábæra sjónvarpsefni? Sérstaklega í ljósi þess að mjög erfitt virðist að finna gott efni af öðrum toga sem allir hafa gaman af. Væri ekki hugmynd að endursýna valda leiki frá mótum sumarsins á meðan svartasta skammdegið borar í mann köldum klómum og sjónvarpið er manns einasta huggun? Kvinnaknattspyrna er frábært sjónvarpsefni fyrir margra hluta sakir. Það er bannað að skora færri en tíu mörk í hverjum leik svo það er alltaf eitthvað að gerast. Hvaða reglur eru notaðar til að ákveða hvort liðið fær að skora mörkin í hverjum leik fyrir sig hafa þó aldrei verið gefnar upp. Ég held að það hafi eitthvað með það að gera hvernig búningarnir eru á litinn. Svo leiftrandi hröð er knattspyrna kvenna að hún er

ávallt sýnd hægt. Eins og þegar mörk í karlaknattspyrnu eru endursýnd svo maður missi ekki af neinu. Ég varð vitni að þessu í sumar þegar ég fór í fyrsta skipti á völinn til að horfa á kvennaleik. Annað liðið mætti ekki en leikurinn fór samt 3-0. Ég sá mörkin aldrei skoruð enda óvanur að horfa á kvennaknattspyrnu spilaða á eðlilegum hraða.



Það er til marks um það hvað kvennaknattspyrna er vinsælt sjónvarpsefni að það mætir aldrei nokkur maður á kvennalandsleiki. Allir horfa heima enda hraðinn í landsleikjum enn meiri en í deildarleikjum. Kannski er það þess vegna sem landsliðskonum er borgað minna en landsliðskörum. Og kannski er því eðlilegt að viðra þá hugmynd að það séu sjónvarpsstöðvarnar sem eigi að borga laun kvennalandsliðsins. Nóg hljóta þær að græða þegar öll þjóðin er límd við skjáinn í hvert sinn sem stelpurnar okkar spila landsleik, eða þegar kvennafótbolti er sýndur yfirleitt.


EKKI MISSA AF



▶ **13.50 Mr. Bean STÖÐ 2**



▶ **18.00 Anchorman STÖÐ 2 BÍÓ**



▶ **20.00 Whose Life Is It TCM**



▶ **20.10 One Tree Hill SKJÁR EINN**



▶ **21.00 Hogan Knows Best E! ENTERTAINMENT**

SIJÓNVARPIÐ

- 15.45 Helgarsportíð**
16.10 Ensku mörkin Sýndir verða valdir kaflar úr leikjum síðustu umferðar í enska fótbolttanum.
17.05 Leiðarljós (Guiding Light)
17.50 Táknmálsfréttir
18.00 Myndasafnið
▶ **18.01 Alda og Bárá (23:26)** (Ebb and Flo)
18.08 Bú! (12:26) (Boo!)
18.16 Lubbi læknir (35:52) (Dr. Dog)
18.30 Vistaskipti (23:26) (Foreign Exchange)Þáttaröð um ástralskan strák og írsku stelpu sem finna gátt sem þau geta farið um milli landanna tveggja og á ferðalögum sínum lenda þau í margvíslegum ævintýrum.
19.00 Fréttir, íþróttir og veður
19.35 Kastljós
20.20 Greina hundar krabbamein? (Horizon: Can Dogs Smell Cancer)Bresk heimildamynd um tilraunir til að þjálfa hunda til að þefa uppi krabbamein í fólki.
21.15 Glæpahneigið (17:22) (Criminal Minds)Bandarísk þáttaröð um sérsvéit lögreglumanna sem hefur þann starfa að ryta í persónuleika hættulegra glæpamanna til þess að reyna að sjá fyrir og koma í veg fyrir frekari illvirki þeirra. Meðal leikenda eru Mandy Patinkin, Thomas Gibson, Lola Glaudini og Shemar Moore.
22.00 Tíufréttir
22.25 Ensku mörkin Sýndir verða valdir kaflar úr leikjum síðustu umferðar í enska fótbolttanum. e.
23.20 Spaugstofan Endursýndur þáttur frá laugardagskvöldi.
23.45 Kastljós
0.30 Dagskrárlok

BÍÓ STÖÐ 2 BÍÓ

- 6.00 Wind in the Willows** **8.00 The Kid Stays in the Picture** **10.00 Anchorman: The Legend of Ron Burgundy** **12.00 Welcome to Mooseport** **14.00 Wind in the Willows** **16.00 The Kid Stays in the Picture**
▶ **18.00 Anchorman: The Legend of Ron Burgundy** **20.00 Welcome to Mooseport** **22.00 A Man Apart** **0.00 Torque** **2.00 They** **4.00 A Man Apart**

SKJÁREINN

- 6.58 Ísland í bítið**
9.00 Bold and the Beautiful
9.20 Í fínu formi 2005
9.35 Oprah (118:145)
10.20 Ísland í bítið (e)
12.00 Hádegisfréttir
12.40 Neighbours
13.05 My Sweet Fat Valentina
▶ **13.50 Mr. Bean** (Herra Bean) Hinn eini sanni herra Bean snýr aftur í þessum kostulega gamanþætti og lendir að sjálfsgöðu í óþorganlegum ævintýrum. (10:14)Herra Bean skellir sér aftur í skóla - með grátbroslegum afleiðingum. Aðalhlutverk: Rowan Atkinson.
14.15 Right on Track **15.40 Ljónagrín**
16.00 Skrimslaspilið (27:49) (Yu Gi Oh)
16.20 Títuf
16.45 Ginger segir frá
17.10 Smá skrítnir foreldrar
17.30 Véla-Villi (Engie Benjy)
17.40 Bold and the Beautiful
18.05 Neighbours
18.30 Fréttir, íþróttir og veður
19.00 Ísland í dag
19.40 The Simpsons (4:21) (e)
20.05 Extreme Makeover: Home Edition (17:25) (Hús í andlitslyftingu)
Þúsundþjalasmiðurinn Ty Pennington og handlagna gengið hans góðhjartaða halda áfram að koma fjárvana fjölskyldum í opna skjöldu með að gera rækilegar endurbætur á hýbýlum þeirra. Leyfð öllum aldursþópum.
21.30 The Kindness of Strangers
22.40 Crossing Jordan (7:21)
23.25 60 mínútur Virtasti og vinsælasti fréttaskýringarþáttur í heimi snýr aftur á Stöð 2. Á hverju mánudagskvöldi er sýndur spánýr, vikugamall þáttur þar sem reyndustu fréttaskýrendur Bandaríkjanna fjalla um mikilvægustu málefni hverrar stundar.
0.10 Prison Break
0.55 Shergar
2.30 The Inside (9:13)
3.10 NCIS (17:24)
3.55 Crossing Jordan (7:21) Morðóð hermikráka gengur laus og heldur Boston-búum í heljargreipum. Til þess að hafa hendur í hári morðingjans þurfa Jordan og félagar að leita til fyrirmyndarinnar, sem gerist óþægilega persónulegur gagnvart Jordan. Bönnuð börnum.
4.40 Fréttir og Ísland í dag Fréttir og Ísland í dag endursýnt frá því fyrir í kvöld.
5.50 Tónlistarmyndbönd frá Popp TÍVÍ

SKJÁREINN

- 7.00 6 til sjö (e)**
8.00 Dr. Phil (e)
8.45 Gegndrepa (e)
15.55 Game tívi (e)
16.20 Beverly Hills 90210
17.05 Rachael Ray - NYTT! Glænýr spjallþættir sem hafa vakið mikla athygli í Bandaríkjunum. Rachael Ray hefur verið kölluð hin nýja Oprah, enda er Oprah Winfrey hennar stærsti aðdáandi og einn af framleiðendum þáttanna. Gestur fyrsta þáttarins er Diane Sawyer. Rachael útbýr gömsæta máltíð á sjö mínútum og stekkur út úr flugvél í fyrsta sinn.
18.00 6 til sjö
19.00 Melrose Place
19.45 Trailer Park Boys (e)
▶ **20.10 One Tree Hill - NYTT!** Fjórða þáttaröð þessarar vinsælu unglingserú þar sem áhorfendur fá húmor, drama og bullandi rómantik - allt í einum pakka! Þriðja þáttaröð endaði með miklum látum og það eru margir lausir endar. Nathan lagði líf sitt í hættu og Lucas er búinn að klúðra ástarmálum sínum.
21.00 Survivor: Cook Islands Survivor keppnin fer nú fram í þrettánda sinn og í þetta skiptið fer keppnin fram á Cook Islands í Kyrrahafi. Líkt og í síðustu þáttaröð er alltaf einn keppandi sendur í útleð þar sem hann er einangraður frá félögum sínum en fær um leið tækifæri til að leita að friðhelgisgoðinu friðhelgisgoðinu sem getur komið sér vel seinna meir.
22.00 Law & Order Bandarískur þáttur um stórf rannsóknarlögreglumanna og sak-sóknara í New York. Veðmangari er myrtur og félagi hans er handtekinn fyrir glæpinn. Verjandi hans notar óvenjulega aðferð í réttarsalnum.
22.50 Jay Leno Spjallþáttur á léttum nótum.
23.35 C.S.I.: New York (e) Bandarísk sakamála-sería.
0.25 Casino (e) Bandarísk raunveruleika-sería.
1.15 Beverly Hills 90210 (e)
2.00 Melrose Place (e)
2.45 Óstöðvandi tónlist

SIJÓNVARP NORÐURLANDS

Fréttabútturinn Korter er sýndur kl.18.15 og endursýndur á klukkutíma fresti til kl. 9.15

OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

SIRKUS TV

- 18.00 Insider (e)** Í heimi fræga fólksins eru góð sambönd allt sem skiptir máli. Og þar er enginn með betri sambönd en The Insider. Í þessum þáttum fara stjórnmendurnir með okkur í innsta hring stjarnanna þar sem við fáum að sjá einkaviðtöl, nýjustu upplýsingar og sannleikann á bakvið heitasta slúðrið í Hollywood. Þessir skemmtilegu þættir koma frá sömu framleiðendum og Entertainment Tonight. Leyfð öllum aldursþópum.
18.30 Fréttir NFS
19.00 Ísland í dag
19.30 Seinfeld Jerry, George, Elaine og Kramer halda uppteknum hætti í einum vinsælasta gamanþætti allra tíma.
20.00 Entertainment Tonight
20.30 My Name is Earl
21.00 Tekinn Skemmtikrafturinn og sjónvarpsstjarnan Auðunn Blöndal stjórna þættinum Tekinn, þætti sem er í anda Punk' d með Ashton Kutcher. Auðið hrekkir þjóðþekkt einstaklinga og tekur allt saman upp á faldar myndavélar. Með aðstoð vina og ættingja „fornalambanna“ verða stjórnmunar leiddar í gildir þar sem leikarar í hinum ýmsum gervum gera allt sem í þeirra valdi stendur til að pirra, hraða og hrella viðkomandi. Allt þetta er gert undir stjórn Audda.
21.30 So You Think You Can Dance 2
22.25 So You Think You Can Dance 2
23.30 Weeds (e)
0.00 Insider
0.25 24 (17:24) (e) Bönnuð börnum.
1.10 24 (18:24) (e) Bönnuð börnum.
1.55 Seinfeld (e)
2.20 Entertainment Tonight (e) Í gegnum árin hefur Entertainment Tonight fjallað um allt það sem er að gerast í skemmtana-bransanum og átt einkaviðtöl við frægar stjórnu. Nýjar fréttir af fræga fólkinu, kvikmyndum, sjónvarpi, tónlist, tisku og alls kyns uppákomur sem gerast í bransanum eru gerð góð skil í þessum frægu þáttum.
2.45 Tónlistarmyndbönd frá Popp TV

SKJÁR SPORT

- 14.00 Watford - Middlesbrough frá 04.11**
16.00 Tottenham - Chelsea (e) frá 05.11
18.00 Þrumuskot 19.00 Liverpool - Reading (e) frá 04.11
21.00 Að leikslökum (b)
22.00 Ítölsku mörkin
23.00 Þrumuskot (e)
0.00 Enski boltinn
2.00 Dagskrárlok



HAGSTJÓRNARVANDINN -HORFT TIL FRAMTÍÐAR

DAVÍÐ ODDSSON, FORMAÐUR BANKASTJÓRNAR SEÐLABANKA ÍSLANDS, RÆÐIR STÖÐU EFNAHAGSMÁLA Í TÍLEFNI AF ÚTGÁFU PENINGAMÁLA

MORGUNVERÐARFUNDUR KL. 8:15-9:45 ÞRIÐJUDAGINN 7. NÓVEMBER 2006

UMRÆÐUR AÐ LOKINNI FRAMSÖGU

- ▶ **Arnór Sighvatsson** aðalhafnifráðgjafi Seðlabanka Íslands
- ▶ **Ásgeir Jónsson** forstöðumaður greiningardeildar KB banka
- ▶ **Edda Rós Karlsdóttir** forstöðumaður greiningardeildar Landsbankans
- ▶ **Ingólfur Bender** forstöðumaður greiningardeildar Glitnis

Tryggvi Þór Herbertsson, forstöðumaður Hagfræðistofnunar HÍ, stjórna umræðum


Fundargjald með morgunverði kr. 3.500. Fundurinn er öllum opin en æskilegt er að skrá þátttökufyrirfram á www.vi.is, á fundir@vi.is eða á skrifstofu Viðskiptaráðs í síma 510 7100

SÚLNASALUR, HÓTEL SAGA



VIÐSKIPTARÁÐ ÍSLANDS

Í KVÖLD



SYN

RÁS 1 FM 92,4/93,5

FM 90,9 Talstöðin FM 99,4 Útvarp Saga FM 98,9 Bylgjan FM 95,7 FM957 / Topp
tónlistarstöðin FM 102,2 Útvarp Latibær / Fjölskyldu útvarp FM 102,9 Lindin /
Kristilegt efni FM 96,7 Létt Bylgjan / Tónlist og afþreying FM 105,5 Útvarp Boðun
/ Kristilegt efni FM 89,5 Kiss / Nýja bítið í bænum FM 88,5 XA-Radíó / 12 spora
efni FM 91,9 XFM / Tónlist og afþreying FM 97,7 X-ID / Enginn viðbjóður

DR 1

NK1

1° SVT 1

Í KVÖLD

Sirkus kl. 21.00
TEKINN

Auddi Blöndal heldur áfram upp-teknum hætti í kvöld við að leiða fræga Íslendinga í ansi vandræðalegar gildirur – með þeim afleiðingum að við fáum vonandi að sjá á þeim nýjar hliðar. Að þessu sinni ætlar Auddi að taka fótboltahejtuna og markakónginn Tryggva Guðmundsson. Eins og flestir vita þá hefur þessi knái og marksækni Eyjamaður leikið með FH á undanföllum árum og orðið Íslandsmeistari með FH-ingum hvert árið á fætur öðru. Það fór því vel á því að Auddi skyldi hrekja Tryggva með því að bendla hann við annað lið, einn helsta keppinautinn, KR. Auddi fékk félag Tryggva úr FH, annan mætan Eyjapeyja, Sigurvin Ólafsson, með sér í lið og saman brugðu þeir á það ráð að láta úða stafi KR á bíl Tryggva. Að sjálfsögðu sýður á Tryggva þegar hann sér þessi svírðilega skemmdarverk sem unnin hafa verið á bíl hans og hans trygggi vinur Sigurvin býðst til að hringja á lögregluna.

▶ VIÐ MÆLUM MED
Gleymdu börnin
Á RÚV KL. 20.00

Ríkissjónvarpið í samvinnu við SOS barnaþorp mun sýna í kvöld heimildarmyndina Gleymdu börnin. Þessi mynd er hluti af fjögurra mynda seríu sem Ríkissjónvarpið sýnir og er þessi mynd númer tvö í röðinni. Fyrsta myndin greindi frá SOS barnaþorpum í Bólivíu og þeirri neyð og fátækt sem börn þurfa að búa við þar. Í þessari mynd er skyggnst inn í líf fátækra barna í Kambódíu sem er eitt af fátækustu ríkjum í Asíu.



RÁS 1 FM 92,4/93,5

6.45	Veðurfregni	6.50	Bæn	7.00	Fréttir	16.13	Hlaupanótan	
7.05	Morgunvaktin	8.00	Fréttir	9.00	Fréttir	17.00	Fréttir	
9.05	Laufskálinn	9.45	Morgunleikfimi			17.03	Viðsjá	
10.00	Fréttir	10.03	Veðurfregni	10.13	Stefnumót	11.00	Fréttir	
				11.03	Samfélagið í nærmynd		18.00	Kvöldfréttir
							18.24	Auglýsingar
							18.25	Spegillinn
							18.50	Dánarfregni og auglýsingar
							19.00	Vitinn
							19.30	Laufskálinn
							20.10	Söngvamáll
							21.00	Heimurinn okkar
							21.55	Orð kvöldsins
							22.00	Fréttir
							22.10	Veðurfregni
							22.15	Úr tónlistarlifinu: Reykholtshátíð 2006
							0.00	Fréttir
							0.10	Útvarpað á samtengdum rásum

FM 90,9 Talstöðin FM 99,4 Útvarp Saga FM 98,9 Bylgjan FM 95,7 FM957 / Topp tónlistarstöðin FM 102,2 Útvarp Latibær / Fjölskyldu útvarp FM 102,9 Lindin / Kristilegt efni FM 96,7 Létt Bylgjan / Tónlist og afþreying FM 105,5 Útvarp Boðun / Kristilegt efni FM 89,5 Kiss / Nýja bítið í bænum FM 88,5 XA-Radíó / 12 spora efni FM 91,9 XFM / Tónlist og afþreying FM 97,7 X-ID / Enginn viðbjóður

SYN

17.15 US PGA Tour 2005 - Bein útsending 6 (The Tour Championship) Útsending frá lokadegi The tour Championship á PGA mótaröðinni í golfi.

21.15 Spænsku mörkin Ítarleg umfjöllun um síðustu umferð í spænska boltanum. Mörkin úr öllum leikjum umferðarinnar, tilþrífir og umdeildu atvikin.

22.00 Ensku mörkin Farið yfir allt það helsta sem gerðist í liðinni umferð í ensku 1. deildinni í knattspyrnu. Mörg félöganna í þessari deild eru með íslenska leikmenn á sínum snærum og því kærkomið að fá tækifæri til þess að fylgjast með tilþrífum þeirra í hverri einustu umferð.

22.30 KF Nörd (10:15) (KF Nörd) Mikið hefur verið lagt á Nördana í undanföllum þáttum og þegar þannig ber undir þurfa menn að fá hvíld til þess að hlaða rafhlöðurnar. Hvíldin er Nördunum væntanlega kærkomin en til þess að hrista upp í félagsandanum í leiðinni var brugðið á það ráð að fara með þá til Vestmannaeyja.

23.15 Heimsmótaröðin í Póker (Caribbean Poker Adventure) Snjöllustu pókerspilarnar veraldar koma saman á heimsmótaröðinni en hægt er að fylgjast með frammistöðu þeirra við spilaborðið í hverri viku á Syn. Póker á sér merka sögu en til er ýmis afbrigði spilsins. Á seinni árum hefur póker átt miklum vinsældum að fagna víða um heim og kemur margt til. Ekki síst veglegt verðlaunafé sem freistar margra. Á mótaröðinni er spilað fyrirkomulagið Texas hold em sem er hvað skemmtilegast fyrir áhorfendur.

DR 1

11.40 Debatten 12.20 Udefra: Talibanerne vender tilbage 13.20 Danmark Ekspeditionen 13.50 Nyheder på tegnsprog 14.00 TV Avisen med vejret 14.10 Dawsons Creek 15.00 Hjerteflimmer 15.30 Boogie Update 16.00 Kat i hundeklæder 16.05 Yu-Gi-Oh! 16.30 Troldspejlet 17.00 Den hvide sten 17.30 TV Avisen med Sport og Vejret 17.55 Dagens Danmark 18.25 TV Avisen 18.30 Genbrugsguld 19.00 Søren Ryge besøger Lis og dyrene 19.30 De store katte 20.00 TV Avisen 20.25 Horisont 20.50 SportNyt 21.00 Mistænkt 7: Sidste akt 22.35 OBS 22.40 Viden om 23.10 Boogie Update

NRK1

11.50 Tom og Jerry 12.00 Siste nytt 12.05 Schrödingers katt 12.30 Arbeidsliv 13.00 Siste nytt 13.05 Allehelgensdustjeneste fra Ishavskatedralen i Tromsø 14.00 Siste nytt 14.05 Jan tar regien 14.30 Den blå sandens hemmelighet 15.00 Siste nytt 15.03 Nørdland 15.30 Amigo 16.00 Siste nytt 16.10 Oddasat - Nyheter på samisk 16.25 Tid for tegn 16.40 Mánad-TV - Samisk barne-tv 16.55 Nyheter på tegnspråk 17.00 Harry med betta full av dinosaurer 17.10 Gubben og katten 17.25 Vennene på Sollekken 17.40 Distriktshyter 18.00 Dagsrevyen 18.30 Puls 18.55 Faktor: Mari og Camillas baby 19.25 Redaksjon EN 19.55 Distriktshyter 20.00 Dagsrevyen 21 20.30 Koht i familien 21.00 Dok1: Sukkerslaver 22.00 Kveldsnytt 22.10 Store Studio 22.50 Inspektør Morse

SVT 1

12.00 Sportspegeln 13.25 Korridoren 15.00 Rapport 15.10 Gomorron Sverige 16.00 Garage - Alaska film! 16.30 Krokodill 17.00 Små Einsteins 17.30 Zoé Kézako 17.45 Klistert 18.00 Lilla sportspegeln 18.30 Rapport 19.00 En uppstoppad hund 20.00 Plus 20.30 Kobra 21.00 Supernatural 21.45 Rapport 21.55 Kulturhyeterna 22.05 Fosterlandet 23.05 Humorlabbet: Grotesco Royal 23.35 Sändning från SVT24

Ljúffengar Mini Brownies með unaðslegri, mjúkrí súkkulaðifyllingu er frábært að bera á borð fyrir gesti eða þegar þú vilt dekra við þig.

unaðsleg, mjúk súkkulaðifylling

Göteborgs



SKJÁREINN

IH
ICELANDAIRHOTELS

TÓNLISTARVIÐBURÐUR ÁRSINS

MAGNI

FIMMTUDAGURINN 30. NÓVEMBER

Í LAUGARDALSHÖLLINI

MIDASALA HEFST KLUKKAN TÓLF Á HÁDEGI,
ÞRIÐJUDAGINN 7. NÓVEMBER HJÁ MIDI.IS OG Í VERSLUNUM SKÍFUNNAR.

TOBY

STORM

DILANA

HÚSBANDIÐ ÚR ROCK STAR: SUPERNOVA

FRÉTTABLAÐIÐ

SÍMANÚMÉR FRÉTTABLAÐSINS: 550 5000, fax: 550 5099 Rítstjórn: 550 5005, fax: 550 5006, ritstjorn@frettabladid.is
DREIFING: dreifing@posthusid.is Auglýsingadeild: auglysingar@frettabladid.is Veffang: visir.is

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR

SMÁUGLÝSINGASÍMINN ER 550 5000

Skilagjaldið er
10 krónur
fyrir vín, öl og gosdrykkjarumbúðir



ENDURVINNSLAN HF
Knarrarvogi 4, Rvk.



BAKÞANKAR

ÞRÁINS BERTELSSONAR

Að vernda mannorð

Undanfarna daga hefur Ekstra-
bladet birt greinaflokk þar
sem látið er að því liggja að marg-
vísleg erlend umsvif Íslands bestu
sona tengist ósiðlegum og jafnvel
ólöglegum viðskiptaháttum, pen-
ingavætti, skúffufyrirtækjum,
skattaskjólum, mafú, banka-
svindli og alls konar svívirðu sem
þjóðhollir, íslenskir blaðamenn
mundu aldrei láta sér detta í hug
að bendla landa sína við.

AÐ sjálfsögðu vitum við að þessi
rætnu skrif eiga sér þá skýringu
að Danir ófunda Íslendinga og sjá
ofsjónum yfir velgengni þeirra
okkar sem nú velta sér upp úr pen-
ingum eins og svín í drafi, enda
telur íslenska leyniþjónustan að
danskir kaupmenn hafi hvað eftir
annað reynt að senda Vítisengla til
Íslands til að leggja landið undir
sig á ný. Hitt er torskildara hvaða
svínslega náttúra kom Dönnum til
að skálda einmitt þessar sögur og
ljúga þeim upp á vammlaus fjár-
málaséni sem svo sannarlega geta
ekki gert að því þótt allt sem þau
snerta verði að gulli.

TIL allrar hamingju hafa vandaðir
aðilar tekið það upp hjá sjálfum
sér að vernda viðkvæmar sálir á
Íslandi gegn því að saurga sak-
leysi sitt með því að handfjatla
þetta sorprít í grandaleysi. Ekstra-
bladet hefur undanfarna daga ekki
verið fánlegt hjá þeirri blaða-
dreifingu sem velur og flytur inn
hollt og uppbyggilegt lesefni um
frægar erlendar persónur fyrir
þjóðina og þar af leiðandi ekki til
sölu í bókaverslunum. Sömu aðilar
eiga einnig prýðilegt bókaforlag
þar sem svo miklar kröfur eru
gerðar til lesmálsins að heilu bóka-
upplögin eru keyrð á öskuhaugana
ef þau standast ekki þær kröfur
sem útgefendur gera til sannleik-
ans.

BEST hefði auðvitað verið að
koma í veg fyrir birtingu þessara
greina með því að kaupa Ekstra-
bladet og breyta fyrirtækinu í
nuddstofu. Því miður er hægt að
lesa hroðann á netinu og vekur
það spurningar um hvernig hægt
sé að vernda hina hreinu áru þjóð-
arinnar fyrir nútímatækni;
íslenskt mannorð þarf greinilega
á vernduðu umhverfi að halda,
þrjú hundruð milljónir til að
hreinsa af okkur hvalablóðið
hrökkva skammt. Ódýrast er þó að
vernda mannorð fyrirfram en ekki
eftir á.



GARMIN NUVI 310
LEIÐSÖGUTÆKI FYLGIR
FRITT MEÐ ÖLLUM X-TRAIL

NISSAN X-TRAIL VERÐLÆKKUN ALLA LEIÐ!

Nissan X-Trail er kröftugur, sérstakur og hentar öllum aðstæðum – hverjar sem þær eru. Þú
átt jafn auðvelt með að leggja fyrir framan fint veitingahús og klöngrast í gjaldrögum. Stillinn
snýst ekki aðeins um glæsilegt útlit. Hönnun fram- og afturenda bílsins er miðuð við að akstur
í torfærum, grjóti og snjó verði auðveldari og að þú sjáir öll fjögur hornin úr ökumannssætinu
og getir stjórnað og lagt X-Trail af öryggi. **Ríkulegur staðalbúnaður:** 4x4, 17" álfelgur, litað
gler, 6 diska geislaspilar, 3 drifstillingar, loftkæling, sjálfskipting, útvarpsfjarstýring.

Komdu og reynsluaktu Nissan X-Trail, hann er leikur á hjólum!

FARÐU ALLA LEIÐ!

Nú býður Ingvar Helgason einnig
glæsilegan breytingarpakka frá Artic
Trucks að verðmæti 450.000 kr. á
aðeins 200.000 kr. aukalega.

Breytingar sem skipta máli!
7 cm hækkun, stærri dekk (29"), krómgrind
krómstigbretti, kastarar, dráttarbeiði.



Bill á mynd er með breytingarpakka frá Artic Trucks.

Nissan X-Trail Sport
Verð aðeins **2.890.000 kr.**
Verð áður ~~3.290.000 kr.~~ **VERÐLÆKKUN!**



Ingvar Helgason

Sævarhófa 2 Sími 525 8000 www.ih.is

Opið: Mánudaga – föstudaga kl. 9.00 - 18.00 og laugardaga kl. 12.00 - 16.00

Umboðsmenn
um land allt

Akranesi
431 1376

Akureyri
464 7940

Höfn í Hornafirði
478 1990

Njardvík
421 8808

Reykjavíki
474 1453

NOKKUR



SÝNINGARELDHÚS
TIL SÖLU VEGNA BREYTINGA
Í VERSLUN!

Mikill afsláttur!!

Komið í Lág múla 8 • Sími 530 2800

ORMSSON